

Döffblaðið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

2. tbl. 8. árg. september 2007



DÖFFMÓT
29. júní - 1. júlí 2007



Heyrnarusir geta ALLT nema heyrt

Eftir Júlíu G. Hreinsdóttur og Kristinn Jón Bjarnason

Í tilefni af degi heyrnarusra 22. september nk. hefur stjórn Félags heyrnarusra ákveðið að dreifa *Döfblaðinu*, fréttabréfi Félags heyrnarusra, með Morgunblaðinu um allt land föstudaginn 21. september.

Þema *Döfblaðsins* er „Heyrnarusir geta gert allt nema heyrt“. Í blaðinu verður fjallað um málefni heyrnarusra og ætlunin er að koma víða við með greinar og viðtöl við fulltrúa frá félögum, stofnunum og öðrum sem þjóna heyrnarusum á einn eða annan hátt.

Þegar blaðið er skoðað, sést að málefni heyrnarusra eru víða sýnileg í þjóðfélaginu. Margir vinna með heyrnarusum, fleiri og fleiri kunna táknaál, Háskóli Íslands útskrifar táknaálstúlka, Samskiptamiðstöð sér um kennslu í táknaáli, Félag heyrnarusra er hagsmunafélag fyrir heyrnaruslausa, hjá Háskóli Íslands er starfandi táknaálstúlkur, nokkrir starfsmenn í Heyrnar- og talmeina- stöð Íslands kunna táknaál, félagið Heyrnarhjálpar fylgist vel með framförum og nýjungum og eflir notkun hjálparbúnaðar, hjá sambýlinu í Lækjarási er táknaálstalandi starfsfólk og íbúar þess eru heyrnarusir



Kristinn Jón Bjarnason og Júlía G. Hreinsdóttir, ritnefnd *Döfblaðsins*.

með aukafatlanir, Síminn er með textasímaþjónustu fyrir heyrnaruslausa, Hlíðaskóli er tvíburaskóli með kennslu á táknaáli og svo mætti lengi telja. Markmiðið blaðsins er að kynna samfélag heyrnarusra og táknaálið fyrir almenningi.

Við viljum þakka öllum sem hafa unnið að blaðinu á einn eða annan hátt, með því að veita viðtöl, skrifa greinar, taka myndir og margt fleira. Margar hendur vinna létt verk. Einnig viljum við þakka sérstaklega starfsmönnum í Samskiptamiðstöð heyrnarusra og heyrnar-

skertra fyrir samstarfið, þar sem margar greinar eru þaðan. Samskiptamiðstöðin er sú stofnun sem heyrnarusir hafa einna mest samskipti við í dag og án hennar væri staða heyrnarusra ekki eins góð og raun ber vitni. Það er mjög mikilvægt að efla kennslu táknaáls en

Samskiptamiðstöðin hefur haldið reglulega námskeið fyrir byrjendur og lengra komna og reynt að hafa alltaf túlka til staðar þegar heyrnarusir þurfa á þeim að halda við ýmsar aðstæður.



Alþjóðlegur baráttudagur heyrnarusra

Alþjóðlegur baráttudagur heyrnarusra er dagana 21. og 22. september. Baráttudagur þessi hefur verið haldinn hátíðlegur víðsvegar um heim í 19 ár en þennan dag nota heyrnarusir tækifærið til þess að vekja athygli á baráttumálum sínum og menningu.

Félag heyrnarusra var stofnað árið 1960 og er heildarsamtök heyrnarusra á Íslandi. Markmið félagsins er að bæta stöðu heyrnarusra og heyrnarskertra í samfélaginu, stuðla að réttindum þeirra til jafns við aðra og rjúfa félagslega einangrun þeirra með öflugu félagslífi, fræðslu og ráðgjöf. Einnig mið-

ar félagið að því að koma upplýsingum til almennings um heyrnarleysi, menningu og tungumál heyrnarusra og íslenska táknaálið.

Undanfarin ár hefur Félag heyrnarusra staðið fyrir sölu í tengslum við dag heyrnarusra og hefur það verið mikilvægur

þáttur í fjáröflun félagsins. Í ár verða seldir pennar með áletruninni „Táknaál er töff.“ Stuðningur almennings í landinu hefur verið ómetanlegur og gert Félagi heyrnarusra kleift að standa vörð um hagsmuni félagsmanna og hefur margt áunnist undanfarin ár. En til að gera enn betur og stuðla að

bættari stöðu heyrnarusra í íslensku samfélagi er áframhaldandi stuðningur nauðsynlegur. Eins og fyrr segir verða pennar til sölu víðsvegar um landið næstu daga og vonast Félag heyrnarusra eftir því að almenningur taki vel á móti sölu-fólki.



Kærar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem stutt hafa starf Félags heyrnarusra í gegnum tíðina.

Sérstakar þakkir til þeirra er styrkt hafa útgáfu þessa rits.

Félag heyrnarusra

Döfblaðið – Fréttabréf Félags heyrnarusra, 2. tölublað 8. árgangur, september 2007

Útgefandi: Félag heyrnarusra, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík // Sími: 561 3560 // Fax: 551 3567 // Netfang: deaf@deaf.is // Veffang: www.deaf.is

Ritstjóri: Kristinn Jón Bjarnason // **Ritnefnd:** Júlía G. Hreinsdóttir og Kristinn Jón Bjarnason // **Að blaðinu unnu:** Anney Þórunn Þorvaldsdóttir, Auður Sigurðardóttir, Júlía Guðný Hreinsdóttir og Kristinn Jón Bjarnason

Prófarkalestur: Morgunblaðið // **Umbrot:** Morgunblaðið // **Prentun:** Landsprent ehf.

Ábyrgðarmaður: Hjördís Anna Haraldsdóttir // **Upplag:** 57.000 eintök **Stjórn Félags heyrnarusra:** Hjördís Anna Haraldsdóttir formaður, Elsa G. Björnsdóttir, Haukur Vilhjálmsson, Heiðís Dögg Eiríksdóttir og Júlía G. Hreinsdóttir. Til vara: Kristín Friðriksdóttir og Kristín Harpa Rögnvaldsdóttir

Framkvæmdastjóri: Kristinn Jón Bjarnason
ISSN: 1670-6013

Stolt af táknmálinu

Eftir Hjördísi Önnu Haraldsdóttur

Laugardagurinn 22. september er alþjóðlegur dagur heyrnlausra og því fögnum við nú um helgina. Dag heyrnlausra höldum við hátíðlegan. Við berum höfuðið hátt og erum stolt af táknmálinu og menningunni okkar en við viljum einnig vekja athygli á baráttumálum og stöðu heyrnlausra í heiminum. Með tímanum hefur baráttumálum heyrnlausra fjölgað og þau orðið mun fjölbreytilegri en áður. Á degi heyrnlausra í ár er áhersla lögð á menntunarmöguleika hérlendis og þróun þeirra. Það er einn dýrmætasti réttur okkar að mega njóta þeirra mannréttinda sem felast í menntun, því að „enginn getur tekið menntun frá þér“. Þeirra forréttinda fá ekki allir heyrnlausir að njóta. Það býr svo margt í menntun, ekki bara það að öðlast starfsréttindi til þess að fá betri vinnu, heldur einnig aukinn skilningur á heiminum og möguleiki á að bæta við þekkingu sína á eigin forsendum.

Við lifum á upplýsinga- og tækniöld. Upplýsingarnar má nálgast allsstaðar og með tilkomu veraldarvefsins hefur opnast upplýsingagátt fyrir alla sem eru læsir og hafa aðgang að honum. Þar getur hver og einn aflað sér aukinnar menntunnar þegar honum hentar. Jafnvel sú upplýsingagátt er þeim sem ekki fá að njóta menntunnar frumskógur upplýsinga, frekar en brunnur þekkingar. Það hafa nefnilega ekki allir heyrnlausir sama möguleika og við sem erum ung á Íslandi í dag. Það fá ekki allir að njóta þeirra grundvallarmannréttinda að mennta sig. En hvaða rétt hef ég til að ganga menntavegin?

Þetta er spurning sem sumir víta ekki svar við. Heyrnlausir þekkja ekki rétt sinn til að sækja sér menntun. Víða í heiminum er óhugsandi að þeir fái möguleika á að læra að lesa, hvað þá að sækja sér aukna menntun og jafnvel komast í háskóla.

Það er oft talað um sem þumalputtareglu, að áætla megí að hlutfall heyrnlausra eða þeirra sem glíma við misalvarlega heyrnarskerðingu, sé eitt prómill allra jarðarbúa. Þá má áætla að það séu um 8 milljónir jarðarbúa heyrnlausir. Meira en helmingur þeirra hafa ekki kost á að læra að lesa né að skrifa. Enn eru fáir sem eiga þess kost að ganga í skóla og mun færri en vilja komast í háskólanám.

Í fyrstu virðist vera ómögulegt að kenna barni að lesa sem hefur aldrei heyrt hvernig orð hljómar. En með aukinni þekkingu á málefnum heyrnlausra og táknmálinu, þá hafa menn séð að það er vel hægt að kenna barninu að lesa, það þarf bara sérstakar aðferðir. Með því að nota táknmál við kennslu heyrnlausra barna, er hægt að kenna þeim að lesa, skrifa og taka þátt í rökræðum. Menntavegur heyrnlausra hefur styrkst til muna og þeir eiga nú greiðari aðgang að þeirri menntun sem hugurinn gírnist. Aukið aðgengi að þekkingarbrunni upplýsingaaldarinnar hefur einnig aukist þar sem gífurlegt magn upplýsinga og þekkingar liggur hvarvetna og úti um allt.

Slagorðið „HUMAN RIGHTS THROUGH SIGN LANGUAGES“ hljómar núna hvar sem við komum í heiminum. Við berjumst fyrir því að heyrnlausir fái að njóta mannréttinda á sínum forsendum, sem fólgna eru í táknmálinu. Það hefur lengi verið ljóst að táknmál opnar aðgang okkar að samfélaginu. Með tilkomu táknmálstúlka og því að samfélagið hefur tekið táknmálinu opnum örmum, hefur aðgengi okkar, sem eigum táknmál að móðurmáli, að samfélagi okkar Íslendinga aukist verulega. Við megum vera stolt af okkur hér á landi, vegna þess að hér er táknmálið bæði virt og því sýndur áhugi. Síðustu 15 ár hefur áhugi á íslensku táknmáli aukist og tákn-



Hjördís Anna Haraldsdóttir, formaður Félags heyrnlausra.

málið er mun útbreiddara en áður. Betri aðgangur að túlkum hefur leitt til þess að heyrnlausir eru nú meðvitaðri um að nýta sér mannréttindi sín og sækja nám þar sem áhugi þeirra og metnaður liggur. Með auknum möguleikum vaknar ný umræða um þá menntunarmöguleika sem finnast hérlendis. eru faldar hindranir eða þröskuldar á menntavegi okkar sem þarf að ryðja í burtu?

Komið þið sæl

Eftir 18 ára starf sem táknmálstúlkur ákvað ég að breyta til og hef hafið störf hjá RE/MAX EIGNASTÝRINGU fasteignasölu.

Ef þið eruð í söluhugleiðingum þá endilega hafið samband og ég mun veita ykkur mína bestu þjónustu, á táknmáli að sjálfsögðu.

Kveðja Elfa, GSM: 699 67 01, elfa@remax.is



RE/MAX
Eignastýring
Síðumúla 27

Erlendur Davíðsson
kt. 120360-7799
löggtur fasteignasali og
verðbréfamiðlari

Oticon • Epoq



Ný kynslóð þráðlausra heyrnartækja

Epoq eru fyrstu heyrnartækin sem tala saman. Tvö Epoq senda stöðugt upplýsingar sín á milli og samræma hratt og örugglega stillingar og hljóðstyrk. Með Epoq heyrnartækjum kemstu nær eðlilegri heyrn en nokkurn tímann áður!

Epoq heyrnartækin geta tengst þráðlaust við farsíma og aðra hljóðgjafa í gegnum Epoq streymi. Með Epoq opnast því ný hljóðveröld sem auðveldar þér að eiga dagleg samskipti og njóta þess sem tækni 21. aldar hefur upp á að bjóða.

Pantaðu tíma í síma
568 6880



 **Heyrnartækni**

Glæsibæ | Álheimum 74 | 104 Reykjavík | sími: 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

Félag heyrnarlausra: Hagsmunafélag heyrnarlausra

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Félag heyrnarlausra er öflugt hagsmunafélag með mikla þekkingu á málefnum er varða íslenskt táknmál og menningarsamfélag heyrnarlausra. Fulltrúar Félags heyrnarlausra veita hvers konar ráðgjöf og álit er snúa að málefnum heyrnarlausra og hafa ávallt að leiðarljósi hagsmuni félagsmanna sem tryggir þeim jafnræði hvarvetna í samfélaginu.

Markmið félagsins er að bæta stöðu heyrnarlausra og heyrnarshertra í samfélaginu, stuðla að réttindum þeirra til jafns við aðra og rjúfa félagslega einangrun þeirra með öflugum félagslífi, fræðslu og ráðgjöf. Einnig miðar félagið að því að koma upplýsingum til almennings um heyrnarleysi, menningu og tungumál heyrnarlausra. Félagsmenn eru tæplega 200 og flestir þeirra eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Félagið rekur starfsemi sína að mestu leyti með eigin fjáröflun, en opinberir styrkir eru um 30% af tekjum félagsins. Hapdrættissala hefur í mörg ár verið ein aðalfjáröflun Félags heyrnarlausra.

Miklar framfarir hafa orðið á síðustu árum í málefnum heyrnarlausra en þó er mikið óunnið og enn eiga heyrnarlausir á Íslandi langt í land með að njóta samþættlegrar þjónustu og heyrnarlausir á Norðurlöndum. Félag heyrnarlausra hefur í mörg ár barist fyrir því að fá viðurkenningu stjórnvalda á táknmáli sem móðurmáli í því skyni að tryggja mannréttindi heyrnarlausra.

Félagið rekur félagsheimili þar sem reglulega er efnt til fræðslu- og skemmtikvöldu sem deildir og klúbbur innan félagsins sjá um. Í félaginu eru starfandi Klúbbur 37, sem er deild fyrir 30 ára og eldri, Puttalingar fyrir 13 til 30 ára, íþróttafélag heyrnarlausra, deild samkynhneigðra og félagstarf aldraðra.

Í febrúar sl. sendi félagið áskorun til allra þingmanna þar sem heyrnarlausir á Íslandi búa við einangrun sem þarf að rjúfa til að þeir standi jafnfætis öðrum íslenskum þegnum. Þrjú atriði voru þar áberandi og var skorað á alþingismenn að bæta úr þeim, eins og t.d. að viðurkenna íslenskt táknmál sem móðurmál heyrnarlausra og að



Frá aðalfundi félagsins 2007.

fundin verði varanleg lausn á túlkun fyrir heyrnarlausra. Réttur til túlkunar nær nú eingöngu til samskipta við heilbrigðisvörð, stofnanir og skóla en rétturinn er ótryggður í öllum öðrum samskiptum, svo sem fasteignakaupum, heimsóknum til lögmannna, húsfundum o.fl. Einnig er lagt hart að alþingismönnum að textun innlands sjónvarpsefnis verði skylda þar sem textun veitir heyrnarlausum fullkomið aðgengi að upplýsingum sem eru sjálfsögð mannréttindi og mikið jafnréttismál. Það þarf ekki stórar fjárhæðir til þess að koma ofangreindum bótum á. Þetta gæti hins vegar breytt miklu fyrir líf fólks sem alla sína ævi hefur búið við einangrun í allsnægtasamfélagi.

Verksvið Félags heyrnarlausra eru hagsmunamál heyrnarlausra, félagsstarfsemi, menningarmál, þjónusta og ráðgjöf við félagsmenn. Á skrifstofu félagsins eru fjórir starfsmenn, tveir sem sinna ráðgjafþjónustu til heyrnarlausra, atvinnu- og fræðslufulltrúi og svo fjölskyldu- og fíkniefnaráðgjafi. Einnig er starfandi félagsmála-fulltrúi fyrir málefni aldraðra og framkvæmdastjóri.

Félag heyrnarlausra er aðili að Norðurlandaráði heyrnarlausra (DNR), Evrópusambandi heyrnarlausra (EUD), Alheimssambandi heyrnarlausra (WFD) og Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ).



Atvinnumál heyrnarlausra

Árið 1999 var ráðinn atvinnu-fulltrúi til Félags heyrnarlausra í þeim tilgangi að aðstoða heyrnarlausra félagsmenn við að leita sér að vinnu. Í upphafi var róðurinn þungur og töluvert var um atvinnuleysi á meðal félagsmanna. En með aukinni þenslu í þjóðfélaginu fór að verða auðveldara að fá vinnu og um 2001 komu til vinnustaðasamningar Tryggingastofnunar ríkisins sem voru verulega mikil bót fyrir heyrnarlausra og hafa hjálpað

að til við að skapa tækifæri á vinnumarkaði sem annars hefðu ekki staðið til boða.

Í dag er ástandið annað og nú er svo komið að allir þeir sem vilja og geta unnið hafa vinnu. Það ánægjulega er að margir vinnustaðir eru í góðu sambandi við Félag heyrnarlausra. Við sjáum um að fylgja eftir þeim sem starfa með vinnusamning og er gleðiefni hvað þetta fyrirkomulag gengur vel.

Nú í dag eru heyrnarlausir starfandi í flestum stigum samfélagsins og margir hafa farið í frekara nám eða náð sér í réttindi, t.d. á leikskólabrú, vinnuvélaréttindi og í slysavarnaskóla sjómanna svo eitthvað sé nefnt.

Mörg þessara atvinnutækifæra hafa hvatt heyrnarlausra til að leita sér frekari menntunar og er það ánægjuleg og jákvæð þróun.

Félag heyrnarlausra: Reynum að bæta aðstæður fyrir eldri heyrnarlausra



Eftir Lailu Margréti Ambórsdóttur

Undanfarnir tvö ár hefur verið unnið að því hjá Félagi heyrnarlausra að bæta aðstæður heyrnarlausra eldri borgara. Á þessum tíma hefur verið boðið upp á hádegismat í þjónustumiðstöð Vitatorgs, en þar hefur nú verið starfandi heyrnarlaus leiðbeinandi í handavinnu í 2 ár. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá heyrnarlausum og er það von Félags heyrnarlausra að það starf sem þar fer fram megi halda áfram að dafna. Hjá Félagi heyrnarlausra er boðið upp á kaffi og meðlæti til sölu á vægu verði alla föstudaga og eru margir eldri borgarar sem nýta sér það og koma saman til að hitta aðra og spjalla. Oft er glatt á hjalla og mikið gaman. Fyrir síðustu jól var þessum hópi boðið í veglega jólaveislu, þar sem stór hópur eldra fólks mætti og átti góða stund saman.

Nú í sumar bauð Félag heyrnarlausra eldra fólkinu í dagsferð í Laugarás í Biskupstungum en þar fór fram Döfðmót 2007 og var vel mætt í ferðina. Farið var með rútu frá Grensáskirkju og ekið austur fyrir fjall. Stoppað var í Hveragerði og síðan ekið sem leið lá í Laugarás. Veðrið lék við hópinn og gaman að sjá

svo stóran hóp heyrnarlausra saman kominn til að skemmta sér, allir aldurshópar saman í sátt og samlyndi. Á leiðinni til Reykjavíkur var svo komið við í Skálholti og farið um staðinn með túlki. Bauð svo félagið upp á kaffi og með því á eftir. Sumir úr hópnum höfðu ekki komið á þessar slóðir í 45 ár. Það voru þreyttir og glaðir ferðalagar sem komu svo til Reykjavíkur um kl. 18 eftir sérlega vel heppnað ferðalag. Allir voru því sammála að þetta hafi gengið vonum framur.

Hópur eldri Félagsmanna fór til Svíþjóðar á mót aldraðra á Norðurlöndum og var ferðin styrkt af Félagi heyrnarlausra. Ferðin var mjög vel heppnuð í alla staði. Félagið studdi veglega við hópinn og var túlkur með í för. Forsætisráðuneyti og lónaðaráðuneyti sem fer með málefni Norðurlandaráðs styrkti kostnað túlksins. Einróma ánægja var með þessa ferð. Hópurinn er þegar farinn að hlakka til að fara til Danmerkur að 2 árum liðnum en þá verður mót aldraðra haldið að nýju.

Í haust stendur til að bæta enn við þjónustu við þennan hóp, því alltaf má bæta og gera betur. Verður spennandi að sjá þetta starf eflast og dafna.



Síminn styrkir Félag heyrnarlausra: Myndsímtöl með 3G eru bylting í fjarskiptum heyrnarlausra



Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Síminn hefur gert samkomulag við Félag heyrnarlausra sem miðar að því að einfalda heyrnarlausum að notfæra sér þá nýju þjónustu sem felst í þriðju kynslóð farsímatækni (3G). Í samkomulaginu felst meðal annars að allir félagar í Félagi heyrnarlausra og öll heyrnarlaus grunnskólabörn sem stunda nám á Táknmálssviði Hlíðaskóla á höfuðborgarsvæðinu, fái 3G farsíma sér að kostnaðarlausu, kennslu á tækni og fría áskrift í tvo mánuði. Það var Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símanns, sem tók 3G kerfið formlega í notkun 3. september sl. Um leið kynnti hann ásamt Kristni Jóni Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Félags heyrnarlausra, samstarfssamning sem felur í sér að allir meðlimir félagsins auk heyrnarlausra grunnskólabarna á höfuðborgarsvæðinu fái 3G síma sér að kostnaðarlausu. Þetta eru tímamót í sögu heyrnarlausra, þar sem heyrnarlausir eru þeir fyrstu sem nota þriðju kynslóðar síma hérlandis og mikil bylting í fjarskiptum fyrir heyrnarlausra. Myndsímtöl með 3G gera heyrnarlausum í fyrsta sinn kleift að tala saman á táknmáli í gegnum farsíma en hingað til hafa farsímar einungis nýst þeim til SMS-sendinga. Þessi þjónusta hefur verið mikið notuð meðal heyrnarlausra þar sem 3G hefur verið tekið í notkun erlendis. Brynjólfur afhenti einnig Fanneyju Ingólfsdóttur hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra þrettán 3G síma sem táknmálstúlkar munu nota við þjónustu sína við heyrnarlausra og heyrnarskertra. 3G væðing táknmálstúlka þýðir að í

stað þess að heyrnarlausir þurfi að mæta í Samskiptamiðstöðina til að njóta aðstoðar túlka við símtöl eða hafa túlk meðferðis við erindagjörðir sínar, geta þeir nú hringt í Samskiptamiðstöðina og fengið túlkun í gegnum myndsimann. Arnar Ægisson félagsmaður Félags heyrnarlausra tók í notkun 3G símann með því að spjalla við Hauk Vilhjálmsson og vakti það mikla athygli á því að geta talað saman á táknmáli. „Dagurinn í dag markar tímamót í íslenski fjarskiptasögu. 3G farsímakerfið er öflugra en við höfum áður kynnst og býður upp á fjölda nýrra möguleika fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Þetta sést til dæmis greinilega í þeirri byltingu sem 3G kerfið hefur í för með sér fyrir heyrnarlausra. Það er okkur hjá Símanum því mikil ánægja að aðstoða Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra við að nýta sér kosti tækninnar,“ segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símanns. „Við í Félagi heyrnarlausra erum mjög ánægð með að vera komin í 3G samband og geta haft samskipti á táknmáli okkar á milli með farsímunum. 3G hefur reynt afar vel fyrir heyrnarlausra á öðrum Norðurlöndum

og því höfum við beðið spennt eftir innleiðingu tækninnar hér á landi,“ segir Kristinn Jón Bjarnason, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra. Fanney Ingólfsdóttir segir að um byltingu sé að ræða fyrir starfsemi Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra. „Það hefur lengi verið draumur okkar að geta boðið félagsmönnum upp á þjónustu í gegnum myndsíma. Slík tækni rýfur að mörgu leyti einangrun heyrnarlausra frá samfélagi þeirra sem heyrna og nú fara spennandi tímar í hönd sem munu hafa áhrif á þátttöku heyrnarlausra í samfélagi okkar allra.“ Síminn hefur unnið að uppbyggingu 3G símkerfis á höfuðborgarsvæðinu síðustu mánuði. Næstu misseri mun uppbygging halda áfram á landsbyggðinni og er stefnt að því að eftir tvö og hálf ár muni 3G-kerfið ná að lágmarki til 60% landsmanna. Til að geta nýtt þá þjónustu sem 3G býður upp á þurfa viðskiptavinir Símanns að eiga 3G-síma og skipta út SIM-kortinu, en hægt verður að nálgast ný SIM-kort hjá Símanum eftir að kerfið verður opnað viðskiptavinum.



Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra – 1990-2007

Eftir Valgerði Stefánsdóttur

Staðan 1990

Heyrnarlausir fá ekki þjónustu á táknmáli og lítið vitað um íslenskt táknmál. Aðstandendur heyrnarlausra geta hvergi lært táknmál og opinber tulkajónusta er ekki til. Lög um Samskiptamiðstöðina eru sett 31. desember 1990. Stöðinni er ætlað að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls og hlutverk hennar er að annast:

- rannsóknir á íslensku táknmáli,
- kennslu táknmáls,
- táknmálstúlkun,
- aðra þjónustu.



Valgerður Stefánsdóttir forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra

1991

Í upphafi fór mikill hluti vinnunnar í að auka skilning á nauðsyn táknmálsins í uppeldi og menntun heyrnarlausra og ekki síður í að upplýsa fólk um að eðlilegt væri að heyrnarlausir sjálfir ættu að hafa áhrif á ákvarðanir sem vörðuðu þá.

Rannsóknir Samskiptamiðstöðvar beindust strax að nýsköpun í námsefnagerð, uppbyggingu tulkajónustu og uppbyggingu náms í táknmálfræði og túlkun við Háskóla Íslands. Í dag vinnur stofnunin með fjölmörgum aðilum, innlendum og erlendum, á sviði námsefnisgerðar fyrir heyrnarlausra, táknmálsskennslu, tulkanaáms og þjónustu, dauðblindu og fl.

1997-2000

Auk lögbundinna verkefna hefur stöðin unnið að ýmsum samstarfsverkefnum með öðrum þjóðum. Völundur- námsgagna-gerð var þriggja ára verkefni, styrkt af Sókratesáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið snerist um námsefnisgerð í dönsku fyrir heyrnarlausra nemendur og rannsóknir á fyrirkomulagi tungumálakennslu. www.shh.is

2001-2004

Bitema. Þriggja ára Evrópuverkefni þar sem unnið var með námsefnisgerð og kennsluáferðir fyrir fullorðið táknmálstalandi fólk. www.shh.is

2004-2007

SignOn er Evrópuverkefni þar

sem unnið er með ensku-kennslu fyrir táknmálstalandi fólk. Námsefnið verður þýtt á táknmál 7 Evrópuþjóða og verður komið á netið í október á þessu ári. www.shh.is

2005

Rannsókn á málsamfélagi heyrnarlausra (2005) www.shh.is

Rannsóknin fjallar um reynslu og samfélagsþátttöku heyrnarlausra einstaklinga og skilning þeirra á eigin lífi og stöðu innan íslensks samfélags. Markverðustu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að táknmál og heyrnarleysi er samofið persónu og sjálfsskilningi fólks sem talar táknmál en jafnframt kom í ljós að táknmálið nýtur talsvert minni virðingar en íslenskan. Niðurstöður rannsóknarinnar benda því til þess að verulega þurfi að styrkja stöðu táknmálsins á öllum sviðum til þess að fólk sem talar táknmál njóti jafnréttis og geti tekið eðlilegan þátt í samfélaginu.

2005-2008

Rannsókn á málþroska barna með táknmálstvýngi styrkt af Rannís. www.shh.is
Markmið rannsóknarinnar er að þróa mælitæki til þess að meta málþroska á táknmáli og afla þekkingar á máltöku og málþróun tvítyngdra barna með bakgrunn íslensks táknmáls og íslensku.

Hönnun sem vakti heimsathygli

Trausti Þór Kristjánsson rafmagnsverkfræðingur þróaði hugbúnað til námsefnisgerðar á táknmáli í samvinnu við SHH. Forritið vakti athygli víða um heim og fyrsti sölusamningurinn var gerður 1998. Haldið var áfram með þróun hugbúnaðarins og nýtt forrit var kynnt 2005. www.shh.is

16 árum síðar - 2007

Samskiptamiðstöðin kennir nú táknmál í grunnskólum, framhaldsskólum, KHÍ og á fleiri

stöðum og árið 1994 hófst kennsla í táknmáli og túlkun í Háskóla Íslands. Stofnunin byggir einnig upp skilyrði til samskipta hjá heyrnarlausum og dauðblindum börnum með táknmálsskennslu og tulkajónustu. Gerð námsefnis er enn stór hluti af starfseminni og nú er unnið að námsefni á táknmáli fyrir táknmálsnámskeið, þýðingar á bókmenntum yfir á táknmál og að margvíslegu efni fyrir heyrnarlaus grunnskólabörn.



Árangur 16 ára markvissrar vinnu og rannsókna Samskiptamiðstöðvarinnar er farinn að skila sér víðar en á Íslandi. Nú tekur stofnunin þátt í að byggja upp menntun heyrnarlausra í Namíbíu í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Framtíðarsýnin

Framtíðarsýnin er sú að táknmál muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði gert mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli þess.



Gígja með hópi af börnum á táknmálsnámskeiði.



Baldur Hauksson og Baldur Einarsson í Samskiptamiðstöðinni.



Frá Namíbíu.

The screenshot shows a web browser window displaying the SignOn website. The page title is "Deaf Politics" and it features a navigation menu with options like HOME, HELP, ALL, SENTENCE, WORD / PHRASE, and GRAMMAR. The main content area includes a question: "B: What is Deaf politics?" followed by a detailed answer explaining that Deaf politics is a struggle for equal rights and recognition for Sign Language. A video player is visible on the right side of the page, showing two people communicating using sign language. The browser's address bar shows "http://www.signon.is/ISLdps01.flv".

Táknmálstúlkar eru bundnir þagnarskyldu

Eftir Fanneyju Ingólfssdóttur

Samskiptamiðstöð heymarlausra veitir túlkajónustu samkvæmt 2. gr laga nr. 129/1990.

Táknmálstúlkun og túlkajónusta fyrir dauflinda með snertitáknmáli eða fingrastöfun er veitt við allar þær aðstæður sem þörf er á að túlka á milli íslensku og íslenska táknmálsins að því gefnu að réttur og fjármagn sé tryggt, t.d. vegna:

- heilbrigðisþjónustu,
- viðskipta við yfirvöld og ríkisstofnanir,
- náms í skólum á vegum ríkis og sveitarfélaga,
- námskeiða,
- tólmundastarfs,
- kirkjulegra athafna,
- athafna í daglegu lífi (húsfundur, fasteignaviðskipti, starfsmannafundur o.fl.).

Samhentur hópur í túlkajónustu

Í túlkajónustunni vinnur samhentur hópur fólks. Starfsmenn hennar eru deildarstjóri og 14 háskólamenntaðir táknmálstúlk- ar í 11,2 stöðugildum. Auk þess starfa þrjú túlkar fyrir túlkajónustuna í lausamennsku. Starfsfólkið býr að mikilli þekkingu sem það hefur aflað með menntun sinni og ekki síst reynslu í gegnum starf sitt. Deildarstjóri túlkajónustunnar heldur utan um túlkajónustuna, svo sem túlkapantanir, úthlutun verkefna, útvegjar efni til undirbúnings, athugar með vinnuaðstæður, pantar flug og bíl svo eitthvað sé nefnt, allt til þess að túlkurinn geti sinnt verkefninu. Hann sér um fjármál þjónustunnar, sendir út reikninga, reiknar út vinnutíma túlka, sækir um styrki og heldur utan um þá.

Táknmálstúlkar þurfa að undirbúa fyrir verkefni

Túlkarnir undirbúa sig fyrir verkefni. Undirbúningurinn felst í að rifja upp tákn, fara yfir fyrirlestra og skoða það sem er til umræðu í túlkaverkefninu. Í túlkuaðstæðum kemur túlkur umræðunni sem best til skila og einnig því andrúmslofti sem er til staðar. Samvinna og góður undirbúningur leiðir til enn betri túlkunar.

Eftirsótt þjónusta

Túlkastéttin er ung og fáir túlkar hafa langa starfsreynslu þannig að ekki er alltaf hægt að verða við ítrustu kröfum viðskiptavina. Þeir túlkar Samskiptamiðstöðvar sem hafa lengsta reynslu hafa einnig sérhæft sig á ákveðnu sviði eins og að túlka við kirkjulegar athafnir, að túlka fyrir dómi eða fyrir dauflinda einstaklinga.

Sérhæfingin og færmin sem fæst í gegnum reynslu gerir þá eftirsóttá. Varðveisla þekkingar eins og upptaka á sérhæfðum táknum gefur síðan öðrum túlkum möguleika á að nýta hana.

Trúnaður táknmálstúlka

Trúnaður er mjög mikilvægur innan túlkajónustunnar. Síðareglur táknmálstúlka eru strangar og í túlkajónustunni er lögð rík áhersla á að þær séu hafðar í heiðri. Táknmálstúlkar vinna mikið einir en hittast á starfsstöðinni á fundum, þar sem þeir ræða m.a. fagleg mál og fá stuðning hver af öðrum.

Táknmálstúlkar þekkja samfélag og menningu heymarlausra

Samfélag heymarlausra hefur lengi verið einangrað í samfélagi íslenskunnar og þar hefur þróast sérstök menning heymarlausra. Táknmálstúlkar þekkja þessa menningu, siði og venjur samfélagsins. Þekking á samfélagi og menningu heymarlausra, kunnáttu og færni í báðum málunum ásamt jákvæðu viðhorfi er mikilvægt fyrir táknmálstúlka til að geta unnið innan samfélagsins og skapað traust. Sumir heymarlausir vilja alltaf fá sama túlkinn og reynt er að verða við þeim óskum eins og kostur er.

Mikil starfsreynsla túlkanna

Aldursbil túlkanna er mikið og lífsreynsla þeirra mismunandi, sumir hafa búið erlendis og aðrir hafa starfsreynslu af annars konar vettvangi sem getur nýst í starfi. Öll starfsreynsla nýtist og öll reynsla af mannlegum samskiptum. Stundum er leitað til túlkajónustunnar vegna túlkunar af öðrum tungumálum yfir á táknmál. Nokkrir túlkar eru með reynslu í því en það krefst mjög mikils undirbúnings. Nokkuð margir heymarlausir nýbúar eru farnir að nýta sér túlkajónustuna. Upp hafa komið tilvik þar sem erlendir heymarlausir hafa getað nýtt sér túlkajónustuna hér á landi en slík þjónusta er háð ákveðnum skilyrðum.

Flest verkefni á Reykjavíkursvæðinu

Túlkajónustan er staðsett miðsvæðis í Reykjavík og fara flest öll verkefni fram á Reykjavíkursvæðinu þar sem meirihluti heymarlausra er búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Í einstaka skipti fer túlkur til annarra landshluta í verkefni og einstaka sinnum erlendis. Nú nýverið var ráðinn túlkur sem starfar aðallega á Akureyri.

Gott að panta túlk með góðum fyrirvara

Pantanir berast þjónustunni í gegnum síma, fax, tölvupóst,

heimasíðu SHH, sms eða að fólk kemur á Samskiptamiðstöðina og pantar. Flestar pantanir koma frá stofnunum, grunn-, framhalds-, og háskólum, sveitarfélögum, félagsamtökum, atvinnurekendum og að sjálfsögðu heymarlausum sjálfum. Æskilegt er að panta túlk með góðum fyrirvara og láta vita ef verkefni falla niður. Stundum er stuttur fyrirvari á þöntunum og jafnvel útköll. Reynt er að svara öllum þöntunum eins fljótt og mögulegt er þannig að viðskiptavinurinn fái fljóta og góða þjónustu.

Þjónustan stendur og fellur með utanaðkomandi fjármagni og lítið má út af bera. Hætti nemandi til dæmis í námi þá fást ekki þær sértekiur sem gert hefur verið ráð fyrir í upphafi annar. Árstíðabundið ójafnvægi er varðandi eftirspurn eftir þjónustunni en hún dettur töluvert niður yfir sumartímann.

Reynum að anna allri eftirspurn

Túlkajónustan leggur áherslu



Fanney Ingólfssdóttir, deildarstjóri túlkajónustu/aðstoðarforstöðumaður á Samskiptamiðstöð heymarlausra og heymarskertra

á að anna allri eftirspurn og að halda áfram að auka á sérhæfingu túlkanna. Einnig er rík áhersla á að þjálfun nýútskrifaðra túlka verði markviss og stöðug.

Lykill að þátttöku heymarlausra

Túlkajónustan er lykill að þátttöku heymarlausra í íslensku samfélagi og mikilvæg til að tryggja jafnrétti og sjálfræði í þjóðfélaginu.



Við látum dæluna ganga allan hringinn

Net Orkustöðvanna umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Hefurðu kynnt þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað bensínið er ódýrt þar?



Bensínfrelsi Orkunnar gefur þér enn meiri afslátt eða **3 kr.** í viðbót, en þú sækir um kortið á heimasíðu Orkunnar **orkan.is** og færð það svo sent heim þér að kostnaðarlausu.



ÞAÐ MUNAR UM MINNA

Táknmálskennsla hjá Samskiptamiðstöð



Anney Þórunn Þorvaldsdóttir deildarstjóri ráðgjafar og fræðslu á Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra

Eftir Anneyju Þórunni Þorvaldsdóttur

Íslenskt táknmál er sjálfsprottið mál úr samfélagi fólks sem er heyrnarlaust á Íslandi. Táknmálið er blæbrigðaríkt og lifandi mál og sífellt fleiri hafa séð sér hag í því að læra það á undanföllum árum.

Íslenskt táknmál er ekki íslenska táknuð með höndunum enda gjörólíkt mál með ólíka málfræði, orðaröð og beygingakerfi. Merkingarvið tákna geta jafnvel verið ólíkt orðum íslenskunnar. Til að ná góðum árangri í táknmáli þarf að fara að eins og í öðru tungumálanámi. Besta æfingin fæst að sjálf-sögðu með því að hitta fólk sem notar málið dags daglega. Samskiptamiðstöð býður upp á 11 námskeið í íslensku tákn-

máli sem hvert er framhald af undanfarandi námskeiði. Hvert námskeið er 20 kennslustundir.

Við bjóðum einnig upp á tákn-málsnámskeið fyrir hópa. Hóp-námskeiðin eru 20 kennslustundir og hægt er að sérhanna námskeiðin eftir þörfum hópsins og kenna táknforða sem hann þarf sérstaklega á að halda. Vinnuhópar geta t.d. fengið námskeið sem lýtur sérstaklega að samskiptapörfum þeirra á vinnustað. Lágmarksfjöldi á slík námskeið er 10.

Þegar barn greinist heyrnarlaust eða heyrnarskert, geta foreldrar þess og nánustu aðstandendur komið á námskeið hjá okkur sér að kostnaðarlausu. Inn í námskeiðin er fléttáð ýmiskon-

ar fræðslu um táknmál, tvítyngi og máluppeldi barna svo eitt-hvað sé nefnt.

Markmið með námskeiðunum er að stuðla að því að byggja upp táknmálsumhverfi í kringum börn sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert. Foreldrar koma saman og læra táknmál og hitta um leið aðra foreldra í sömu sporum. Þannig er hægt að miðla af reynslu hvers annars, veita gagnkvæman stuðning, um leið og táknmálið er lært og foreldrar læra ýmsar samskiptaleiðir við heyrnarlaus eða heyrnarskert börn sín.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Samskiptamiðstöðvar www.shh.is

Krefjandi en skemmtilegt táknmálsnámskeið

Viðtalið tók Anney Þórunn Þorvaldsdóttir

Sigurbjörg Sigurðardóttir er starfsmaður á hæfingarstöð fyrir fatlaða. Hún hefur sótt námskeið í táknmáli hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra.

Sigurbjörg byrjaði á táknmálsnámskeiðum haustið 2006 á Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra og hefur nú lokið 3 námskeiðum. Hún hafði lengi haft áhuga á táknmáli og langað að læra

það. Einn daginn ákvað hún að slá til og fara á námskeið. Táknmál og íslenska eru mjög ólík mál en Sigurbjörg heillaðist strax af málinu og hefur haft mjög gaman af náminu. Henni finnst táknmálsnámið krefjandi og einna erfiðast - og á sama tíma mjög lærdómsríkt - að þurfa að standa upp og tjá sig fyrir framan hópinn. Það tekur tíma að læra táknmál og fyrstu námskeiðin veita grunnkun- áttu í táknmáli. Það er mikilvægt að vera duglegur að æfa sig en það er einmitt það sem

Sigurbjörg talar um að sig vanti, þ.e. einhverja sem hafa táknmál að fyrsta máli til að spjalla við. Það er svolítið súrt að læra nýtt og spennandi tungumál en hafa engan til að tala við. Hún vonar þó að rættist úr því. Í framhaldinu langar hana að fara í táknmálsfræði í Háskóla Íslands og mögulega í túlkanámið. Hún er a.m.k. staðráðin í að reyna að taka sem flest táknmálsnámskeið sem boðið er upp á hjá Samskiptamiðstöðinni.



Sigurbjörg Sigurðardóttir, starfsmaður á hæfingarstöð með fötlun.

Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlaustra



Reykjavík

About Fish Íslandi ehf,
Tryggvagötu 16
Alefli ehf byggingaverktakar,
Parabakka 3
Allt-af ehf, Hraunbæ 109c
ARGOS - Arkitektastofa Grétars
og Stefáns, Eyjarlóð 9
Arkitektastofan OG ehf, Sóltúni 1
Arkís ehf, Aðalstræti 6
ASK Arkitektar ehf, Geirsgötu 9
Áfengis- og tóbaksverslun ríkis-
ins, Stuðlahálsi 2
Áhöfnin á Vígra RE-71
Álnabær hf, vefnaðarvöruverslun
Tjarnargötu 17 Kefl,
og Síðumúla 32 Rvík
Áltak ehf, Stórhöfða 33
Árbæjarapótek ehf,
Hraunbæ 102b
Árbæjarprek ehf, Fylkisveg 6
Árni Reynisson ehf,
Laugavegi 170
Ásbjörn Ólafsson ehf,
Skútuvogi 11a
B.K.flutningar ehf,
Krosshömrum 2
Beta líf ehf, Kringlunni 8

Betri bílar hf, bílaverkstæði,
Skeifunni 5c
Bifreiðastillingar Nicolai,
Faxafeni 12
Bifreiðaverkstæði H.P. ehf,
Hamarshöfða 6
Bílaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bílamálan Sigursveins Sigurðs-
sonar, Hyrjarhöfða 4
Bílasala Guðfinns við Gullinbrú,
Stórhöfða 15
Bílasalan Höfðahöllin ehf,
Kletthálsi 2
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Bílasprautun SMS ehf,
Smíðshöfða 12
Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
Björn Traustason ehf,
Vogalandi 1
Blaðamannafélag Íslands,
Síðumúla 23
Bláber ehf, Viðarrima 22
Borgarblöð ehf, Vesturgötu 15
Bókaútgáfan Örn og Örygur ehf,
Hjarðarhaga 54
Bókhaldsþjónusta Gunnars M sf,
Ármúla 1
Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf,
Skeifunni 4

Bóksala kennaranema, Kennara-
háskólanum við Stakkahlíð
BSRB, Grettisgötu 89
Búsáhöld og gjafavörur,
Kringlunni 8-12
Davíð S Jónsson og Co ehf,
Skútuvogi 13a
Deloitte hf, Stórhöfða 23
DHL Á ÍSLANDI, Sundabakka 2
Dreifing ehf, Vatnagörðum 8
DS lausnir ehf, Súðavogi 7
Dúklagnameistarinn ehf,
Geitlandi 7
Dyjandi ehf, Skeifunni 3h
Effect hársnyrtistofa,
Bergstaðastræti 10a
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Einingarverksmiðjan ehf,
Breiðhöfða 10
Endurvinnslan hf, Knarravogi 4
Eyrir fjárfestingafélag ehf, Skóla-
vörðustíg 13
Fakta ehf, Hólavallagötu 11
Fasteignamarkaðurinn ehf,
Óðinsgötu 4
Fasteignasalan Fasteign.is ehf,
Borgartúni 22
Fasteignasalan Garður ehf,
Skiptuholli 5

Faxafloahafnir sf, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Félag einstæðra foreldra,
Tjarnargötu 10d
Félagsbústaðir hf,
Hallveigarstíg 1
Fjallabak ehf, Pósthólf 1622
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf,
Suðurlandsbraut 48
Fjármál heimilanna ehf,
Sundagörðum 2
Fjölbrotaskólinn við Ármúla,
Ármúla 14
Fjölsviður ehf / verkfræði-um-
hverfisráðgjöf, Síðumúla 1
Flíslagnir Afrims ehf,
Torfufelli 30
Flutningatækni ehf, Súðavogi 2
Fólksbílaland ehf, Bíldshöfða 18
Fröken Júlía ehf, Mjódd
Færeyska sjómannaheimilið,
Brautarholti 29
G.S.varahlutir ehf, Bíldshöfða 14
Gallabuxnabúðin Kringlunni,
Kringlunni 4-12
Gámaþjónustan hf, Súðavogi 2
Gesthús Dúna hf, Suðurhlíð 35d
GG flutningar ehf, Dugguvogi 2

Gissur og Pálmi ehf, bygginga-
félag, Álfabakka 14a
Gjögur hf, Kringlunni 7
GP arkitektar ehf, Austurstræti 6
Grásteinn ehf, Grímshaga 3
Gró ehf, Skútuvogi 10b
Guðmundur Jónsson ehf,
Borgartúni 34
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Halldór Jónsson ehf,
Skútuvogi 11
Háfell ehf, Skeifan 11
Hár ehf, Kringlunni 7
Hárgreiðslustofa Höllu Magnús-
dóttur, Miðleiti 7
Heilsbrunnurinn ehf,
Kirkjuteigi 21
Heimilisprýði ehf við,
Hallarmúla 1
Henson, Brautarholti 24
HGK ehf, Laugavegi 13
Himinn og haf ehf,
Tryggvagötu 11
HJ bílar ehf, Berjarima 35
Hjálpræðisherinn á Íslandi,
Garðastræti 38
Hollt og gott ehf, Fosshálsi 1
Hreinir gluggar, Unufelli 50
Hreinsitækni ehf, Stórhöfða 37

Nám í táknmálsfræði við Háskóla Íslands

Eftir Rannveigu Sverrisdóttur

Við Hugvísindadeild Háskóla Íslands fer fram kennsla í fjölmörgum greinum eins og bókmenntum, málvísindum, heim-speki, sagnfræði og ýmsum tungumálum svo eitthvað sé nefnt. Eitt þessara tungumála er íslenskt táknmál. Kennsla í táknmálsfræði hófst árið 1994 fyrir tilstilli Félags heyrnarlaustra og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlaustra og heyrnarskertra og var um að ræða tilraunaverkefni sem stóð yfir í fjögur ár. Á þessum tíma stunduðu yfir 60 nemendur nám í táknmálsfræði, sumir luku einu ári í náminu, aðrir tveimur en 14 útskrifuðust sem táknmálstúlkar, þeir fyrstu árið 1997.

Haustið 2001 hófst kennsla í greininni á ný og var lektor ráðinn til starfa, táknmálsfræði var þá orðin föst kennslugrein við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Það að æðsta menntastofnum landsins hafi viðurkennt íslenska táknmálið til jafns við önnur tungumál er mikil viðurkenning og ber vott um dug og þor. Nemandur sem lagt hafa stund á nám í táknmálsfræði eru í dag orðnir á annað hundrað og útskrifaðir táknmálstúlkar yfir 30 talsins.

Hvað er nám í táknmálsfræði?

Íslenskt táknmál og menningarheimur heyrnarlaustra eru mörgum Íslendingum hulinn heimur og því eðlilegt að menn spyrji út á hvað námið gengur. Áhuginn leynir sér ekki og koma nemendur í táknmálsfræði úr öllum áttum. Fæstir þeirra hafa einhver tengsl við heyrnarlaustra eða táknmálssamfélagið áður en þeir hefja nám en ástæður

þeirra eru mjög mismunandi. Sumir vilja verða tulkar, aðrir kenna heyrnarlausum, enn aðrir hafa áhuga á málinu málsins vegna eða þá að þeir vilja kynna nýjum menningarheimi. Flóra nemenda er því fjölbreytt og bakgrunnur þeirra og framtíðarhorfur sömuleiðis. Sumir koma beint úr menntaskóla, aðrir hafa fyrir einhverja háskólamenntun eða stunda nám í öðrum greinum við Háskóla Íslands.

Þeir sem ljúka námi úr táknmálsfræði starfa á ýmsum sviðum. Þeir sem ljúka táknmálstúlkun geta sótt um vinnu sem táknmálstúlkar, ýmist hjá tulkabjónustu eða innan annarra stofnanna. Nokkrir skólar hafa ráðið til sín táknmálstúlka og er Háskóli Íslands þar á meðal. Nemandur sem ljúka námi í táknmálsfræði starfa í dag við kennslu, námsefnisgerð, með daufblindum, á leikskólum, í leikhúsi eða innan spítala svo eitthvað sé nefnt. Í raun eru starfsmöguleikarnir óendanlegir og aukast með hverju árinu sem líður og heyrnarlaustrir verða meira áberandi hópur í samfélaginu.

Eins og annað tungumálanám á háskólastigi gengur nám í táknmálsfræðum út á allt það sem við kemur tungumálinu. Þetta felur í sér það að læra íslenskt táknmál, að læra um íslenskt táknmál, að kryfja menningu heyrnarlaustra, að fjalla um þýðingar á milli íslensku og íslenska táknmálsins svo eitthvað sé nefnt. Hér er um að ræða fræðilegt nám þar sem lesnir eru fræðitextar á erlendum tungum og unnin krefjandi verkefni sem ganga m.a. út á

það að kanna málfræðiatríði í íslenska táknmálinu eða kafa í menningu heyrnarlaustra. Kennslubækur eru flestar á ensku eða norðurlandamálum en einnig vinna nemendur talsvert með „munnlegar“ heimildir á táknmáli. Námið krefst mikillar tímasóknar og viðveru og þátttöku nemenda í tímum.

Tilhögun námsins

Táknmálsfræði er kennd til BA prófs og fjalla tveir þriðju hlutar námsins um táknmál og menningu heyrnarlaustra en einn þriðji um táknmálstúlkun. Þannig má taka táknmálsfræði sem aukagrein til 30 eininga, sem aðalgrein til 60 eininga eða sem aðalgrein til 90 eininga. Þó kenndar séu 90 einingar alls eru aðeins 60 einingar kenndar ár hvert og því aðeins tveir árgangar í náminu í einu. Fyrsta námsárið er kennt á hverju ári, annað námsárið tvö ár af hverjum þremur og táknmálstúlkun á þriggja ára fresti. Táknmálstúlkun verður næst kennd haustið 2009 en næstu tvö skólaár verður bæði fyrsta og annað ár kennt. Kennslan fer að mestu fram á íslensku en að hluta á íslensku táknmáli. Ekki er gert ráð fyrir fyrirfram kunnáttu í íslensku táknmáli enda er það ekki kennt í mörgum framhaldsskólum og væri því erfitt að gera ráð fyrir forkröfum. Nemandur sem sækja færninámsskeið öðlast því smám saman kunnáttu í málinu og fara á seinni stigum að vinna með þýðingar á milli málanna jafnframt því að gesta-fyrirlesarar koma inn í námið og kenna á táknmáli. Kennsla fer að hluta til fram í fyrirlestrarformi en mikið er um umræður og verkefnavinnu í tímum og



Rannveig Sverrisdóttir, lektor við Háskóla Íslands

þurfa nemendur að taka virkan þátt í náminu. Námsefnið er eins og áður sagði að mestu leyti á ensku og norðurlandamálum og er því krafist góðrar kunnáttu í þeim málum auk góðrar íslenskukunnáttu þar sem mikið er um skrifleg verkefni.

Rannsóknir á íslenska táknmálinu

Eitt hlutverka okkar er að stunda rannsóknir á íslenska táknmálinu. Þar sem greinin er lítil er samvinna nauðsynleg. Við höfum tengst rannsóknarverkefnum á vegum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlaustra og heyrnarskertra auk þess að vera í stöðugu sambandi við fólk úr táknmálssamfélaginu. Mikilvægt er að auka rannsóknir í faginu og bæta við liðsafla úr flokki heyrnarlaustra. Einmitt þess vegna er það óskandi að fleiri heyrnarlaustrir afli sér há-

skólamenntunnar og komi til starfa á rannsóknarsviði. Ekki má gleyma að minnast á hlut nemenda en margar BA ritgerðir og jafnvel smærri ritgerðir þeirra hafa bætt við vitneskju okkar um íslenskt táknmál.

Viðbótarupplýsingar:

Táknmálsfræði er hýst í bókmenntafræði- og málvísindaskori við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Lektor í táknmálsfræði er Rannveig Sverrisdóttir. Skrifstofa Hugvísindaeildar og lektors í táknmálsfræði eru í Nýja Garði, Háskóla Íslands, 101 Reykjavík. Sími deildarskrifstofu er 525 4400 og sími lektors er 525 4567. Netfang deildarskrifstofu er hug@hi.is og netfang lektors rannsve@hi.is. Heimasíða deildarinnar er www.hug.hi.is og greinarinnar www.hug.hi.is/page/taknmalsfraedi



Nám í táknmálsfræði opnaði fyrir mér nýjan menningarheim

Viðtalið tók Rannveig Sverrisdóttir

Kristín Lena Þorvaldsdóttir hefur lokið 90 einingum í táknmálsfræði. Hún hefur þetta að segja um reynslu sína af náminu:

Árið 2004 ákvað ég að skrá mig í háskólanám og varð Háskóli Íslands fyrir valinu. Þessi merka menntastofnun hefur alltaf heillað mig og ég litið upp til þeirra sem læra og starfa við Háskóla Íslands enda föðurafi minn, Guðlaugur Þorvaldsson heitinn, fyrrverandi rektor skólans og móðuramma mín, Dr. Sigurlína Davíðsdóttir, dósent í

uppeldis- og menntunafræðum. Eftir nánari athugun á námsframboði Háskólans stóð valið milli táknmálsfræði og íslensku. Táknmálsfræðina átti að kenna samfellt næstu 3 árin svo ég ákvað að skella mér í það nám og geyma íslenskunámið þar til síðar. Ég er mikil tungumálamanneskja og hef mestan áhuga á málfræði. Íslenska táknmálið hafði heillað mig lengi. Ég kynntist því fyrst heima hjá móðurafa mínum, Tómasi Tómassyni, og konunni hans, Jónu Guðrúnu Skúladóttur. Ég vissi að í táknmálsfræði biði mín hafsþór af skemmtilegri

málfræði, frábrugðin þeirri sem ég hafði áður lært, og það þótti mér verðugt að skoða nánar. Ég er guðs lifandi fegin að ég skyldi hafa tekið þessa ákvörðun. Nám í táknmálsfræði opnaði fyrir mér nýjan menningarheim sem mig óraði ekki fyrir að væri svona stór, skemmtilegur og litríkur. Í dag er ég menntuð í táknmálsfræði og táknmálstúlkun og horfi björtum augum á framtíðina. Ég kveð táknmálsfræðinámið með söknuði en ég mun búa að þessari þekkingu alla mína ævi og er ég afar stolt af því.

Táknmálstúlkur eru mikilvægir fyrir samfélag heyrnarlaustra

Viðtölin tók Júlía G. Hreinsdóttir

Aðstæður heyrnarlaustra voru ekki góðar hér áður fyrr. Táknmál var ekki viðurkennt sem mál og hafði það mikil áhrif á kennslu og menntun heyrnarlaustra. Börn heyrnarlaustra tulkðu oft fyrir foreldra sína. Í dag geta heyrnarlaustrir fengið

túlk við ýmsar aðstæður. Sérstakur sjóður er fyrir táknmálstúlkun í daglegu lífi sem inniheldur 10 milljónir króna árlega á árunum 2005 - 2007. Sú upphæð dugir ekki til því sjóðurinn hefur klárast á haustmánuðum.

Hér á eftir eru viðtöl við þrjá

heyrnarlaustra einstaklinga, Jóna G. Skúladóttir, Svövu Jóhannesson og Árna Inga Jóhannesson. Þau eru á mismunandi aldri en voru öll í Heyrnleysingjaskólanum á sínum tíma. Þau lýsa hér upplifun sinni og reynslu af því að nota táknmálstúlk.

Mikið álag að lesa af vörum

Svava Jóhannesdóttir (43 ára).

Þegar Svava var yngri það hún einhvern í fjölskyldunni að hringja fyrir sig og einnig að túlka fyrir sig hjá læknum því eins og komið hefur fram voru engir táknmálstúlkur. „Mér fannst oft óþægilegt að hafa einhvern úr fjölskyldunni með, einkum ef um mjög persónulegt mál var að ræða. Mér fannst ég ekki vera sjálfstæð. Þau vissu allt um mig en ég vissi ekkert um þau. Það var eins og maður ætti ekkert einkalíf.“ Svava rifjar upp að hún fór stundum ein síns liðs og skrifaðist þá á við þann sem hún var að hitta. „Ég fann að oft gat ég ekki tjáð mig nægilega vel og oft ekki spurt eins og ég hefði viljað því mig vantaði orðin og svo var hætt við misskilningi á milli okkar. Það er miklu betra að tjá sig á táknmáli,“ segir Svava.

Svövu langaði í meira nám eftir grunnskólann en þar sem að engir túlkur voru og hún hefði þurft að lesa af vörum varð ekki af því. Hún getur ekki nýtt sér heyrnartæki, henni líður illa með þau og hún á erfitt með að einbeita sér með þau. „Ef ég hefði farið í nám hefði ég þurft að lesa af vörum kennaranna allan tímann, því fylgir mikil einbeiting og álag auk þess sem kennarar eiga það til að snúa baki í nemendurna og þá er ekki hægt að lesa af vörum. Ég hefði því misst af miklu sem fram færi í skólafunni.“ Síðar fór Svava í nám í Bandaríkjunum þar sem kennararnir voru bæði heyrandi og heyrnarlaustrir, þeir töluðu allir táknmál



Svava Jóhannesdóttir.

og kennslan fór fram á táknmáli. „Mér leið mjög vel þarna úti og var hamingjusöm, það var svo gott að samskiptin voru öll á táknmáli í stað varalesturs sem er mjög ljúandi.“ Svövu gekk vel í námi í Bandaríkjunum, hún fékk góðar einkunnir enda nýttist tíminn vel, orkan fór ekki í að lesa af vörum og fylgja eftir heyrandi nemendum heldur gat hún einbeitt sér að náminu. Hún bendir á að heyrnarlaustrir eru oft stressaðir innan um heyrandi fólk, bæði í námi og úti á vinnumarkaðnum, því þeir þurfi að reiða sig á varalestur til að fylgjast með.

„Í dag er þetta allt annað líf,“ segir Svava. „Ég get pantað túlk þegar ég þarf að tala við lækni, vegna námskeiða og skóla og ýmissa annarra erinda, s.s. vegna fasteignavið-

skipta eða jafnvel í saumaklúbbinn.“ Hún segist vera mun sjálfstæðari í dag og þurfa minni aðstoð hjá fjölskyldunni vegna túlkabjónustunnar hjá Samskiptamiðstöðinni sem hún er mjög ánægð með að sé til staðar og gæti ekki verið án. Þá er hún mjög ánægð með sjóðinn sem greiðir fyrir ýmsa túlkun í hinu daglega lífi sem nýttist á margan hátt. Svava bendir þó á að hún og fleiri séu ekki ánægð með það að sjóðurinn er oft búinn um mitt ár og þá þurfi að biðja fram á næsta ár til að fá túlkun í þau verkefni sem sjóðurinn greiðir fyrir og það sé ekki réttlátt. Og hún spyr „Hvers vegna er ekki hægt að veita 20 milljónum króna í sjóðinn, það er ekki mikið miðað við margt annað sem gert er í þjóðfélaginu?“

Litli átta ára sonur minn túlkaði fyrir mig

Jóna Guðrún Skúladóttir er 63 ára. Hún var nemandi í Stakkholti (gamla Heyrnleysingjaskólanum). Skólinn fylgdi raddmálstefnunni sem hafði það að markmiði að nemendur læsu af vörum og lærðu að tala. Táknmál var bannað í kennslustofunum en leyfilegt í frímínútum og fyrir utan skólatíma. Kennarar kunnu þó ekki táknmál og táknmálstúlkur voru ekki til á þessum tíma. Táknmál var ekki talið vera fullkomið mál því lítil þekking var á táknmálum á þessum tíma. Samfélag heyrnarlaustra, þau sem töluðu táknmál, voru einangruð, því fáir heyrandi kunnu táknmál og gátu talað við þau.



skilning á milli mín og læknisins. Hann var aðeins 8 ára gamall.

Stundum gengu samskiptin nefnilega ekki með því að skrifa á við lækna og því var betra að hafa drenginn með til að túlka. Stundum túlkaði hann líka símtöl fyrir mig. Ég vissi vel að það var ekki rétt að leggja þessa ábyrgð á ungt barn og láta það túlka fyrir mig“.

Í dag eru hægt að panta táknmálstúlk hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra og það er mikill munur frá því sem áður var að sögn Jónu. Hægt er að panta túlk þegar hitta þarf lækna, á húsfundi, ættarmót og fleira. „Ég vil þakka túlkabjónustunni innilega fyrir frábæra þjónustu. Þegar ég tala táknmál og á samskipti við heyrandi fólk í gegnum túlk er ég sjálfstæð og virt sem sjálfstæður einstaklingur. Ég finn til öryggis því túlkarnir eru fagmenn og lítill misskilningur kemur upp í samskiptunum. Nú reyni ég að biðja fjölskylduna sem minnst um aðstoð varðandi túlkun. Heyrnarlaustrir foreldrar sem eiga heyrandi börn verða að vera meðvitaðir um það að börn eru og eiga að vera börn, þau eiga ekki að bera þá ábyrgð að hringja og túlka fyrir foreldrana, það hefur ekki góð áhrif á þau. Í dag panta flestir heyrnarlaustrir foreldrar táknmálstúlk og biðja börnin sín ekki um að túlka fyrir sig, þannig á það líka að vera.“

„Ég man svo vel eftir kennslutímum,“ segir Jóna. „Kennarinn skrifaði orð á töfluna og við skrifuðum þau niður án þess að skilja hvað orðin þýddu. Síðan lásúm við upphátt það sem við höfðum skrifað með kennaranum sem benti á orðin á töflunni um leið. Við skildum kannski eitt og eitt orð en ekki samhengið.“

Jóna segist vera mjög heppin að eiga heyrandi fósturmóður sem jafnframt er móðursystir hennar og kann táknmál vel. Mamma Jónu, móðurbróðir, auk ömmu og afa Jónu voru öll heyrnarlaustrir. Fjölskyldan talaði því táknmál sín á milli. Eftir skóladaginn fór Jóna heim og það fósturmómmu sína að útskýra á táknmáli hvað stæði á blöðunum sem hún hafði skrifað á í skólanum. Daginn eftir útskýrði hún það svo fyrir hinum nemendum í bekknum. Bekkjafélagar Jónu bjuggu á heimavistinni og heyrandi starfsfólkið þar kunni ekki táknmál til þess að aðstoða þau við heimavinnuna.

Táknmálstúlkur voru ekki til staðar og því það Jóna einhvern í fjölskyldunni að túlka fyrir sig. „Þegar ég þurfti að hitta lækni tók ég stundum son minn með mér. Hann túlkaði fyrir mig og kom í veg fyrir mis-



Jóna (frá vinstri) ræðir við Júlíu.



Akraneskaupstaður



Væri ómenntaður verkamaður í dag án táknmálstúlka



Ární Ingi Jóhannesson (26 ára).

Ární er heyrnarlaur frá fæðingu. Hann ólst upp í táknmálsumhverfi og var nemandi í Vesturhlíðarskóla (skóli fyrir heyrnarlaura og heyrnarskertra). „Ég hef alltaf notað táknmálstúlka, einkum í skólanum en ég fór í Menntaskólann við Hamrahlíð og er nú á öðru ári í heimspeki við Hugvísindadeild Háskóla Íslands,“ segir Ární.

Ekki er langt síðan heyrnarlaur nemandi hóf fyrst nám við Háskóla Íslands og má það þakka táknmálstúlku. Heyrnarlaurir nemendur komust í fyrsta sinn inn í Háskóla Íslands um það bil árið 2000, en heyrnarlaur nemandi var í hlutanámi með túlk árið 1987 í Háskóla Íslands. „Hún varð okkar fyrirmynd, svo komust fleiri heyrnarlaurir inn Háskóla Íslands í mismunandi deildir, s.s. hjúkrun og félagsfræðideild“ segir Ární.

Ární segist ekki eiga í neinum vandræðum með að skilja kennarana eða nemendurna því táknmálstúlkarnir túlki allt sem sagt er. Túlkarnir bera ábyrgð á því að túlka á milli íslensku og

táknmáls, þeir eru hlutlausir og þeirra hlutverk er ekki að hjálpa nemendum við námið heldur að koma öllu til skila sem fram fer í kennslustundunum.

„Þegar maður les af vörum er hætt við misskilningi í samskiptunum, auk þess er það mikið álag að lesa af vörum í 45 mínútna kennslustund. Eftir fimm mínútna varalestur er ég orðinn þreyttur og einbeitingin eftir því,“ segir Ární.

Ární segist finna fyrir óöryggi í kennslustofunni ef túlkurinn er ekki kominn og kýs að bíða frammi eftir honum og koma með honum inn. Stundum vantar tákn fyrir hugtök og þá búa túlkarnir og Ární oft til tákn sem notað er í tímanum. „Táknmál var bannað í 100 ár og því komst samfélag heyrnarlaura ekki inn í heyrandi heim,“ segir Ární og bætir við að með viðurkenningu táknmálsins og táknmálstúlkun opnaðist þessi heyrandi heimur fyrir heyrnarlaurum, þau geti fylgst betur með, öðlast menntun og farið á fjölskylduhátíðir og fleira. „Án táknmálstúlka væri ég verkamaður með enga menntun“ segir Ární að lokum.

Að vera táknmálstúlkur



Árný Guðmundsdóttir og Gerður Sjöfn Ólafsdóttir, táknmálstúlkur.

Táknmálstúlkur starfa á öllum sviðum daglegs lífs, allt frá vöggju til grafar. Þeir einstaklingar sem hafa táknmál sem sitt fyrsta mál nýta sér táknmálstúlka til að fá þjónustu frá opinberum stofnunum sem og einkaaðilum. Sem dæmi má nefna að heyrnarlaurar verðandi mæður þurfa á túlkun að halda í mæðraeftirliti, heyrnarlaur börn þurfa túlka á sundnámskeiðum, heyrnarlaurir unglingar nota túlka við ýmiskonar tómsundaiðkun og nám, fullorðnir heyrnarlaurir notfæra sér þjónustu túlka á starfsmannafundum, húsfundum, foreldrafundum, við fermingar og fleira og fleira. Þar sem túlkur eru viðstaddir á ýmsum viðkvæmum stundum í lífi heyrnarlaura er mjög mikilvægt að allir átti sig á að trúnaðarskylda táknmálstúlka er einn mikilvægasti grundvöllur starfsins og nær bæði til einstaklinga og staða.

Eins og staðan er í dag fer stærsti hluti túlkastarfsins fram í skólum á ýmsum stigum en það má að einhverju leyti rekja til skorts á fjármagni til túlkunar, en þann 12. október 2004 veitti Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra 10 milljónum á ári í þrjú ár til túlkunar í daglegu lífi og var það til mikilla bóta fyrir heyrnarlaura. Einungis á heilbrigðisviði eru réttindi heyrnarlaura til táknmálstúlkunar tryggð með lögum.

Táknmálstúlkur vinna á mörgum stöðum og koma víða við. Táknmálstúlkun er ekki einungis þannig að túlkurinn sitji og túlki allt sem fram fer, heldur er túlkun alltaf samvinna. Samvinna túlsins og allra þeirra sem nýta sér þjónustu hans. Til þess að samvinnan gangi vel er mikilvægt að allir í að-

stæðunum séu meðvitaðir um það.

Annað atriði sem auðveldar túlkun á allan hátt er undirbúningur táknmálstúlsins, ýmist með fyrirbyggjandi gögnum eða öðrum upplýsingum varðandi verkefnið áður en það hefst.

Fagstétt táknmálstúlka er ung stétt. Einungis eru tíu ár síðan fyrstu táknmálstúlkarnir útskrifuðust frá Háskóla Íslands en að sjálfsgöðu hafa heyrnarlaurir fengið aðstoð við að eiga samskipti við heyrandi fólk í gegnum tíðina. Þeir sem veittu þessa aðstoð áður fyrr voru ýmist fjölskyldumeðlimir, ættingjar, vinir, vinnufélagar eða gamlir kennarar.

Táknmálstúlkur er brú á milli tveggja menningarheima, því ekki eru einungis túlkuð töluð orð, heldur líka önnur tjáning sem notuð er og er leitast við að koma menningarmun til skila þannig að upplifun þeirra sem eiga í samskiptum sé sem áþekktast.

Í starfi táknmálstúls felst ekki ábyrgð á aðstæðum, þeir eru ekki kennarar, læknar, félagsráðgjafar eða annað slíkt. Ábyrgð túlsins nær eingöngu til þess að samskiptin gangi eins vel fyrir sig og hugsast getur. Þeir sem eru þátttakendur í samtalinu/aðstæðunum bera ábyrgð á því og innihaldi þess. Til þess að þjónustan verði sem best er nauðsynlegt að túlkur fái hlé í 5 - 10 mínútur á hverjum klukkutíma. Ef verkefni taka lengri tíma en einn og hálfan klukkutíma er þeim sinnt af tveimur túlkum í einu sem skiptast á að túlka í 15 - 20 mínútur í senn.

Þar sem táknmál er ekki alþjóðlegt, er starf okkar túlka aðal-


lega fólgið í því að túlka á milli íslensks táknmáls (ÍTM) og talaðrar íslensku og í einstaka tilfellum milli erlends raddmáls og ÍTM.

Starfandi táknmálstúlkur hér á landi hafa nær allir gengið í gegnum þriggja ára nám við Háskóla Íslands og lýkur því námi nú með BA- prófi í táknmálstúlkun. Um þessar mundir eru þrettán ár síðan menntun í táknmálfræði hófst í fyrsta sinn við HÍ. Námið skiptist í tvo hluta, fyrri hlutinn er tvö ár í táknmáli, sem kennt er á svipaðan hátt og önnur tungumál. Seinni hlutinn er táknmálstúlkun sem er eins árs nám þar sem farið er í síðfræði og öll atriði túlkunar og túlkunarfræða. Til viðbótar við háskólamenntunina þarf táknmálstúlkur einnig að hafa gott vald á íslensku, hafa góða almenna þekkingu og vera vel að sér í menningu heyrnarlaura.

Táknmálstúlkur þurfa einnig að vera sveigjanlegir á margan hátt því ekki er alltaf gert ráð fyrir túlkum fyrirfram í aðstæðunum.

Þar sem við höfum unnið við þetta fjölbreytta, skemmtilega og krefjandi starf í tíu ár höfum við séð miklar breytingar gagnvart táknmáli og heyrnarlaurum. Í dag er mun sjálfsgöðara að nota túlk en fyrir tíu árum og almenningur hvárir ekki í hvert skipti sem táknmálstúlkur segir til starfsheitis. Táknmál er mun sýnilegra í samfélaginu en það var og þá um leið einnig heyrnarlaurir.

Árný Guðmundsdóttir og Gerður Sjöfn Ólafsdóttir
Greinarhöfundar eru táknmálstúlkur, útskrifaðir frá HÍ 1997



Heyrandi börn heyrnalausra foreldra

Heyrandi börn heyrnalausra foreldra tilheyra tveimur mál- og menningarheimum. Menningarheimi foreldra sinna þar sem táknmál er talað og heyrandi heimi stórfjölskyldu, skóla og samfélags þar sem íslenska er töluð. Í menningu heyrnalausra eru þau kölluð CODA sem er

skammstöfun fyrir **a Child of Deaf adult**, þ.e. heyrandi barn sem er alið upp af heyrnalausum foreldri. CODA undir 18 ára eru stundum kölluð KODA (Kids Of Deaf Adults).

Hér á eftir eru viðtöl og frásagnir þriggja CODA barna sem eru

Haukur Darri (14 ára), Margrét Auður (35 ára) og Garðar (38 ára). Reynt er að varpa ljósi á hvernig þeirra upplifun var af því að eiga heyrnalaus foreldra og fróðlegt er að sjá hvernig samskiptin fóru fram á heimilunum.

Notuðum stök tákn og einföld samskipti við móður okkar

Viðtalið tók Júlía G. Hreinsdóttir

Bræðurnir Jón Ingvar og Árni Garðarssynir eru börn heyrnalausrar, einstæðrar móður, Sigríðar Magnúsdóttur, sem lést fyrir nokkrum árum. Þeir eru því CODA börn. Hugtakið CODA er notað fyrir heyrandi börn heyrnalausra foreldra sem tilheyra í raun tveimur mál og menningarheimum, menningarheimi foreldra sinna sem tala táknmál og heyrandi heimi stórfjölskyldu og samfélagsins í heild þar sem íslenska er töluð. CODA er skammstöfun fyrir *a Child of Deaf adult*. CODA börn undir 18 ára eru stundum kölluð KODA kids (Kids of Deaf Adults).

Við Jón Ingvar mæltum okkur mót á Kaffi Milanó fyrir viðtalið. Viðtalið fór fram á táknmáli eða öllu heldur því máli sem Jón Ingvar var vanur að nota við mömmu sína, með stökum táknum. Það er skemmtilegt að segja frá því að þó svo Jón Ingvar hafi ekki átt samskipti við heyrnalaus á táknmáli í mörg ár þá er hann með óskrifðar samskiptareglur sem viðgangast í samfélagi heyrnalausra á hreinu. Hann bankar í borðið á réttum stöðum og er mjög meðvitaður um það hvernig samskiptin fara yfirleitt fram. Enginn túlkur var í viðtalinu.

Bræðurnir fengu enga fræðslu um táknmál né kennslu. Í raun var engin hvatning í þjóðfélaginu til að læra táknmálið. Hvergi var boðið upp á táknmálsnámskeið og ekki var litið svo á að táknmálið væri alvöru tungumál líkt og íslenska, danska o.s.frv. Jón Ingvar segist í raun ekkert hafa hugsað út í það á þeim tíma hvort táknmál væri fullkomið mál eða ekki. Hann segir að þeir bræður hafi verið áhorfendur í eldhúsinu hjá móður sinni þar sem fólk var að tala saman á táknmáli. Oft hafi mikið gengið á og



Jón Ingvar Garðarsson.

mikið verið hlegið. Því hafi þeir alist upp við að finna táknmálið vera sjálfsgagt mál, eins og íslenska.

Í samskiptum við móður sína notuðu bræðurnir stök tákn og íslensku. Notuð voru einföld tákn eins og *mjólk*, *brauð* og önnur hversdagsleg tákn. Einnig var varaaflestur notaður mikið.

Jón Ingvar segist ekki skilja heyrnalaus á dag þegar þeir tala saman á táknmáli. „Ef ég er að tala við heyrnalaus þá get ég bjargað mér með stökum táknum og varamáli“ segir hann.

Áður en túlkabjónusta var í boði fyrir heyrnalaus þurftu heyrandi fjölskyldumeðlimir oft að túlka á milli tákn máls og íslensku. Bræðurnir voru þar engin undantekning en þó talar Jón Ingvar um að það hafi meira lent á Árna þar sem hann hafi verið eldri. Sérstaklega fór þessi túlkun fram þegar móðir þeirra veiktist og þá í samskiptum við lækna og hjúkrunarfólk. Systur hennar og föðursystir hjálpuðu einnig þegar á þurfti að halda.

Bræðurnir urðu aldrei varir við stríðni eða einelti vegna þess

að þeir áttu heyrnalaus móður. Krakkarnir voru þvert á mót forvitnir um táknmálið en það var líka heyrnalaus strákur sem bjó í sömu blokk svo viðmót krakkanna var alltaf jákvætt.

Sem CODA barn upplifði Jón Ingvar aldrei neina alvarlega menningarárekstra milli samfélags heyrnalausra og heyrandi. Það helsta sem hann hefur þó tekið eftir er hversu óþægilegt það er þegar heyrandi einstaklingur talar við heyrnalaus einstakling og skilur ekki hvers vegna hann fær ekki viðbrögð.

Einangrunartímabilið svokallaða eða tákn málsbannið var á árunum 1880-1980. Jóni Ingvari finnst furðulegt að hægt hafi verið að takmarka samskipti heyrnalausra eins og raun bar vitni. Í dag hefur hins vegar margt breyst í samskiptaleiðum heyrnalausra.

„Tækniframfarir hafa breytt miklu í samskiptamálum heyrnalausra. Internetið og sms var ekki í boði áður en þykir í dag sjálfsgaður hlutur. Maður getur því ímyndað sér hversu erfitt það hefur verið að mega ekki tjá sig sem best maður getur“, segir Jón Ingvar að lokum.

Tilheyrir tveimur menningarheimum



Viðtalið tók Kristinn Jón Bjarnason

Haukur Darri Hauksson er heyrandi og foreldrar hans, Haukur Vilhjálmsson og Elsa G. Björnsdóttir, eru bæði heyrnalaus. Darri, eins og hann er kallaður, talar táknmál og býr hjá föður sínum.

Darri hefur talað bæði íslensku og táknmál frá því hann man eftir sér en fyrsta táknmál sem hann lærði var „mjólk“. Darri segist hafa lært táknmál af föður sínum sem talaði alltaf táknmál án þess að nota rödd við hann, og stök tákn lærði hann í Sólborg. Darri lærði að tala á sama tíma og hann lærði táknmál en hann lærði íslenskuna með því að tala við ömmu sína og afa en einnig lærði hann íslensku í leikskólanum. Hann er jafnvígur á bæði málin í dag. Darri segist tala táknmál án þess að nota rödd við pabba sinn og að þeir spjalli mikið saman.

Darri segist skilja allt þegar döff hittast og tala saman á táknmáli, t.d. foreldrar hans. „Ég skil allt sem þau segja og oft er ég með í umræðunum ef umræðuefnið er spennandi“.

Darri segir að stundum komi fyrir að hann hafi túlkað fyrir föður sinn, t.d. í búðum eða á veitingahúsum. Það spari tíma sem annars fari í að skrifa á blað. Hann talar um að fólk verði oft hissa þegar hann fari í túlkahlutverkið og segi við hann: „Mikið ertu duglegur að kunna táknmál“. Darri segir þó undantekningartilvik að hann túlki fyrir föður sinn þar sem túlkabjónusta sé í boði hjá Samskiptamiðstöðinni. Faðir hans bjargi sér yfirleitt í samskiptum við aðra og hefur Darri aldrei upplifað að hann þurfi að túlka fyrir hann við erfiðar aðstæður.

Aðspurður segir Darri að vinir hans taki því mjög vel að foreldrar hans séu heyrnlausir. Hann finni ekki að viðhorfið til

foreldra hans sé eitthvað öðruvísi en til heyrandi foreldra annarra vina hans. Þeir séu mjög áhugasamir um táknmál og biðji hann oft um að kenna sér tákn. Einnig langar einn af vinum hans mikið að byrja að læra táknmál.

Margir vinir Darra eru CODA börn og hafa þau mikil samskipti sín á milli. Þau nota talmál þegar þau hittast en stundum kemur fyrir að þau nota stök tákn sín á milli. Hann á einn vin sem er heyrnalaus og hafa þeir mest samskipti í gegnum MSN og SMS.

Síðastliðið sumar vann Darri í vinnuskóla fyrir 13 - 15 ára unglinga þar sem fjórir voru heyrnlausir og fimm til sex heyrandi. Darri er mjög meðvitaður að hafa alla með í samræðum ef einhver heyrnalaus sé með í hópnum og passar sig þá að nota táknmál. Einnig hefur hann alltaf verið meðvitaður um það að táknmál sé fullkomið mál rétt eins og raddmálin og að íslenskt táknmál sé ólíkt öðrum táknmálum í öðrum löndum, rétt eins og hvert annað tungumál.

Darri segist vel þekkja til einangrunartímabilsins eða tákn málsbannsins sem var frá 1880 til 1980. Hann segist fegin að ekki sé um slíkt að ræða í dag þar sem heyrnlausir eigi að hafa fullan rétt á að tjá sig á táknmáli, sínu eigin móðurmáli.

Að lokum leggur Darri áherslu á nauðsyn þess að foreldrar heyrnalausra barna tali við þau á táknmáli og kenni þeim táknmál. Börn þurfa að geta rætt við foreldra sína um hvað sem er, á tungumáli sem er þeim eðlilegt. Draumur hans er að koma á fót samtökum CODA á Íslandi eins og víða er erlendis. Markmið samtakanna væri að koma á fræðslu og gefa CODA börnum færi á að hittast reglulega. Bestu vinir Darra eru CODA börn.

Tvær fjölskyldur í lífi mömmu

Viðtalið tók Júlía G. Hreinsdóttir

Margrét Auður Jóhannesdóttir er CODA barn, dóttir Árnýjar Elsu Þórðardóttur sem er heyrnarlaustr. Margrét Auður er menntaður táknaáhrifstúlkur og starfar sem túlkur á táknaáhrifssviði Hlíðarskóla. Margrét Auður segir frá reynslu sinni af því að eiga heyrnarlaustra móður og hvernig það var að alast upp hjá henni.

Vorum fljót að átta okkur á að mamma var heyrnarlaustr

Þegar ég og bróðir minn vorum lítil og þjuggum hjá móður okkar og föður, vorum við mjög fljót að átta okkur á að mamma væri heyrnarlaustr. Ættingjar okkar segja að við höfum hætt að gráta með hljóðum þegar mamma var heima og ýkt frekar svipbrigði þegar við grétum. Þegar mamma var sofandi grétum við ekki heldur köstuðum pelunum okkar í hana til að vekja hana. Þegar ég óx úr grasi man ég eftir að ég var byrjuð að gera tilraunir eins og að taka ryksuguna úr sambandi meðan hún var að ryksuga og var voða hissa á að hún skyldi fatta það þegar ég tók úr sambandi. Einnig man ég eftir að ég var stundum að plata hana og segja að einhver hafi verið að banka. Sennilega var þetta bara tímabil sem maður þurfti að ganga í gegnum til að komast yfir að mamma var öðruvísi. Ég hef heyrt fleiri uppkomin börn heyrnarlaustra lýsa svipuðum gjörningum.

Mamma notaði táknaáhrif mig en ekki voru allir hrifnir af því

Ég skynjaði alltaf sorg hjá afa mínum og ömmu yfir því að hafa átt tvö heyrnarlaustr börn.

Sjálf man ég eftir þælingum eins og að ég gæti aldrei kallað *mamma* eins og hinir krakkarnir því hún myndi aldrei heyra í mér.

Ég var á unglingsaldri þegar ég upplifði í fyrsta sinn sorg yfir heyrnarleysi mömmu, þá var ég mjög upptekin af ákveðinni hljómsveit og leið yfir því að hún gæti ekki notið hennar með mér. Það lýsir kannski betur sjálfhverfni unglingsins en öðru. Í seinni tíð hef ég þó orðið sorgmædd yfir tækifærum sem mamma mín fékk ekki, eingöngu vegna þess hún var heyrnarlaustr.

Mamma byrjaði að nota táknaáhrif mig en það voru ekki allir hrifnir af því á þeim tíma. Ég er fædd 1972. Mamma fór því að nota meira rödd við mig en studdi þó talið alltaf með táknaáhrifum sem voru ýmist hluti af táknaáhrifum heyrnarlaustra eða

heimatáknaáhrifa. Þegar ég var 6 ára flutti mamma til Danmerkur og samskipti okkar urðu því minni. Systir hennar túlkaði einkum fyrir hana þegar hún kom heim í frí og því lenti það lítið á mér. Mér hefur aldrei verið strítt á því að eiga heyrnarlaustra mömmu, ég hef frekar fundið fyrir jákvæðri athygli vegna þess og fengið spurningar í kjölfarið.

Litill skilningur á málefnum heyrnarlaustra

Almennt viðhorf til heyrnarlaustra á þeim tíma var oft lítað af vanþekkingu sem kom til af því að fáir kunnu táknaáhrif og enn færri skyldu menningu heyrnarlaustra. Faðir minn átti einnig heyrnarlaustran bróður svo að ég ólst upp við heyrnarlaustrleysi í báðum fjölskyldum. Ég heyrði oft lýsingar á því að heyrnarlaustrir væru frekir og fljótir að reiðast. Heyrnarlaustrir gætu bara ekki skilið allt. Í dag veit ég að þessi túlkun stafar af hindrunum í samskiptum, fólk var pirrað á því að skilja ekki hvert annað. Heyrandi fólk heldur líka oft að sá heyrnarlaustr sé reiður vegna hljómfallsins í röddinni.

Einangrun heyrnarlaustra

Ég heyrði einnig að heyrnarlaustrir þyrftu að tala rosalega mikið og gætu talað endalaust í marga klukkutíma. Móðurfólk mitt velti því oft fyrir sér hvað heyrnarlaustrir gætu verið að tala um í allan þennan tíma og af hverju þau væru svona mikið í heimsókn hjá hvert öðru. Í dag veit ég að heyrnarlaustrir þurfa ekki að tala meira en aðrir heldur kom þetta þannig út vegna þess að heyrnarlaustrir gátu ekki talað í síma heldur fóru öll þeirra samskipti fram í heimsókn hjá hvert öðru. Heyrnarlaustrir hafa líka oft ekki mikið eða djúpt samskipti við blóðfjölskyldu sína.

Forréttindi að alast upp í heimi heyrnarlaustra og heyrandi

Ég man líka að allir í minni fjölskyldu héldu að mamma hefði svo gaman af því að skoða myndir í albúnum þegar við fórum eitthvert í heimsókn. Henni voru alltaf rétt albúm í heimsóknunum en kannski hafði hún ekkert meiri áhuga á því en hver annar. Hún hafði bara fundið sér eitthvað annað að gera þegar allir heyrandi voru uppteknir við að tala saman og hún utangátta á meðan, og eitt af því var að skoða myndir.

Ég myndi segja að það séu algjör forréttindi að hafa fengið að upplifa í raun báða heima. Ég kynntist því að eiga ágæt samskipti við mömmu þó ég væri ekki fljúgandi fær í

táknaáhrifa og skildi ekki heyrnarlaustra. Móðurfjölskylda mín kann upp til hópa ekki táknaáhrif en hefur alltaf átt góð samskipti við mömmu.

Heyrnarlaustrir hittast í boðum eins og í fjölskylduböðum

Ég tók fljótt eftir því að heyrnarlaustrir voru alltaf mjög glaðir að hitta hvern annan. Gleðin var ávallt mikil og fallist í faðma. Mér fannst það ólíkt heyrandi fólk sem réttir fram höndina og segir *sæll og blessaður*. Ég fór mikið með mömmu í heimsóknir til heyrnarlaustra þegar hún var á landinu. Ég skildi ekki aðra heyrnarlaustra en mömmu og upplifði mig í þessum heimsóknunum eins og mamma hefur upplifað veislur og fjölskylduböð með okkur heyrandi fjölskyldu sinni. Ég var utangátta og fannst tíminn lengi að líða og sérstaklega fannst mér þau alltaf lengi að kveðjast því þau fundu alltaf eitthvað nýtt að tala um.

Tvær fjölskyldur í lífi mömmu

Ég segi alltaf í dag að mamma eigi tvær fjölskyldur. Önnur er blóðfjölskylda hennar en hin eru heyrnarlaustrir. Ég var lengi að átta mig á þessu og ég held að við blóðfjölskyldan höfum upplifað einhvers konar höfnunartilfinningu gagnvart „heyrnarlaustrum fjölskyldunni.“

Veturinn eftir að mamma lauk grunnskóla vildu afa og amma hafa mömmu heima hjá sér í sveitinni fyrir austan. Henni leið ekki vel þennan vetur, ekki það að henni liði ekki vel með foreldrum sínum heldur saknaði hún mikið skólasystkina sinna og táknaáhrifsumhverfisins. Hún hafði eins og margar kynslóðir heyrnarlaustra alist upp að mestu á heimavist og þar urðu heyrnarlaustrir eins og „ein fjölskylda“ með kostum þess og göllum. Í dag skil ég þetta bet-



Margrét Auður Jóhannesdóttir.

ur og tek því ekki sem höfnun ef móðir mín kys frekar að heimsækja heyrnarlaustran vin heldur en að heimsækja frændfólk sem hún getur lítil sem engin samskipti átt við. Að sjálfsgöðu þykir henni jafnvænt um frændfólk sitt og mér en hún kys kannski að vera með fólk sem hún ólst að hluta upp með, deilir menningu hennar og getur átt afslöppuð og innihaldsrík samskipti við. Eftir að ég lærði táknaáhrif fann ég að það var þetta sem breyttist á milli okkar. Við getum talað um allt, rökrætt, rifist ef út í það er farið, sagt brandara, og samskiptin ganga með eðlilegum hraða en ekki með hægagangi og kannski misskilningi eins og gat komið fyrir áður.

Mikilvægt að skilja menningu heyrnarlaustra

Þegar ég fór að læra táknaáhrif og í framhaldi af því táknaáhrifstúlkun, uppgötvaði ég hvað skilningur á sögu og aðstæðum heyrnarlaustra er mikilvægur.

Þar með talin menning heyrnarlaustra og menningarmunur á milli heyrandi og heyrnarlaustra. Ég held til dæmis að hjónaband foreldra minna hafi að stórum hluta ekki gengið upp vegna menningarárækkstra og þannig hefur verið með fleiri blönduð hjónabönd heyrandi og heyrnarlaustra. Ég held í dag að með meiri táknaáhrifskennslu og meðvitund um menningu heyrnarlaustra og menningarmun yfir höfuð, séu minni líkur á slíkum árekstrum en áður. Ég vil lýsa þessu líkt og þegar gardínur eru dregnar frá glugga. Ég skyldi táknaáhrif sem mamma sagði mér og ég fann að hún hugsaði oft öðruvísi en ég en ég festi aldrei fingur á hvað það var nákvæmlega sem olli því. Í dag veit ég að það var menningarmunur, við mamma erum í raun frá sitthvorum menningarheiminum þó að það sé meira líkt með okkur heldur en ólíkt.

Táknaáhrif ehf. - táknaáhrif fyrir þig

Annast þýðingu af íslensku lesmáli yfir á táknaáhrif

www.taknamal.net



Táknaáhrif ehf.

Kennsla heyrnarusra barna á Íslandi



Berglind Stefánsdóttir, stýrir táknaálssviði Hlíðaskóla.

Viðtalið tók Kristinn Jón Bjarnason

Upphaf kennslu heyrnarusra barna má rekja aftur til ársins 1867 þegar sr. Páll Pálsson fékk leyfi danskra yfirvalda til þess að kenna heyrnarusum börnum á heimili sínu á Prestbakka í Vestur-Skaftafells-sýslu. Skóli heyrnarusra var síðar á Gaulverjabæ, Ölfusi, og lengst af á Stóra-Hrauni, en

hann fluttist til Reykjavíkur árið 1909. Skólinn var þá gerður að ríkisskóla og var á fyrstu árunum á Laugavegi 17, en fluttist síðan að Spítalastíg 9 fimm árum síðar. Skólinn var fluttur að Stakkholti 3 árið 1917 og var þar til 1971 er hann fluttist í nýtt húsnæði í suðurhlíðum Öskjuhlíðar við Leynimýri. Skólinn var lagður niður árið 2001 og sameinaður öðrum skóla og

gerður að táknaálssviði Hlíðaskóla undir heitinu Hlíðaskóli.

Sveigjanlegt skólaumhverfi fyrir heyrnarusnemendur

Við ræddum við Berglindi Stefánsdóttur sem stýrir táknaálssviði Hlíðaskóla frá því að Vesturhlíðarskóli sameinaðist Hlíðaskóla árið 2001 og forvitnuðumst aðeins um starf táknaálssviðs. Berglind sagði að táknaálssvið Hlíðaskóla væri rekið eins og skóli innan skólans. Nú í vetur eru nemendur á táknaálssviði 23.

Berglind útskýrði að hugmyndafræði Táknaálssviðsins byggir á tvítýngisstefnu sem er í samræmi við markmið Aðalnámsskrár grunnskóla frá 1999. Þar eru bæði málin, táknaál og íslenska, jafnréttá og stefnt að því að nemendur verði tvítýngdir við lok grunnskóla, þ.e. hafi gott vald á táknaáli og íslensku.

Táknaálssviðið á að veita heyrnarusum og heyrnarskertrum nemendum kennslu við hæfi og á að taka við nemend-

um af öllu landinu sé þess óskað og viðkomandi sveitarfélag sé reiðubúið að greiða fyrir þjónustuna. Táknaálssviðið á líka að sinna daufblindum nemendum og þeim nemendum sem þurfa sjónrænt mál af einhverjum orsökum.

Nemendur sem innritast á táknaálssvið eru allir heyrnarskertrir eða heyrnarusir og sumir með fleiri fatlanir. Allir nemendur á táknaálssviði eru með einstaklingsnámsskrá. Þeir tilheyra heyrandi bekk og sækja tíma að hluta eða í heild með þeim bekk. Þegar nemendur táknaálssviðs sækja tíma með heyrandi jafnöldrum fylgir þeim túlkur eða táknaálstalandi kennari. Á táknaálssviði er kennslumálið aftur á móti táknaál. Blöndun inn í heyrandi bekkjum er á forsendum hvers og eins og sveigjanleiki er í skólastarfinu sem tekur mið af þörfum hvers og eins nemanda. Áhersla er lögð á sérhæfða kennslu og starfsemi Vesturhlíðarskóla verði óbreytt en möguleikar á félagslegum og námslegum samskiptum við

heyrandi nemendur aukist við sameininguna.

Með setningu aðalnámsskráa grun- og framhaldsskóla árið 1999 var í fyrsta skipti sett ákvæði þess efnis að nemendur með annað móðurmál en íslensku og heyrnarusir og heyrnarskertrir ættu rétt á sérstakri íslenskukennslu og heyrnarusir nemendur ættu einnig rétt á táknaálkennslu. Sérstök námsskrá var samin í þessum greinum. Á þessu ári var unnið að endurskoðun með nýrri aðalnámsskrá grunnskóla sem ber heitið Tvítýngiskennsla í íslensku táknaáli og íslensku. Með nýrri aðalnámsskrá verður réttur heyrnarusra og heyrnarskertra nemenda aukinn frá því sem nú er og gert ráð fyrir að íslenska táknaálið sé fyrsta mál þeirra.

Berglind sagði einnig að börn sem komi í skólann séu á aldri 6 til 15 ára eins og í almennum skóla og eru heyrnarus börn ekki undanþegin frá námi í grunnskóla. Þau fá kennslu á táknaáli.

„Hef alltaf talað táknaál“

Viðtalið tók Kristinn Jón Bjarnason.

Blaðamaður hitti Arnar Smára Elíasson sem er döf (heyrnarus) og móður hans Ástu Björnsdóttur á heimili þeirra.

Arnar Smári fæddist döf og ekki er vitað um orsakir þess. Hann á tvö systkini sem bæði eru heyrandi. Arnar Smári er fimmtán ára og er í 10. bekk á táknaálssviði í Hlíðaskóla.

Arnar Smári byrjaði eins árs í svokölluðu Rauða húsi sem var eitt af húsunum við Vesturhlíðarskóla. Hann var í leikskólanum Sólborg frá því hann var þrjú ára og þar til hann var sex ára en þá fór hann í Vestur-

hlíðarskóla sem þá var skóli fyrir heyrnarus. Þar þótti honum mjög gott að vera því allir töluðu táknaál. Í dag hafa aðstæður breyst þar sem skólinn var sameinaður Hlíðaskóla fyrir nokkrum árum og táknaálssvið sameinaðs skóla tók við hlutverki Vesturhlíðarskóla. Skólinn er þá að sjálfsögðu stærri en áður en einnig er það svo að margir kunna ekki táknaál. Að sögn Arnars Smára eru fjórir til fimm saman í bekk á svipuðum aldri og er allt kennt á táknaáli. Stundum er hann í bekk með heyrandi og þá er túlkur með honum.

„Mér finnst skemmtilegast að læra táknaál og stærðfræði en



Ásta og Arnar Smári ræða saman á táknaáli.

einnig finnst mér mjög gaman að vinna með tölvur og hef mikinn áhuga á því“, segir Arnar Smári um hvað honum finnst skemmtilegast í skólanum. Hann segist hafa talað táknaál frá því að hann man eftir sér og þau mæðgin tali saman á táknaáli.

Ásta segir að fljótlega eftir að hún átti Arnar Smára hafi þau hjónin uppgötvað að hann væri heyrnarus. Hann svaf vært

þrátt fyrir hávaða eins og t.d. þegar borað var í vegg. Þá fékk hún aðstoð hjá Foreldra- og styrktarfélagi heyrnarusra þegar Arnar Smári var ungabarn. Henni varð strax ljóst að mikilvægast væri að byrja strax að læra táknaál. Hún gerði það með því að sækja námskeið hjá Samskiptamiðstöð heyrnarusra og heyrnarskertra. Ásta hefur lokið tíu námskeiðum. Henni fannst mjög gott að fá aðstoð og geta leitað til For-

eldrafélagsins og hjálpaði það henni mjög mikið frá upphafi. Þannig kynntist hún öðrum foreldrum og í dag er hún í stjórn félagsins. Ásta er mjög ánægð með hvernig gengur hjá Arnari Smára í skólanum. Henni finnst hann læra jafnmikið og heyrandi og það séu gerðar svipaðar kröfur til hans.

Við þökkum Arnari Smára og Ástu fyrir viðtalið.



Arnar Smári.

Menning og saga heyrnarlaustra: „Fyrir og eftir Mílanó“!

Saga heyrnarlaustra í heiminum er um margt merkileg og vert að veita henni athygli. Við gætum spurt okkur hvenær sú saga hefst. Svárið er væntanlega á þá leið að það hljóti að vera á sama tíma og mannkynssagan. Það er erfitt að ímynda sér að heyrnarlaustrir hafi ekki alltaf verið til.

Það eru ekki til margar heimildir um heyrnarlaustra úr fortíðinni. Þeir virðast ekki hafa vakið mikla athygli fræðimanna. Þó er hægt að finna einhverjar lýsingar á hugmyndum manna um heyrnarleysi. Tveir mestu heimspekingar Grikkja til forna, Platón og Aristoteles minntust á heyrnarlaustra í skrifum sínum. Platón skrifaði: „Ef við hefðum hvorki rödd né tungu, myndum við þá ekki líkt og dauðumbir tjá okkur með táknum handa, höfuðs og líkama“. Aristoteles skrifar hinsvegar að þeir sem fæddust heyrnarlaustrir gætu ekki vitkast. Þessi kenning hans hafði lengi áhrif á viðhorf manna til heyrnarlaustra. Menn töldu að þar sem þeir hefðu ekkert „vit“ væri tilgangslausið að reyna að kenna þeim eitthvað. Lítið er vitað um viðhorf Rómverja til heyrnarlaustra. Þó er hægt að lesa í lögboók þeirri er kennd er við Jústíníanus keisara að réttindi manna væru háð því að þeir gætu talað og skrifað nafnið sitt. Þar af leiðandi voru þeir sem fæddust heyrnarlaustrir meðhöndlaðir eins og börn og þurftu umsjónarmann. Þeir sem hinsvegar misstu heyrn eftir máltöku höfðu sömu réttindi og skyldur og heyrandi fólk og báru fulla ábyrgð á gerðum sínum. Í heimildum um Rómverja er aðeins minnst á einn heyrnarlaustrarmann. Hann hét Quintus Pedius og var uppi á 1. öld fyrir Krist. Hann lærði að mála og varð frægur myndlistarmaður við hirð Júlíusar Sesars.

Litlar sem engar heimildir eru til um heyrnarlaustra á Íslandi fyrr en um miðja 19. öld. Ef rýnt er í Íslendingasögurnar virðist þó sem þeir hafi ekki verið útilokaðir frá samfélaginu heldur tekið þátt í því með ýmsu móti. Oftast var talað um þá sem daufa og mállausa.

Það eru einkum tvær meginstefnur sem talað er um í sambandi við kennslu heyrnarlaustra. Annars vegar þar sem kennslumálið var táknmál (Manual) og hins vegar raddmál (Oral). Þessar tvær leiðir eru kenndar við tvo menn, franska prestinn Charles Michel de l'Épée (manual) og Samuel Heinic-

ke (oral). Gjarnan var talað um frönsku aðferðina og þýsku aðferðina. Ágreiningur myndaðist á milli þessara tveggja leiða og var hann oft tilefni bréfaskrifta og deilna milli manna, án þess að hægt væri að komast að einhverri einni niðurstöðu um hvaða aðferð væri best. Þjóðir sem notuðu táknmál í kennslu heyrnarlaustra voru til dæmis Frakkar, Bandaríkjamenn, Danir, Svíar og Norðmenn. Þær þjóðir sem notuðu meira raddmálsaðferðina voru auk Þjóðverja til dæmis Hollendingar og Svisslendingar.

Í Bandaríkjunum var maður að nafni Thomas Gallaudet. Hann fór til Evrópu til að kynna sér kennslu heyrnarlaustra barna. Þar kynntist hann Laurent Clerc, sem hafði verið nemandi L'Épée í franska skólanum. Hann fylgdi honum til Bandaríkjanna og aðstoðaði hann við stofnun skóla fyrir heyrnarlaustra. Sonur Thomas Gallaudet, Edward, stofnaði síðar háskóla fyrir heyrnarlaustra í Washington D.C. Gallaudet University. Sá skóli er enn starfræktur og nýtur mikillar hylly, t.d. hafa nokkrir heyrnarlaustrir Íslendingar sótt nám þangað.

Danmörk var fyrsta landið í heiminum sem setti lög um skólaskyldu fyrir heyrnarlaustr börn, árið 1817. Það var að tilstuðlan prestsins Peter Atke Castberg. Hann kynnti sér kennslu fyrir heyrnarlaustra, bæði „frönsku“ og „þýsku“ aðferðina. Hann heillaðist af frönsku aðferðinni og nýtti sér hana en einnig studdist hann við hugmyndir nemendanna sjálfra um tákn fyrir orð og hugtök. Danska táknmálið þróaðist síðan smátt og smátt. Hin Norðurlöndin urðu fyrir áhrifum frá Danmörku og það leið ekki á löngu þar til stofnaðir voru skólar fyrir heyrnarlaustra og heyrnarskerta nemendur annars staðar. Á þessum árum hlutu nemendur aðallega menntun í ýmis konar iðngreinum s.s. skósmíði, klæðskeraiðni, húsmíði og húsgagnasmíði.

Tímabilið um og eftir miðja 19. öld hefur oft verið kallað „blómaskeið“ heyrnarlaustra. Það er einkum til komið vegna þess að í mörgum löndum voru skólar þar sem táknmálið var í hávegum haft og skilningur á mikilvægi þess í menntun barnanna. Í sumum skólum voru heyrnarlaustrir kennarar í meiri hluta. Heyrnarlaustrir tóku virkan þátt í samfélaginu og þeim umræðum sem áttu sér stað um ýmis málefni t.d. er varðaði það

hvort eitthvað væri líkt með táknmáli og þjóðtungunni. Líklegt er talið að margir heyrnarlaustrir hafi verið tvítyngdir á þessum tíma, þ.e. kunnað táknmál og getað lesið og skrifað þjóðtunguna og þar af leiðandi verið þátttakendur í báðum menningarheimum. Svo fór að bera á efasemdaröddum meðal heyrandi kennara heyrnarlaustra um gildi þess að nota táknmál í kennslu.

Árið 1878 var haldin ráðstefna kennara heyrnarlaustra í París. 54 kennarar mættu og voru þeir allir franskir utan tveggja. Á þessari ráðstefnu var reynt að fá samþykkt að banna táknmálið en þó að það fengist ekki samþykkt í það skiptið var ályktað sem svo að til þess að heyrnarlaustrir gætu fengið „endurreisn í samfélaginu“ yrði að leggja áherslu á raddmálið. Ákveðið var að halda aðra heimsráðstefnu í Mílanó tveimur árum seinna eða árið 1880 og átti sú ráðstefna eftir að hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir samfélög heyrnarlaustra um allan heim.

Fundarmenn á þeirri ráðstefnu voru sammála um að yfirburðir raddmálsins væru óumdeilanlegir og að táknmál ætti hvorki heima í skólum heyrnarlaustra né í lífi þeirra. Heyrnarlaustrir áttu að tala móðurmál þjóðar sinnar og lesa af vörum. Með því að læra og nota raddmál myndu öll vandamál heyrnarlaustra hverfa, allir erfiðleikar í samskiptum hverfa og einangrun heyrnarlaustra þar með talin. Ákvörðun fundarins var því sú að **TÁKNMÁLIÐ SKYLDI BANN- AÐ.**

Táknmálið hvarf úr skólum á undraverðum hraða, nemendur þurftu að sitja á höndunum á sér og var refsað ef þeir notuðu einhverjar bendingar. Öllum heyrnarlaustrum kennurum var sagt upp störfum og hurfu þar með fullorðnar fyrirmyndir barnanna úr skólunum. Margir, bæði heyrnarlaustrir og heyrandi, eru sammála um það að niðurstaða Milanófundarins sé það versta sem gerst hafi í samfélögum heyrnarlaustra. Þeir hafi verið hneptir í félagslega og sálræna fjötra í marga áratugi, sviptir móðurmáli sínu og reisn.

Heyrnarlaustrir tala oft um tímabilið „fyrir Mílanó“ og „eftir Mílanó“, slíkt voru áhrifin á líf fólks. Fram til ársins 1880 voru aðstæður heyrnarlaustra allt aðrar og víða voru þeir virkir í sínu samfélagi, höfðu öðlast menntun og stunduðu ýmis



Arnprúður Jónsdóttir, táknmálistúlkur.

konar störf. Eftir 1880 einangrast þeir meir og meir, sú einangrun stóð yfir í 100 ár.

Það var ekki fyrr en um og eftir 1980 sem þróunin fer að snúast við aftur og það fara að eiga sér stað breytingar í kennslu heyrnarlaustra. Fram að þeim tíma var raddmálsaðferðin alls ráðandi. Nú fóru menn að átta sig á að sú aðferð bar ekki tilætlaðan árangur og áherslan á táknmálið fór að verða meiri. Heyrnarlaustrir höfðu fram að þessu ekki haft neitt að segja um uppbyggingu á eigin menntun og þjónustu við heyrnarlaustra, heyrandi sáu um það.

Nú er það svo að mörg lönd hafa viðurkennt táknmál sem fyrsta mál heyrnarlaustra og er það vel. Hér á Íslandi hefur táknmálið verið viðurkennt í námsskrám grunnskóla og framhaldsskóla en ekki í lögum. Vonir manna eru bundnar við að það líði ekki á löngu þar til það verði að veruleika. Frumvarp þess efnis hefur verið lagt fram á Alþingi nokkrum sinnum en ekki verið samþykkt. Það er afar nauðsynlegt að fá þessa viðurkenningu því að með því mun aðgengi heyrnarlaustra að upplýsingasamfélagi samtímans aukast og verða auðveldara.

Fyrir árið 1980 voru engir túlkar til hér á Íslandi en kennarar heyrnarlaustra og ættingjar túlkðu. Árið 1986 var haldin norræn menningarhátið heyrnarlaustra á Íslandi. Nokkrir einstaklingar voru þá þjálfaðir sérstaklega til að túlka og var það

í fyrsta skipti sem túlkað var formlega hér á landi. Um svipad leyti fóru nokkrir kennarar úr Heyrnleysingjaskólanum, sem höfðu fengið þjálfun í tengslum við menningarhátiðina, að túlka fyrir nemendur í framhaldsskólunum. Eitt af fyrstu verkefnum Samskiptamiðstöðvarinnar eftir stofnun hennar 1990 var að vinna að því að koma á fót túlkana við Háskóla Íslands. Fyrstu menntuðu túlkarnir útskrifuðust síðan frá Háskóla Íslands árið 1997.

Heyrnarlaustrir eru farnir að láta til sín taka á æ fleiri sviðum samfélagsins, fleiri sækja í framhaldsnám, nokkrir eru þegar útskrifaðir sem kennarar, hjúkrunarfræðingar, þroskaþjálfarar og tölvunarfræðingar svo eitthvað sé nefnt. En betur má ef duga skal og með aukinni túlkajónustu aukast möguleikar heyrnarlaustra til almennrar þátttöku í samfélaginu, samfélagi sem við eigum öll og allir ættu að hafa sama rétt á að njóta. Það er oft talað um mikinn kostnað samfara aukinni túlkajónustu en ef til vill væri gott að hugsa dæmið sem svo að aukin atvinnuþátttaka heyrnarlaustra skilar meiri arði inn í þjóðarbúið sem hlýtur að koma okkur öllum til góða. Ég vil því hvetja ráðamenn þjóðarinnar til að fara nú að endurskoða hug sinn og samþykkja táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlaustra.

Arnprúður Jónsdóttir, táknmálistúlkur.

Draumasmíðjan – atvinnuleikhús heyrnarlaustra

Eftir Margréti Pétursdóttur

Draumasmíðjan var stofnuð árið 1994 sem sjálfstætt starfandi atvinnuleikhús. Árið 2000 urðu hins vegar skil í starfsemi Draumasmíðjunnar en þá var sett upp barnaleikritið *Ég sé...*, sem var fyrsta íslenska leiksýningin í atvinnuleikhúsi sem ætluð var heyrnarlaustrum áhorfendum. Í dag er markmið Draumasmíðjunnar fyrst og fremst að reka öflugt og framsækið döf-leikhús (leikhús heyrnarlaustra) á Íslandi, ásamt annarri leiklistarstarfsemi fyrir heyrandi fólk. Döf-leikhússýningar verða því mest áberandi á sýningarskrá Draumasmíðjunnar fyrir leikárið 2007 - 8, en eins og sjá má er verkefnavalið afar fjölbreytt og spennandi.

Venus/Mars, eftir Eddu Björgvinsdóttur. Leikritið er unnið upp úr bókinni *Karlar eru frá Mars og konur eru frá Venus* sem fjallar á glettinn hátt um samskipti kynjanna. Verkið er flutt á táknmáli, en boðið verður upp á raddtúlkaðar sýningar. Frumsýning verður í október 2007 og er um farandsýningu að ræða.

Ópelló, Destemóna og Jagó í samstarfi við Borgarleikhúsið. Áætluð frumsýning er í janúar 2008. Hér er á ferðinni óvenju-

leg sýning þar sem blandað er saman dansi, íslensku táknmáli og raddmáli. Sýningin er einskonar rannsóknarverkefni á samskiptaformum og leiðum og er bæði fyrir heyrandi og heyrnarlaustra áhorfendur. Sýningin er styrkt af Menntamálaráðuneytinu, leiklistarráði.

Ljóðadagskrá í þremur hlutum.

Fyrsti hlutinn, *Ættjarðarljóð*, var fluttur á táknmáli síðastliðinn vetur. Ráðgert er í framhaldinu að blanda saman táknmálsflutningi og flutningi í söng og ljóðatúlkun á raddmáli og bjóða bæði heyrandi og heyrnarlaustrum upp á. Staður og stund verða ákveðin og auglýst síðar. Seinni hlutarnir tveir eru í vinnslu en næsti hluti ber vinnuheitid *Tilfinningahiti*.

Risarófan, farandsýning fyrir börn á aldrinum 4 - 9 ára. Sýningin byggir á látbragði svo ekki skiptir máli hvort áhorfendur heyri eða heyri ekki. Þetta er spennandi og skemmtilegt ævintýri og í lok sýningar býður leikarinn nokkrum huguðum áhorfendum að koma upp á svið og spreyta sig. Sýningartími er eftir samkomulagi.

Prinsessan sem átti ekki orð.

Alíslenskt ævintýri fyrir alla fjölskylduna. Blandað verður saman íslensku táknmáli og radd-



máli, svo að sýningin er bæði fyrir heyrandi og heyrnarlaustra. Sýningin verður tilbúin 2008.

Ég sé... Sýningin sem breytti landslaginu í leiklistarflóru Íslands verður tekin upp og breytt í farandsýningu. Umfjöllunarefnið eru árstíðarskiptin og sem fyrir er sýningin ætluð bæði heyrandi og heyrnarlaustrum börnum á leikskólaaldri.

Ég á mig sjálf. Spennandi forvarnarverkefni sem er í vinnslu og verður tilbúið til sýninga í september 2007. Verkið fjallar um átröskunarsjúkdóminn anorexiu og segir frá örlagaríkum morgni hjá mæðgum, þegar móðirin uppgötvar að dóttir hennar er orðin veik í annað sinn. Um er að ræða farandsýningu í skóla og á vinnustaði. Verkið er flutt á raddmáli en unnið er að því að bjóða upp á táknmálsstúlkaða sýningu.

Ég heiti Sigga er flutt á TMT

(tákn með tali) og er ætlað börnum á leikskólaaldri. Í boði eru þrjú verk, *Jólasaga*, *Viltu koma í afmælið mitt?* og *Komum upp í sveit*.

Draumasmíðjan býður einnig upp á ýmis námskeið. Má þar meðal annars nefna sérhæfða táknmálskenndu fyrir atvinnulíf, framsögn fyrir bæði byrjendur og lengra komna (fyrir heyrandi) og fjölbreytt leiklistarnámskeið fyrir fólk á öllum aldri, bæði heyrandi og heyrnarlaustrum.

Stjórnendur Draumasmíðjunnar eru þær Margrét Pétursdóttir (heyrandi) og Elsa G. Björnsdóttir (Döf). Margrét lærði leiklist í New York University á sínum tíma og hefur starfað sem leikari frá árinu 1988. Elsa hefur tekið fjölda leiklistarnámskeiða bæði hérlendis sem og erlendis og í sumar fór hún til Danmerkur til að stunda nám í Samnorrænum leiklistarskóla fyrir döf.



Eirberg

Heyrnarlausir og táknmálstúlkun í Háskóla Íslands

Eftir Sigrúnu Eddu Theodórsdóttur

Döff nemendur í HÍ

Ekki eru mörg ár síðan fyrsti heyrnarlauri (Döff) nemandinn hóf nám við Háskóla Íslands. Þrír nemendur hafa útskrifast úr grunnnámi og um áramótin útskrifast einn til viðbótar úr grunnnámi og einn úr mastersnámi. Nú í vetur stunda átta heyrnarlaurir nemendur nám við skólann í fimm deildum, hugvísindadeild, félagsvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild, hjúkrunarfræðideild og raunvísindadeild. Fjórir eru í grunnnámi og fjórir í masters- og diplomnámi. Þessir stúdentar eru allir frumkvöðlar á sínu sviði, þeir eru fyrstu Döff einstaklingarnir á ólíkum fræðasviðum sem koma með einstaka þekkingu og reynslu inn í Döff samfélagið. Þeir hafa sýnt og sannað að „Döff geta allt nema heyr““. Með því að nýta sér þjónustu táknmálstúlka eru þeim allir vegir færir. Í tengslum við nám þeirra hefur byggst upp nýr táknmálsorðaforði, þeir hafa miðlað þekkingu um Döff menningu, táknmál og táknmálstúlkun til háskólasamfélagsins og gert Döff samfélagið sterkara og fjölbreyttara. Einnig eru þeir ómetanlegar fyrirmyndir þeirra sem yngri eru, stúdentar sem hafa táknmál í hendi sér.

Háskóli Íslands kennir nemendum að þroska rökhugsun, vinna sjálfstætt, víkka sjóndeildarhringinn, vinna eftir reglum vísindanna og skilja margflókið samfélagið. Þannig verða nemendur vel undirbúnir til að fara út í atvinnulífið. Það er dýrmætt fyrir Döff samfélagið að eiga þessa einstaklinga og verður eflaust til þess að efla Döff menningu og stöðu táknmálsins á Íslandi.

Döff sem stunda nám við HÍ leggja á sig mikla vinnu, þeir þurfa oft að læra á þremur tungumálum, íslensku táknmáli, íslensku og ensku. Sérstaða þessara nemenda er því nokkur. Aldrei áður hafa heyrnarlaurir stundað nám í þessum deildum og þurfa þeir því að kynna sig og heim heyrnarlaura fyrir kennurum og samnemendum. Margir átta sig ekki á sérstöðu nemenda sem heyra ekki, t.d. að þeir geta ekki tekið niður glósur á sama tíma og kennarinn talar, þeir eru uppteknir af því að horfa á túlkinn og vinna þeirra getur orðið nokkuð snúin í tölvu- og stærðfræðitímum, þar sem kennsla fer að miklu leyti fram á töflu eða skjá. Þá þurfa Döff að velja á milli þess að horfa á túlkinn eða fylgjast með því sem kennarinn gerir.



Með sókn þessara nemenda inn á ný svið er orðið aðkallandi að stofnuð verði táknmálsmiðstöð, sambærileg við Íslenska málstöð. Í dag vantar öflugna stofnun sem heldur utan um málrækt í táknmáli, stofnun sem styður túlka og nemendur í nýyrða- og íðorðastarfsemi. Í því frjója málumhverfi sem Háskólinn er, gæti þess háttar táknmálsmiðstöð styrkt táknmálið enn frekar og ýtt undir rannsóknir og lagt grunn að málstefnu í íslensku táknmáli.

Þjónusta við Döff nemendur í HÍ

Nokkur breyting varð á þjónustu við Döff innan skólans þegar táknmálstúlkur var ráðinn í fullt starf haustið 2006. Þetta var stórt skref sem háskólinn tók, skref sem er enn ein viðurkenningin á táknmáli sem móðurmáli Döff. Kennarar, nemendur, starfsfólk háskólans og táknmálstúlkur sem koma að túlkun við skólann tóku vel á móti þessum nýja starfsmanni og nýjum hugmyndum um bættu þjónustu við heyrnarlaura var tekið sérlega vel.

Táknmálstúlkur HÍ heldur utan um alla túlkajónustu innan skólans, t.d. fyrirlestra, útskriftir, fyrirlestra í Opnum háskóla og fyrirlestra á vegum fötlunarfræða. Hann sér um að kynna Döff samfélag, menningu og íslenska táknmálið fyrir kennurum, nemendum og öðru starfs-

fólki skólans. Einnig sér hann um að Döff nemendur fái þá þjónustu sem þeir þurfa í náminu í samvinnu við námsráðgjafa HÍ. Dæmi um þjónustu sem Döff fá í gegnum Námsráðgjöf HÍ er glósuvinur, yfirlestur á verkefnum og ritgerðum, handleiðari sem leiðbeinir Döff við verkefnavinnu og almennt nám í skólanum, sér prófaðastaða með túlki og breytt prófform, reglulegir viðtalstímar við kennara með túlki o.s.frv. Nú í sumar var efni á heimasíðu Námsráðgjafar HÍ þýtt yfir á táknmál og er ætlunin að bæta smám saman við táknuðu efni á heimasíðuna og á heimasíðu HÍ.

Næsta vetur verður boðið upp á tvær nýjungar í þjónustu við Döff. Í fyrsta lagi verður byrjað að undirbúa námskeið í hagnýtri íslensku fyrir Döff og heyrnarskerta nemendur, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Þar verður t.d. kennd íslenska sem nýtist Döff háskólanemendum vel, uppbygging ritaðs máls og muninn á íslensku táknmáli og rituðu máli. Þetta námskeið verður skipulagt í samvinnu við Bókmennta- og málvísindaskor. Í öðru lagi ætla táknmálstúlkur sem túlka við HÍ að hittast á tveggja vikna fresti til að vinna í sameiningu að þýðingu hugtaka sem koma upp í námi Döff nemenda. Það verður að öllum líkindum til þess að túlkunin verði enn nákvæmari og þarna

skapist vettvangur fyrir túlka til að bera saman bækur sínar í þessari krefjandi vinnu sem túlkun á háskólastigi er.

Námsráðgjöf Háskóla Íslands

Hlutverk Námsráðgjafar HÍ er að styðja nemendur í að ná árangri í námi og að þeim líði vel í skólanum. Námsráðgjafarnir bjóða upp á persónulega og sálfræðilega ráðgjöf og aðstoða nemendur við að finna þau úrræði sem henta hverjum og einum. Þeir hafa á undanförunum misserum lagt sig fram um að skilja sérstöðu heyrnarlaura í námi og veita þeim ráðgjöf við hæfi. Námsráðgjöf býður líka upp á ýmis námskeið sem Döff geta sótt og eru táknmálstúlkun. Sérstaklega er mikilvægt að sækja þessi námskeið í upphafi náms. Þetta eru námskeið um tímastjórnun, námstækni, markmiðssetningu, sjálfstyrkingu og prófkvíða en líka eru haldnir stuttir hádegisfyrirlestrar um ýmis málefni. Nemendur geta líka tekið áhugasviðskönnun ef þeir eru óákveðnir varðandi námsval.

Nám í HÍ

Þeir sem vilja sækja um nám í Háskóla Íslands gera það með því að fylla út rafræna umsókn á heimasíðunni www.hi.is. Þeir sem eru Döff eða heyrnarskertir þurfa að krossa við „sérúrræði“ á umsókninni. Þá fá þeir senda tilkynningu um að koma og hitta námsráðgjafa sem útbýr

samning þar sem fram kemur hvaða þjónustu nemandinn þarf að fá í námi sínu. Þeir sem sækja um nám í skólanum þurfa almennt að hafa klárað stúdentspróf af bóknámsbraut. Í Háskólanum eru ellefu deildir og hægt er að velja úr meira en 300 námsleiðum. Flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er eini háskólinn á landinu sem býður upp á grunn- og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

Við í Námsráðgjöf Háskóla Íslands viljum byggja upp þjónustu við Döff nemendur eins og hún gerist best í heiminum. Til þess að svo geti orðið þurfa allir að vinna vel saman, Döff nemendur, túlkar, kennarar, heyrandi nemendur og annað starfsfólk skólans.

Háskóli Íslands
Sæmundargötu 6
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331
hi@hi.is
www.hi.is
Námsráðgjöf Háskóla Íslands
Félagsstofnun stúdenta
v/Hringbraut
sími: 525-4315
netfang: radgjof@hi.is
www.hi.is/page/namsradgjofHI
táknmálssími: tulkur@hi.is
MSN hitulkur@hotmail.com

Nokkrir starfsmenn tala táknmál á Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Eftir Guðrúnu Gísladóttur

Guðrún Gísladóttir er framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands (HTÍ). Hún segir frá starfsemi HTÍ sem er ætlað að þjóna heyrnarlaustrum, heyrnarskertum og öðrum þeim sem eru með heyrnar- og talmein. Hlutverk stofnunarinnar er meðal annars að sjá um heyrnarmælingar og afgreiðslu heyrnartækja og annarra hjálpartækja til þeirra sem eru með heyrnar eða talmein og veita fræðslu og þjálfun í notkun þeirra. Stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1979 og hefur verið til húsa að Háaleitisbraut 1 frá upphafi. Áður höfðu heyrnarmælingar verið gerðar á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, eða allt frá árinu 1966.

Nokkrir geta talað táknmál á HTÍ

Starfsmenn HTÍ eru 20 og hafa margir þeirra starfað lengi hjá stofnuninni. Hjá stofnuninni starfar læknir sem er sérmenntaður í heyrnarfræðum, heyrnarfræðingar, tannsmíðir, leikskólakennarar, rafeindavirki og viðskiptafræðingur, svo einhver dæmi séu tekin. Nokkrir starfsmenn tala táknmál eða geta bjargað sér á táknmáli. Þó er ávallt öruggara þegar táknmáls- talandi einstaklingur bókar tíma að biðja um túlk því ekki er víst að táknmáls- talandi starfsmaður sé laus þegar á reynir. Heyrnarlaustrir geta bókað tíma á hti@hti.is eða sent SMS í síma 862 3855.

Um 30 þúsund manns eru heyrnarskertir á Íslandi

Verkefni sem nýlega var unnið hjá HTÍ bendir til þess að heyrnarlaustrir séu heldur færri á Ís-

landi en í öðrum löndum, en heyrnarskertir séu fleiri. Allavega er það staðreynd að á Íslandi fyrirfinnst ekki fjölskyldur þar sem bæði foreldrar og börn eru heyrnarlaustrir. Þannig eignast heyrnarlaustrir yfirleitt heyrandi börn og heyrnarlaustr börn eiga yfirleitt heyrandi foreldra. Gera má ráð fyrir því að allt að 10% þjóðarinnar, eða um 30.000 einstaklingar, séu það mikið heyrnarskertir að heyrnartæki gætu gagnast þeim. Miklar tækni framfarir hafa átt sér stað á undanförunum árum og hafa heyrnartæki almennt orðið mun þægilegri í notkun. Þá hefur einnig orðið mikil þróun í öðrum hjálpartækjum eins og FM búnaði og búnaði sem breytir hljóðum, til dæmis frá dyrabjöllum eða síma, í ljós eða titring.

12 til 15 greindir á ári

Á hverju ári greinast um 12 - 15 börn heyrnarskert eða heyrnarlaustrir. Þegar greining liggur fyrir fær barnið heyrnartæki. Ef barn er mikið heyrnarskert eða heyrnarlaustr er mælt með því að barnið læri táknmál og er foreldrum og barni vísað til Samskiptamiðstöðvar. Heyrnarlaustr börn geta farið í kuðungsígræðslu en með aðgerð er þá komið fyrir tæki sem framkallar hljóðáhrif með því að örva heyrnartaugina með rafmagni. Ytri búnaður og markviss þjálfun hjálpar alvarlega heyrnarskertum og heyrnarlaustrum einstaklingum að öðlast ákveðna heyrn. Foreldrar fá upplýsingar um kuðungsígræðslu hjá HTÍ og geta hitt foreldra heyrnarlaustra barna sem hafa farið í kuðungsígræðslu. Þá er einnig vísað á talmeinafræðing sem sér um þjálfun barnsins. Frá árinu 2000 hafa tíu börn farið í kuðungsígræðslu og hafa þrjú barn-



Starfslíð Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

anna fengið ígrætt tæki á bæði eyru. Alls hafa 40 Íslendingar farið í kuðungsígræðslu.

Skólaganga barna

Þegar kemur að skólagöngu heyrnarskertra barna er haft samband við ráðgjafa í Hlíðaskóla sem fer í heimaskóla barnsins og metur aðstæður og ráðleggur varðandi búnað fyrir barnið. Mikill meirihluti heyrnarskertra barna getur gengið í sinn heimaskóla en þarf stundum stuðningskennslu. Flest heyrnarlaustr börn fara í Hlíðaskóla en þar er starfrækt táknmálssvið þar sem börnin fá kennslu bæði í íslensku og íslensku táknmáli. Þá hefur leikskólinn Sólborg einnig sérhæft sig í því að taka á móti heyrnarskertum og heyrnarlaustrum börnum sem tala táknmál.

Greiningaraldur á heyrnarskerðingu barna er mjög hár á Íslandi eða sex ár. Mikið heyrnarskert börn eða heyrnarlaustr greinast fyrr eða við eins og hálfis árs aldur. Mikilvægt er að heyrnarleysi eða skerðing grein-



Guðrún Gísladóttir, framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands (HTÍ).

ist sem fyrst hjá börnum eða á fyrstu sex mánuðum lífs þeirra. Eftir því sem barnið er eldra við greiningu verður erfiðara fyrir það að ná jafnöldrum í málþroska. Í apríl síðastliðnum fór af stað samstarfsverkefni milli Heyrnar- og talmeinastöðvarinnar og Landspítala háskóla- sjúkrahúss þar sem stefnt er að því að heyrnarmæla öll börn sem fæðast á Landspítalanum næstu tvö árin. Verkefnið hefur

gengið vel og hafa rúmlega 90% allra barna sem fæðast hafa á spítalanum síðan í apríl verið heyrnarmæld. Vonir standa til að fjármagn fáiast, þannig að í framtíðinni verði öll börn sem fæðast á Íslandi heyrnarmæld á fyrstu sjö dögum lífs þeirra. Nánari upplýsingar um starfsemi HTÍ er að finna á www.hti.is

Gott fyrir fólk í þjónustustörfum að fara á táknmálsnámskeið

Viðtalið tók Kristinn Jón Bjarnason

Margrét Jónsdóttir hefur unnið í afgreiðslunni hjá Heyrnar- og talmeinastöð Íslands (HTÍ) frá árinu 1999. Hún hefur sótt nokkur táknmálsnámskeið á eigin vegum vegna starfs síns því hún hafði áhuga á að eiga betri samskipti við heyrnarlaustra sem tala táknmál. Áður en hún fór á námskeiðið þekkti hún engan heyrnarlaustran.

„Mér finnst nauðsynlegt að geta bjargað mér á táknmáli í vinnunni og sýna fólki þá virðingu að geta náð sambandi við það,“ segir Margrét. Henni finnst mjög gaman að læra táknmál en einnig getur það verið mjög erfitt en hún hefur nú lokið 5 táknmálsnámskeiðum hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra.

Margréti finnst námskeiðin hafa

styrkt hana mikið í samskiptum við heyrnarlaustra sem leita í auknum mæli eftir þjónustu hjá HTÍ. Aðspurð hvort hún hvetji aðra sem vinna hjá þjónustustofnunum til að læra táknmál svarar hún, „Já tvímælalaust. Það er gott að geta bjargað sér á táknmáli líkt og öðrum tungumálum og geta veitt fólki góða þjónustu eins vel og hægt er, það ætti að vera markmiðið hjá öllum sem vinna við þjónustustörf.“



Margrét Jónsdóttir.

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra: Við erum alltaf tilbúin til að hitta nýja foreldra

Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra er landsfélag með rúmlega 250 fullgilda félagsmenn og styrktaraðila. **Kristín Ármannsdóttir** er í stjórn félagsins og segir aðeins frá því.

Hlutverk foreldrafélagsins

Félagið heitir Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra, FSFH, og var stofnað þann 16. september árið 1966. Í stjórn félagsins sitja 6 foreldrar heyrnarlaura eða heyrnarskertra barna og ungmenna. Í 3. grein laga félagsins segir:

„Markmið félagsins er að styðja og styrkja heyrnardaufa.“ (Af heimasíðu FSFH <http://fsfh.is/>) Í 4 gr. laganna er tilgreint hvernig félagið ætlar að ná þessum markmiðum:

Markmiðum sínum hyggst félagið ná m.a. á eftirfarandi hátt: a) Með því að halda uppi fræðslustarfsemi meðal foreldra heyrnardaufra barna, auka sem mest kynni þeirra á milli og samstarf í þágu heyrnardaufra. b) Með því að láta sig varða starfsemi menntastofnana þeirra er heyrnardaufir stunda nám við, styðja þær og styrkja eftir fönngum. c) Með því að standa vörð um réttindi heyrnardaufra til náms, vals á námsbrautum og lífsstarfi. d) Stuðla að jafnrétti og betra aðgengi heyrnardaufra að upplýsingum og gera mögulega þátttöku þeirra í tómsunda- og menningarlífi. e) Með því að greiða fyrir heyrnardaufu fólki á hvern þann hátt annan sem unnt er. f) Með því að styrkja og greiða götu þeirra sem mennta sig í þágu heyrnardaufra. (Af heimasíðu FSFH <http://fsfh.is/>)

Lög félagsins í heild má finna á heimasíðunni www.fsfh.is

Verkefni foreldrafélagsins

Fyrir nokkrum árum gaf félagið út litla táknmálsorðabók með einföldum táknum og hana hefur félagið látið endurprenta af og til og gefið. Heyrnarlaus börn hafa t.d. fengið nokkur eintök af bókinni til að gefa vinum og fjölskyldu. Þá hafa krakkar fengið bækur til að gefa félögum sínum í þeim íþróttafélögum sem þeir æfa með. Þó bókina sé ekki stór eða ítarleg getur hún verið góð byrjun á samskiptum. Fyrir skömmu lét félagið prenta nokkuð magn af bókinni og gaf u.þ.b. bekkjarsett í alla grunnskóla á landinu.

Árið 1988 lét félagið gefa út bókina „Hvað er heyrnarleysi?“ sem var hugsuð sem handbók fyrir foreldra heyrnarlaura barna.

Félagið hefur í mörg ár staðið fyrir útilegum og sumarbústaðarferðum fjölskyldna heyrnarlaura barna. Nú í seinni ár

hafa verið leigðir bústaðir á haustin hjá starfsmannafélögum og helgi eytt saman. Þessar ferðir gefa krökkunum mikið og þau kynnast vel. Allar fjölskyldur heyrnarlaura og heyrnarskertra barna eru velkomnar með í þessar ferðir og alls ekki nauðsynlegt að kunna táknmál til að geta verið með. Ferðirnar eru einmitt góð leið fyrir þá sem eru nýir í samfélagi heyrnarlaura til að kynnast bæði börnum og foreldrum, sem í flestum tilfellum eru heyrandi.

Í byrjun aðventunnar er komið saman í laufabrauðsgerð. Þetta er orðinn ómissandi þáttur í jólaundirbúningi margra fjölskyldna.

Félagið hefur staðið fyrir því að barnasýningar leikhúsanna hafa verið túlkaðar á táknmál, stundum með stuðningi annarra góðgerðarfélaganna eins og Zonta, en gaman væri að geta gert meira af slíku. Túlkun á heilli leiksýningu getur verið ansi flókin og dýr en engu að síður nauðsynlegur þáttur í menningaruppeldi barnanna. Draumurinn er að geta túlkað eina sýningu á ári en ekki hefur alltaf verið hægt að koma því við.

Aóildarfélag

Félagið rekur ekki skrifstofu og hefur því ekki fast heimilisfang en póst má senda til félagsins í pósthólf 8635, 128 RVK, eða senda tölvupóst á fsfh@fsfh.is. Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra er aðili að ÖBÍ og fulltrúar félagsins sitja fundi bandalagsins. Félagið á einnig aðild að Umhyggju. Þá á félagið áheyrnarfulltrúa í stjórn Samskiptamiðstöðvarinnar og fulltrúar félagsins funda reglulega með stjórnendum Hlíðaskóla.

Styrkjum börn og unglunga á ýmis mót

Börn og unglunga eru styrkt af félaginu til þátttöku í ýmsum mótum sem heyrnarlaurir/skertir eiga kost á að sækja. T.d. skiptast Norðurlöndin á að halda barna og unglungamót sem nokkuð hefur verið um það að íslensk ungmenni sækja. Það er hins vegar ekkert nauðsynlegt að fara til útlanda til að sækja um ferðastyrki til félagsins og t.d. voru íslensku unglungarnir styrktir til að sækja Menningarhátið heyrnarlaura sem haldin var á Akureyri í fyrrasumar.

Nýir foreldrar velkomnir

Kristín segir stjórn félagsins alltaf tilbúna að hitta nýja foreldra og veita þeim upplýsingar



og deila af reynslu sinni. Á dagskrá félagsins er að endurgera heimasíðuna og breyta viðmóti hennar. Sú vinna er í farvatninu og nýtt útlit heimasíðunnar lítur vonandi dagsins ljós á síðari hluta þessa árs. Þar er ætlunin að bjóða fólki að leggja inn skilaboð og svo mun félagið hafa samband við viðkomandi því oft getur það reynst fólki erfitt að hafa frumkvæðið að svona samskiptum. Hins vegar er það svo að félagið hefur engan aðgang að upplýsingum um börn sem greinast og því verður frumkvæðið að koma frá foreldrum. Stundum getur verið auðveldara að leggja inn skilaboð með tölvupósti en að taka upp símtólið.

Fulltrúi frá félaginu hefur komið og sagt frá starfsemi þess á kynningarfundum fyrir foreldra sem haldnir eru af Heyrnar- og talmeinstöð Íslands og starfsfólk þar veit af félaginu og getur bent foreldrum á það. „Við ætlum okkur að bæta okkur í kynningarmálum og jafnvel út-búa kynningarbækling sem gæti legið frammi á þeim stöðum sem foreldrar koma. Þangað til þetta verður komið í gagnið er fólki velkomið að hafa samband við félagið í gegn um tölvupóst þess fsfh@fsfh.is“, segir Kristín að lokum.

Ýmsar upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess <http://fsfh.is>.



Daufblindrafélag Íslands

Eftir Þóreyju Ólafsdóttur

Daufblindrafélag Íslands var stofnað þann 15. mars 1994 og eru félagsmenn og styrktarfélagar nú um 50 talsins. Daufblinda hefur oft verið skilgreind sem alvarleg sjón- og heyrnarskerðing sem hefur áhrif á allt líf einstaklingsins og möguleika hans á að taka eðlilegan þátt í samfélaginu. Sumir eru alveg blindir og heyrnarlusir en aðrir alvarlega sjón- og heyrnarskerðir. Gerður er greinarmunur á daufblindfæddum, síðdaufblindum og þeim sem verða daufblindir á gamals aldri. Síðastalldi hópurinn fer ört vaxandi og hefur félagið því miður lítið getað sinnt honum enn sem komið er. Flestir núverandi félagar eru síðdaufblindir og margir með Usher - heilkenni sem er arfgengt og einkennist af mismikilli, oft stigversnandi heyrnar- og sjónskerðingu (kíkissjón) og í sumum tilvikum jafnvægistrufunum.

Tilgangur félagsins er að vinna að hverskyns hagsmunum og menningarmálum daufblindra. Daufblindir hafa verið afskiptir á Íslandi og enginn einn ákveðinn aðili í stjórnkerfinu sem ber ábyrgð á málefnum þeirra. Engu að síður er það viðurkennt að daufblinda er mjög sérstök og

alvarleg fötlun sem hefur í för með sér margvíslega örðugleika og einangrun. Það er augljóst að daufblindir geta ekki sótt alla sína þjónustu til félaga blindra og heyrnarlusra þar sem áherslan er annars vegar á hið talaða mál og hins vegar á sjónrænt táknmál og því afar mikilvægt að þeir hafi sín eigin samtök þar sem tekið er mið af sérstöðu fötlunarinnar.

Daufblindrafélagið hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á tölvukennslu félagsmanna þar sem tölvun er mikilvægasti lykullinn hins daufblinda að samfélaginu og tæki til samskipta, mennta og tómstundastarfs. Það skorti mikið á að daufblindir fengju slíka kennslu og hefur félagið reynt að bæta úr því með einstaklingsbundinni, sérhæfðri kennslu ásamt því að útvega nauðsynlegan hjálparbúnað. Þetta hefur mælst vel fyrir og margir félagsmenn notið góðs af nú þegar og fleiri sem bíða.

Félagið hefur ráðgjafa í hálfu starfi sem m.a. veitir daufblindum og fjölskyldum þeirra margvíslegan stuðning, annast daglegan rekstur skrifstofunnar, skipuleggur og annast fræðslu um daufblindu og heldur utan um félagsstarf. Ráðgjafinn ann-

ast einnig erlend samskipti en félagið er aðili bæði að norrænum og alþjóðlegum samtökum daufblindra og mikilvægt að efla slík samskipti þegar um er að ræða einstaka, erfiða og sjaldgæfa fötlun.

Félagið nýtur engra fastra opinberra styrkja en hefur undanfarin ár selt viðskiptadagbók til fjárflyunar auk þess sem það reiðir sig á velvild einkaaðila.

Það hefur verið töluverð gróska í starfinu síðustu ár. Jólafundur er haldinn árlega með söng og nikkuleik, happdrætti og hnallþórum og hefur hann verið mjög vel sóttur. Fjölskyldurnar kynast og skemmta sér saman. Einnig er farið í vorferðalag, síðast afar vel heppnaða ferð að Skógum undir Eyjafjöllum þar sem „sjálfur“ Þórður Tómasson tók á móti hópnunum, sýndi staðinn og safnið og spilaði á orgel með nikkuleikara félagsins sem endaði með dansi á hlaðinu í dýrðlegu vorveðri.

Áður hefur verið farið m.a. á veiðisafnið á Stokkseyri, að Sólheimum í Grímsnesi og í Hvalfjörð, m.a. að Saurbæ og Bjarneyjarsandi. Það var mikið fjör eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Við látum hvernig deigann síga.



Kristjana og Friðjón.



Íslenska táknmálið er sýnilegra en áður

Eftir Júlíu G. Hreinsdóttur

Íslenska táknmálið er sýnilegra nú en áður og meira áberandi á opinberum vettvangi. Táknmálsfréttir eru fluttar á hverjum degi, viðtöl eru við heyrnarlaustra eða heyrnarskerta í sjónvarpi og ýmsir atburðir eru táknmáls-túlkaðir. Einnig stunda heyrnarlaustrir nám í framhaldsskólum eða sækja ráðstefnur með táknmáls-túlkum.

Þessi jákvæða þróun og breytt viðhorf Íslendinga hefur haft góð áhrif á samfélag heyrnarlaustra sem lengi hefur verið einangrað og útilokað frá samfélagi annarra Íslendinga. Í raun eru ekki nema 15 - 20 ár síðan þessi einangrun fór að rofna. Mjög fáir Íslendingar kunnu táknmál áður fyrr og þá aðeins til þess að eiga yfirborðssamskipti. Þess vegna fengu heyrnarlaustrir og heyrnarskertir mjög takmarkaðar upplýsingar til dæmis um hvað væri að gerast í heiminum eða hér heima.

Í dag er aðgengi heyrnarlaustra og heyrnarskertra að samfélaginu mun betra. Táknmáls-túlkar eru til, boðið er upp á fjölskyldunámskeið, almenningur sækir táknmálsnámskeið, framhaldsskólar bjóða upp á valnámskeið í táknmáli og á Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskerta er hægt að fá sérsniðin námskeið í táknmáli fyrir hópa og einstaklinga.

Samfélag heyrnarlaustra og Samskiptamiðstöð hafa órjúfan-

leg tengsl vegna þess hve þjónusta stofnunarinnar er okkur mikilvæg. Mikil samvinna er á milli Samskiptamiðstöðvar og Félags heyrnarlaustra. Sú þróun sem hefur átt sér stað yfir undir fulla þátttöku heyrnarlaustra í samfélaginu, sjálfræði þeirra og sjálfstæði.

Aðalbaráttumál Félags heyrnarlaustra er þó ekki í höfn, að ríkisstjórnin viðurkenni íslenska táknmálið. Nauðsynlegt er að gera lagabreytingar á einstökum lögum sem snerta rétt og möguleika okkar til að nota táknmál til þess að fá opinbera viðurkenningu á íslensku táknmáli. Með slíkum lagabreytingum verður að leggja áherslu á að styrkja réttarstöðu íslenska táknmálsins og okkar sem notum það.

Í Handbók að samfélagi heyrnarlaustra í Evrópu er viðurkenning á réttinum til að nota táknmál lýst. Þar segir að táknmál eigi að vera viðurkennt í lögum og einnig viðurkennt af stjórnvöldum og almenningi. Skýran lagalegan stuðning þarf að veita við eflingu íslenska táknmálsins sem enn vantar upp á hér á landi. Nauðsynlegt er að leggja áherslu á jákvætt táknmálssumhverfi á öllum sviðum fyrir heyrnarlaustr börn og fjölskyldur þeirra og hvetja foreldra og fjölskyldumeðlimi til að læra táknmál. Með táknmáli getur fjölskyldan átt samskipti við heyrnarlaustra barnið á eins góðan og eðlilegan hátt og mögulegt er. Til þess að heyrnar-

lause barnið geti þróað eðlilegt mál eins fljótt og hægt er og á sama tíma og jafnaldrar þess sem heyrna, þarf það að eiga rík samskipti daglega við fólk sem notar táknmál. Þessi samskipti þurfa að hefjast strax og hægt er í leikskóla og halda svo áfram öll skólaárin.

Fyrir margt löngu eða árið 1981 samþykkti sænska þingið lög sem kváðu á um að tryggja þyrfti tvítyngi heyrnarlaustra til að þeir gætu átt samskipti innbyrðis sín á milli og við fólk í samfélaginu. Til að tryggja tvítyngið var gert ráð fyrir að heyrnarlaustrir þyrftu að hafa gott vald bæði á sænsku táknmáli og sænsku og því ættu þeir rétt á fullnægjandi þjálfun og kennslu í báðum málunum.

Skilgreining á tvítyngi fyrir heyrnarlaustra byggir þannig á að heyrnarlaustr börn séu menntuð á táknmáli og að minnsta kosti ritmáli landsins (talmáli einnig ef þau ráða við það). Rannsóknir sýna að slík menntun gefur betri árangur. Samt virðist hefðin innan Evrópusambandsins vera sú að blanda heyrnarlaustrum nemendum inn í venjulega kennslu, þar sem þeir missa oft af miklu í samskiptum bekkjarins vegna skorts á táknmáls-túlkun og margir kennarar hafa hvorki þjálfun né getu til að taka á sérstökum þörfum heyrnarlaustra nemenda.

Við megum ekki heldur gleyma fjölfötluðum einstaklingum sem hafa skerta heyrn t.d. með



Júlía Guðný Hreinsdóttir, fagstjóri á Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra.

Downs heilkenni eða aðrar fatlanir og einnig daufblindum einstaklingum. Allir þessir einstaklingar hafa fötlun á sviði samskipta og þeim þarf að tryggja sama rétt og fjallað er um hér fyrir ofan. Ég bendi á að mikilvægt er að vera meðvitaður um þjónustuna sem stendur til boða hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra eins og táknmálskennslu, ráðgjöf eða táknmáls-túlkajónustu.

Ef ríkisstjórnin viðurkenndi táknmál, myndi aðgengi heyrnarlaustra, daufblindra og fjölfatlaðra heyrnarlaustra að þjófðfélaginu verða betra og fólk í þessari stöðu gæti náð fullri þátttöku, sjálfræði og sjálfstæði.

Júlía Guðný Hreinsdóttir er fagstjóri hjá Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra

Heimsping heyrnarlaustra í Madrid á Spáni: Mikilvægasta málefnið eru mannréttindi heyrnarlaustra

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Dagana 16. til 22. júlí var haldið 15. þing Alheimssambands heyrnarlaustra í Madrid á Spáni. Mannréttindi heyrnarlaustra var veigamesti þáttur heimspingsins. Félag heyrnarlaustra á Íslandi sendi fjóra fulltrúa á heimspingina. Mikilvægt var rætt um sáttmála Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi fatlaðra en íslensk stjórnvöld undirrituðu hann 30. mars síðastliðinn. Mörg ríki hafa þegar skrifað undir hann og með því stigið skref til jafnréttis. Önnur mál efst á baugi voru geðheilsa heyrnarlaustra, staða þeirra í þróunarlöndum, menntun, tækni og aðgengi að upplýs-

ingasamfélaginu. Á þriðja þúsund heyrnarlaustra frá um 100 löndum sóttu þingið í Madrid. Það var haldið undir kjörorðunum: „Táknmál er réttindamál“. Á þinginu kom fram að nokkur lönd í Evrópu hafa viðurkennt táknmál. Ísland er frekar framarlega í heiminum, eins og önnur norræn ríki, þó margt sé enn óunnið. Til dæmis er ekki nema hluti íslenskra þátta í sjónvarpi textaður. Á heimspinginu bauð Norðurlandaráð heyrnarlaustra, DNR, til vikingaveislu eitt kvöldið í tilefnis 100 ára afmælis þess. Íslendingar voru með formennsku í ráðinu frá 2002 til 2006. Heimsping heyrnarlaustra er haldið á fjögurra ára fresti. Næst verður það í Suður-Afríku.



Táknmálaskunnáttan varð til þess að ég lærði íslenskuna betur

Eftir Margréti Gígy Þórðardóttur

Þeir sem eru heyrnarskertir hafa heyrnartæki til að heyra í umhverfinu sínu, tala og eiga samskipti. En skildum við sem erum heyrnarskert, ná öllu sem fram fer í umhverfi okkar? Eða erum við bara orðin vön því að heyra ekki allt?

Að vera heyrnarskertur felur ekki í sér að þurfa að læra táknmál og hætta að tala íslensku. Alls ekki. Við sem erum heyrnarskert eigum tvö mál - íslensku og táknmál. Við erum það rík að vera tvítyngd. Við getum valið hvenær við tölum táknmál og hvenær íslensku. Það er mikilvægt að heyrnarskertir læri táknmál svo þeir geti stundað nám með táknmálstúlkum og fundið fyrir öryggi í skólanum varðandi námið.

Sjálf er ég heyrnarskert og hef verið með heyrnartæki frá því ég man eftir mér. Á grunnskólaárum mínum var ég í tveimur skólum, Árbæjarskóla sem var minn heimaskóli og Heyrnleysingjaskólanum (Vesturhlíðaskóla). Í Heyrnleysingjaskólanum kynntist ég táknmálinu, menningu heyrnarlaustra og vinum mínum. Þegar ég lærði táknmál varð málskilningur

minn á íslenskunni mun betri. Táknmálið hjálpaði mér að skilja nýyrði, málshætti og hugtök sem mörgum heyrnarskertum finnst oft erfitt að skilja. Með því að læra táknmál varð málakunnátta mín því ríkari og betri. Ég myndaði oft einfaldar setningar en í dag eru setningar mínar sambærilegar og hjá heyrandi fólki.

Eftir grunnskólann fór ég í Fjölbautaskólann í Breiðholti (FB) en þar þurfti ég stöðugt að minna kennarana á að ég væri heyrnarskert. Eftir skólagönguuna í FB hóf ég nám við Fóstruskólann sem síðar sameinaðist Kennaraháskóla Íslands. Þá var ég orðin meðvitaðri um heyrnarskerðinguna og hvað þyrfti að hafa í huga í kennslustofunni, s.s. að hafa borðauppröðun í U, fá ljósrit af glósum hjá nemendum sem glósuðu fyrir mig og að minna kennarana á að ég væri heyrnarskert.

Ég nýtti mér táknmálstúlk í fyrsta sinn á fyrirlestri í Háskóla Íslands. Ég kom mér vel fyrir, slökkti á heyrnartækjunum mínum og einbeitti mér að túlkinum. Þetta var ótrúleg upplifun. Ég trúði ekki að svona margt og mikið kæmi fram. Ég fylgdist með öllu sem fram fór, hvað

fólk sagði út í sal og ég var algjörlega afslöppuð. Ég fann fyrir öryggi, gat komið fram með MÍNAR skoðanir sem ég hafði aldrei gert áður.

Ef ég væri að hefja nám í dag myndi ég hafa táknmálstúlk í kennslustundunum til að geta náð öllu sem fram fer í tímunum. Ég myndi ekki plata sjálfa mig og sætta mig við að missa af einhverju sem einhver segði í þeirri trú að þetta ætti nú bara að vera svona. Þetta segi ég vegna þess að í dag veit ég betur. Alla mína skólagöngu sætti ég mig í raun við að geta ekki fylgst með að öllu leyti. Ég var nefnilega leikari, hló þegar bekkurinn hló, var undrandi eins og hinir, án þess að vita kannski hvers vegna. Ég var stöðugt að gera lítið úr sjálfri mér með þessum hætti.

Í dag met ég aðstæðurnar hvort ég þurfi táknmálstúlk með mér eður ei. Stundum þarf ég þess og stundum ekki. Ég vil táknmálstúlk á ráðstefnum og á fyrirlestur þar sem margt kemur fram sem getur nýst manni í leik og starfi en einnig í veislum sem eru í stórum sal.

Með táknmálstúlkum skil ég og næ öllu sem sagt er, það gefur



Margrét Gígy Þórðardóttir, ráðgjafi á Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra.

mér öryggi og ég get tekið þátt í umræðunum. Ef ég hef ekki táknmálstúlk er ég bara að þykjast heyra og geri lítið úr sjálfri mér. Ég finn fyrir spennu í líkamanum sem veldur þreytu, vöðvabólgu og augnþreytu og

þar af leiðandi verð ég óörygg.

Í dag er ég búin með þann hluta lífs míns að vera sífellt að plata og svekkja sjálfa mig með því að láta eins og ég ná öllu sem fram fer.

Eftirtalin fyrirteki styrkja Félag heyrnarlaustra



Hreyfimyndasmiðjan ehf,
Garðsenda 21
Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing, Hátúni 10b
Húsaklæðning ehf,
Ingólfsstræti 3
Húsun ehf, Hamarshöfða 6
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Höfði fasteignamiðlun ehf,
Suðurlandsbraut 20, og
Bæjarhrauni 22
Ice Consult ehf, Mörkinni 6
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Innheimtustofnun sveitarfélaga,
Lágmúla 9
Ístækni ehf, Nethyl 2
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisveg 6
Jazzballettskóli Bárú, Lágmúla 9
Kandís, heildverslun,
Borgartúni 29
Kemis ehf, Breiðhöfða 15
Kjarni.is, Snorrabraut 56a
Kjötpól ehf, Frostafold 20
Knattspyrnufélagið Víkingur,
Traðarlandi 1
KOM almannatengsl,
Borgartúni 20
Kone ehf, Síðumúla 17
KPMG hf, Borgartúni 27
Kron ehf, Laugavegi 48
Lagnagæði ehf, Flúðaseli 94
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11

Landsteinar Strengur hf,
Ármúla 7
Láshúsið ehf, Bíldshöfða 16
Leiguval ehf, Kleppsmýrarveg 8
List og saga ehf, Engjasei 41
Línan ehf, Suðurlandsbraut 22
Loftstokkahreinsun ehf
s: 5670882, Garðhúsum 6
Lögmannsstofa Jóns Höskulds-
sonar hdl., Skólavörðustíg 12
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
M.G.B. endurskoðun ehf,
Bíldshöfða 14
Mandat, lögmannsstofa,
Ránargata 18
Matfugl ehf, Völuteigi 2
Matthías ehf, Vesturfold 40
Málningarþjónustan Litaval ehf,
Garðsstöðum 44
Melabúðin ehf, Hagamel 39
Menntaskólinn við Hamrahlíð,
Hamrahlíð 10
Mentis hf, Borgartún 29
Minjavernd hf, Amtmannstíg 1
Mosaik ehf, Hamarshöfða 4
Neyðarlínan hf, Skógarhlíð 14
Nobex ehf, Skútuvogi 1 b
Nói-Síríus hf, Hesthálsi 2-4
Nýja teiknistofan ehf,
Síðumúla 20
Olíudreifing ehf, Gelgjutanga
OMX Nordic Exchange Iceland,
Laugavegi 182

Oral ehf, Síðumúla 25
Ottó auglýsingastofa ehf,
Síðumúla 22
Ólafur Gíslason og Co hf,
Sundaborg 3
Ólafur Hans Grétarsson,
tannlæknir, Faxafeni 5
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pixlar ehf, Suðurlandsbraut 52
Plús Film ehf, Laugavegi 178
Pottþétt ehf, Hjallalandi 30
Rafás, rafverktaki, Fjarðarási 3
Rafmiðlun hf, Dugguvogi 2
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafstjörn ehf, Stangarhyl 1a
Rafsvið sf, Haukshólum 9
Rafteikning hf,
Suðurlandsbraut 4
Raftæknistofan hf,
Grensásveg 3
Raförninn ehf, Suðurhlíð 35
Rakarastofan Dalbraut ehf,
Dalbraut 1
Réttingaverkstæði Bjarna og
Gunnars ehf, Bíldshöfða 14
Rolf Johansen & Co ehf,
Skútuvogi 10a
Rögn ehf, Ármúla 17a
Röntgen Domus Medica,
Egilsstötu 3
Salli ehf, Vesturbergi 41
Securitas hf, Síðumúla 23
Segull ehf, Hólmaslóð 6

Seljakirkja, Hagaseli 40
SÍB - Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja, Nethyl 2
SÍBS, Síðumúla 6
Sjálfstæðisflokkurinn,
Háaleitisbraut 1
Sjá- óháð vefráðgjöf ehf,
Ingólfsstræti 1a
Sjómannafélag Íslands,
Skiopholti 50d
Sjónvél ehf, Skútuvogi 6
Sjúkravörur, Suðurlandsbraut 52
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
bs, Skógarhlíð 14
Smith og Norland hf, Nóatúni 4
Snyrtisetið Domus Medica
sími: 533-3100, Egilsstötu 3
Sprinkler pípulagnir ehf,
Bíldshöfða 18
Staðalhús sf, Síðumúla 31
Stafnás ehf, bygginga- og verkfræðifyrirtæki, Síðumúla 31
Starfsgreinasamband Íslands,
Sætúni 1
Stofnun Árna Magnússonar,
Árnagarði v/Suðurgötu
Stúdíó Stafn ehf, Ingólfsstræti 6
Subway, Austurstræti 3
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sökkull ehf, Funahöfða 9
T. ark Teiknistofan ehf,
Brautarholti 6

T.V. ehf tækniþjónusta og
verktakar, Síðuseli 5
Talnakönnun hf, Borgartúni 23
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannlæknastofa Barkar Thor-
oddsen, Borgartúni 33
Tannlæknastofa Björns Þorvalds-
sonar, Síðumúla 25
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólaf-
dóttur, Snorrabraut 29
Tannlæknastofa Hauks Þorsteins-
sonar, Óðinsgötu 4
Tannlæknastofa Kjartans Arnars
Þorgeirssonar, Skiopholti 33
Tannlæknastofa Sigurjóns Arn-
laugssonar, Skólavörðustíg 14
Teiknivangur, teiknistofa,
Kleppsmýrarveg 8
Tímaritið Vikan
Tryggingamiðlun Íslands ehf,
Síðumúla 21
Tösku- og hanskabúðin ehf,
Skólavörðustíg 7
Umslag ehf, Lágmúla 5 (bakhús)
Útfarþjónusta Rúnars Geir-
mundssonar, Fjarðarási 25
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
V.R., Krínglunni 7
Vagnasmiðjan - Húsvagnar ehf,
Eldshöfða 21
Valhúsgögn ehf, Ármúla 8
Varahlutaverslunin Kistufell ehf,
Brautarholti 16

Málproski heyrnarskertra barna

Eftir Margréti Gígu Þórðardóttur.

Börn sem fæðast með heyrn hafa þann hæfileika að gefa frá sér hljóð og með auknum þroska fara þau að mynda einhver orð og í framhaldi af því setningar. Málproski barna byrjar strax á meðgöngu þegar þau heyra í móðurinni og umhverfinu sem hún er í. Um leið og barnið fæðist fer það að heillast af hljóðum sem eru í kringum það og einnig af andlitum. Börn sýna mannsröddinni mikinn áhuga og reyna að herma eftir og framkvæma sömu hljóð og þau heyra í sínu nánasta umhverfi. Börn sem fæðast með heyrnarskerðingu heyra ekki eins og börn sem hafa fulla heyrn. Þau heillast eins og heyrandi börn af andlitum og svipbrigðum og þau gefa frá sér hljóð. Heyrnarskert barn hjalar eins og heyrandi barn en það heyrir ekki mikið í sjálfu sér og smám saman minnkar hjalið. Foreldra grunar ekki heyrnarskerðingu hjá börnum sínum vegna nálægðarinnar sem ein-kennir samskipti foreldra og barna á þessum aldri. Samskipti foreldra og ungra barna fara þannig fram að foreldrarir horfa beint framan í barnið og nota ýmis svipbrigði sem gleðja barnið og það sama á við um heyrnarskerta barnið. Ef heyrnarskerðing barnsins uppgötvast ekki snemma missir það mikilvægt málumhverfi og málproski barnsins skerðist. Í stað þess þarf barnið að byggja á ónákvæmum skilaboðum til að til-einka sér mál. Um átján mánaða til tveggja ára aldur fara flestir að uppgötva að barnið fer að fjarlægast í samskiptum

við sína nánustu, augnsam-band er ekki alltaf til staðar og barnið heyrir ekki ýmis skilaboð.

Dæmi: Barnið er inni í herbergi að leika sér og mamman er í eldhúsinu að elda mat. Maturinn er til og mamman kallar á barnið. Barnið heyrir ekki í mömmunni og heldur áfram að leika sér. Mamman kallar aftur og aftur og þar af leiðandi er hún orðin pirruð yfir því að barnið svari sér ekki. Mamman fer inn herbergi og tekur í öxl barnsins og segir „það er kom-in matur - komdu eins og skot.“ Barnið skilur ekki hvers vegna mamma sín er neikvæð í við-móti né af hverju hún er pirruð. Þar af leiðandi skilur barnið ekki orsakasamhengið, þ.e. hvaða hegðun kallar fram þessi neikvæðu viðbrögð hjá mömmunni.

Nokkur ákveðin atriði einkenna oft heyrnarskert börn; þau hafa skerta einbeitingu, lélegan málproska, barnalegt tal, þau fara ekki eftir fyrirmælum og hafa óskýra hugtakanotkun. Með heyrnartækjum fá þau möguleika á að heyra það sem gerist í kringum þau og máltakan verður betri. Þó þarf að hafa í huga að þó barnið sé búíð að fá heyrnartæki þá er það ekki endilega svo að það heyrir fullkomlega. Barnið nær ekki að greina öll hljóð og þar af leiðandi er málproski barnsins enn hægur og hugtakaskilningur óskýr.

Barn sem er heyrnarskert og fær að kynnast bæði íslensku

og táknmáli verður sterkara í málproska en það barn sem ekki fær tækifæri til að kynnast táknmálinu. Heyrnarskert börn eru heppin að geta tileinkað sér tvö mál, íslensku og táknmál. Þau fá tækifæri til að geta valið sér hvort þau vilja nota táknmálið og/eða íslenskuna. Táknmálið gerir það að verkum að þau læra íslenskuna mun betur, skilja öll nýyrði, hugtök og minna verður um misskilning á orðum eða setningum.

Ég er sjálf heyrnarskert og get nefnt dæmi um þetta. Ég kynntist táknmálinu allt of seint eða um 13 ára aldur. Ég get heyrt og talað í síma við nánustu vini og fjölskyldu en samt sem áður reyni ég að nota hann ekki mikið. Ég get haft samskipti við fólk á íslensku án þess að þurfa að hafa hjá mér tákn-málmálstúlk, en ég vel táknmálið þegar ég þarf að fara á fyrirllestur, á námskeið, eða í skóla. Þá vil ég hafa táknmálmálstúlk hjá mér svo það verði enginn misskilningur og ég finn fyrir öryggi. Ég þarf ekki að einbeita mér að því að reyna að heyra hvað er verið að segja og ég verð ekki eins þreytt.

Við sem erum heyrnarskert erum ekki jafnvíg í málproska og jafnaldrar okkar. Ástæðan er sú að við heyrum illa þó svo við séum með heyrnartækin okkar. Tækin magna öll hljóð sem eru í umhverfinu. Í dag eru tækin orðin það góð að þau geta einangrað hljóðin í kring en samt ekki nóg svo við getum náð öllu sem fram fer í samræðum. Sjálf er ég oft spurð að því



Margrét Gíga Þórðardóttir, ráðgjafi á Samskiptamiðstöð heyrnarskra og heyrnarskertra.

hvort ég sé dönsk. Þegar ég segist vera heyrnarskert þá fær ég til baka: „En þú talar svo vel“. Þó að ég tali vel þá þýðir það ekki að ég heyrir eins vel. Ástæðan er einmitt sú að mál-skilningurinn er skertur sem heyrir stundum á framburðinum.

Mörgum finnst samt skrýtið að mér líður betur í umhverfi þar sem táknmálið er ríkjandi en þar sem íslenskan er ríkjandi. Ástæðan er einfaldlega sú að þar sem táknmálið er, er ég örugg, ég næ öllu sem fram fer,

er með og get tekið þátt í samræðum hópsins. Þar sem íslenskan er ríkjandi er ég óöruggari, næ ekki öllu sem fram fer og fer í það hlutverk að vera með í hópnum, þ.e. þegar allir fara hlæja þá fer ég líka hlæja, þó svo ég viti ekki af hverju. Ég er ekki heldur mjög virk í samræðum þar sem ég er ekki með alveg á hreinu hvað er verið að tala um. Þess vegna finnst mér mikilvægt að allir þeir sem eru heyrnarskertir fái tækifæri til að kynnast táknmáli og þeim heimi sem þau tilheyra.

Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarskra



VBS fjárfestingabanki hf,
Suðurlandsbraut 18
Verðbréfaskráning Íslands hf,
Laugavegi 182
Verkfræðistofan VIK ehf,
Laugavegi 164, 2. hæð hægr
Verkstjórafélagið Þór, Miðtúni 21
Verslunartækni ehf, Draghálsi 4
Vélaver hf, Krókhálsi 16
Vélavíðgerðir hf, Fiskislóð 81
Vilhjálmsson sf, Sundaborg 1
Vinabær, Skipholti 33
Vinnuálastofnun, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Vímulaus æska, foreldrahús,
Vonarstræti 4b
XL verktakar ehf, Faxafeni 12
Þingvallaleið ehf, Skógarhlíð 10
Þórir J Einarsson ehf,
Skaftahlíð 38
Þrif og þvottur ehf,
Reykjavíkurvegi 48
Þýðingabjónusta Boga Arnars,
Engjaseli 43
Ögurvík hf, Týsgötu 1
Ökuskólinn í Mjódd ehf,
Parabakka 3

Seltjarnarnes
Bílanes, Byggðörðum 8
Elvar Ingason ehf, Unnarbraut 12
Falleg gólf ehf, Nesbala 25
Ljósmyndastúdíó Péturs Péturs-
sonar, Austurströnd 8
Lyf og heilsa, Eiðistorgi,
Eiðistorgi 17
Prentsmiðjan Nes ehf,
Hrólfsskálavör 14
Scana ehf, Selbraut 14
Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2
Tannlæknastofa Ragnars Ó Stein-
arssonar ehf, Eiðistorgi 15
Úranus ehf, Grænumýri 24
Önn ehf, verkfræðistofa,
Eiðistorgi 15

Kópavogur
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Axis-húsgögn ehf, Smiðjuvegi 9d
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafs-
sonar ehf, Smiðjuvegi 22
Bílvogur ehf, Auðbrekku 17
BJ- verktakar ehf, Bergsmára 8
Bliksmiðjan Vík ehf,
Skemmuvegi 42

Borgargarðar ehf - skruðgarða-
þjónusta, Vesturvör 24
Bókasafn Kópavogs,
Hamraborg 6a
Bókun sf endurskoðun,
Hamraborg 1
Breiðablik, ungmennafélag,
Dalsmára 5
Byggðabjónustan ehf,
Auðbrekku 22
DK Hugbúnaður ehf,
Hlíðasmára 17
Einar Beinteins ehf - Dúklagna-
meistari, Grófarsmára 8
Fjölvirki ehf, Digranesvegi 32
Flugkerfi hf, Hlíðasmára 10
Glerskálinn ehf, Smiðjuvegi 42
Goddí ehf, Auðbrekku 19
Gæðaflutningar ehf,
Krossalind 19
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki,
Daltúni 1
Iðnprent ehf, Akralind 7
Ingimundur Einarsson ehf, mál-
ari, Trönuhalla 1
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a

Járnsmiðja Óðins ehf,
Smiðjuvegi 4b
KB Ráðgjöf, Hlíðasmára 17
Kríunes ehf, Kríunesi við
Vatnsenda
Krossgötur, áfangaheimili,
Hlíðasmára 5-7
Litlaprent ehf, Skemmuvegi 4
Marás ehf, Akralind 2
Markholt ehf, Hásölum 13
Nýblóm ehf, Nýbýlavegi 14
Pottagaldrar, mannrækt í
matargerð, Laufbrekku 18
Rafgjafinn ehf, Hamraborg 20 a
Rafvirkni ehf, Akralind 9
Reynir bakari, Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf,
Dalvegi 16a
Ræstingabjónustan sf.,
Smiðjuvegi 62
Skipasalan ehf, Bæjarlind 14-16
Slot ehf, Dimmuharfi 21
Smurstöðin Stórhjalla ehf,
Stórahjalla 2
SR múr ehf, Laufbrekku 19
Stálbær ehf, Smiðjuvegi 9a
Svansprent ehf, Auðbrekku 12

Söluturninn Smári, Dalsvegi 16c
Uppdæling ehf, Bakkabraut 2
Vatnsvirkjar ehf, almenn pípu-
lög og þjónusta, Háulind 26
Veitingabjónusta Lárusar Loft-
sonar, Nýbýlavegi 32
Verkfræðistofa Erlends Birgisson-
ar ehf, Bæjarlind 4
Verkfræðistofan Hamraborg sf,
Hamraborg 10
Vidd ehf, flísaverslun,
Bæjarlind 4
www.mannval.is

Garðabær
Árvík hf, Garðatorgi 3
Elektra ehf, Lynghálsi 11
Engilbert ÓH Snorrason tann-
læknastofa sf, Garðatorgi 3
Flotgölf ehf, Miðhrauni 13
Garðabær, Garðatorgi 7
Garðasókn, Kirkjuholi
Gluggar og garðhús ehf,
Smiðsbúð 10
H. Filipsson sf, Miðhrauni 22
Haraldur Bóðvarsson og co ehf,
Birkihæð 1

Kirkja heyrnarusra: Brot úr sögu kristinfræðslu heyrnarusra

Eftir Hervöru Guðjónsdóttur

Kirkjuleg þjónusta og kennsla heyrnarusra á sér merkilega sögu. Nægir þar að nefna að komu séra Páls Pálssonar að báðum þessum málum, en hann var bæði prestur og kennari. Eftir hann liggja þrjár bækur en þær eru: „Bíblíusögur handa mállausum og heyrnarusum unglíngum á Íslandi“, „Kristinfræði Lúthers“, „Bók um helstu atriði kristinnar trúar“. Á þrjátíu og átta blaðsíðum er rætt um eiginleika Guðs, þar eru boðorðin með góðum skýringum, trúarjátningin með skýringum, kaflar um bænir og Faðir vorid er útskýrt. Þá er einnig rætt um sakramentin, skírninga og ferminguna.

Í bókinni eru settar fram spurningar úr efnisatriðum sem var m.a. nýjung í kennslufræði á þessum tíma. Árið 1873 fermdust fyrstu nemendur frá því séra Páll fékk leyfi til mállausingjakennslu. Höfðu þeir þá verið við nám í sex ár. Án efa er lögleiðing kennsluskilydu fyrir heyrnarusra á Íslandi eitt af merkustu málum sem séra Páll náði fram á þingi, en hann var þingmaður Vestur-Skaftfellinga.

Prestar hafa í samstarfi við Heyrnleysingjaskólann annast trúarlega fræðslu heyrnarusra í fjölda ára og eru hér nokkrir nefndir til sögu.

Séra Ólafur Helgason tók við af Páli og var forstöðumaður skólans á Stóra - Hrauni. Við skyndilegt fráfall Ólafs tók séra Gísli Skúlason, sem hafði eins og forveri hans stundað nám í kennslu heyrnarusra í Danmörku. Eftir að skólinn fluttist til Reykjavíkur var hann gerður að ríkisskóla og frú Margrét Theadórá Bjarnadóttir tók við forstöðu skólans. Á þessum tíma annaðist séra Friðrik Friðriksson kristinfræðikennslu í samstarfi við kennara skólans. Kristinfræðikennslan færðist síðar til kennara skólans og var ein af námsgreinum í skólanum. Sá prestur sem kemur næst að þessum málum er séra Garðar Svavarsson. Hann undirbjó nemendur fyrir ferminguna í samvinnu við kennara skólans.

Í mörg ár höfðu foreldrar heyrnarusra barna farið fram á það við biskup að kirkjan fengi prest sem sinnti málefnum heyrnarusra. Það sem varð til þess að greiða fyrir þessu máli var að séra Eino Savissari, sem var einn af fimm prestum fyrir

heyrnarusra fólk í Finnlandi, kom hingað árið 1974 í boði Foreldra- og styrktarfélag heyrnarusra. Hann hélt hér guðþjónustu á táknmáli fyrir heyrnarusra og var það fyrsta guðþjónusta sem flutt hefur verið á táknmáli hérlendis. Í þessari ferð sinni hitti séra Eino Savissari herra Sigurbjörn Einarsson biskup og ræddi við hann um guðfræðilega þjónustu við heyrnarskerta ásamt stjórnarmönnum foreldrafélagsins. Biskup mun hafa haft áhyggjur af þessu máli og reynt að finna einhvern til að sinna þjónustu við heyrnarusra á vegum kirkjunnar, án árangurs.

Árið 1977 óskaði herra Sigurbjörn svo eftir því við Kristínu Sverrisdóttur sem þá var í sérkennaranámi í Noregi að hún tæki starfið að sér. Kristín hafði þá verið í kirkjulegu starfi í fjölda ára. Kristín kynnti sér þá kirkjuleg málefni heyrnarusra í Noregi. Kristín skipulagði kirkjulegt starf heyrnarusra af mikilli alúð og lagði sig fram um að ná sem best til þeirra. Kristín starfaði fram til ársins 1981. Markmið Félags heyrnarusra hafði verið í upphafi eins og fyrr segir að heyrnarusra myndu fá prest sem gegndi þessu starfi eingöngu og gæti sjálfur annast allt starf fyrir heyrnarusra.

Félag heyrnarusra leitaði því til Miyako Þórðarson, sem þá hafði lokið námi í guðfræðideild Háskóla Íslands, um að hún léti vígjast til heyrnleysingjaprests ef yfirvöld leyfðu. Séra Miyako hafi nokkru áður lagt sig eftir að læra táknmál og sýnt málefnum heyrnarusra mikinn áhuga. Málin náðu ekki fram að ganga fyrr en herra Pétur Sigurgeirsson var kjörinn biskup. Honum tókst að fá Friðjón Þórðarson, velviljaðan kirkjumálaráðherra, til fylgis við málið.

Sunnudaginn 13. desember 1981 voru í Dómkirkjunni í Reykjavík vígðir þrjú ungrir guðfræðingar. Dómkirkjan var þéttsetin heyrnarusum kirkjugestum. Höfðu heyrnarusir nú prest sem gat talað þeirra mál. Það er augljóst að með vígslu séra Miyako Þórðarson urðu þáttaskil í kirkjulegu starfi heyrnarusra á Íslandi. Guðþjónustur hafa verið haldnar reglubundið á táknmáli og táknmálskór sem skipaður er heyrnarusum flytur sálma á táknmáli. Þá var barnastarf tekið upp innan kirkjunnar. Einnig hefur verið unnið að því að ljósmynda tákni, sem tilheyra kirkjulegum athöfnum og þýða sálma yfir á táknmál. Þá má nefna að fréttabréf er nú sent til allra heyrnarusra. Hefur kirkjulegt



Séra Miyako Þórðarson prestur heyrnarusra.

starf verið blómlegt og félagsmenn verið virkir í starfi innan kirkjunnar.

Séra Miyako hefur átt stóran þátt í að gera kirkjustarfið gott fyrir heyrnarusra á Íslandi og unnið gífurlega fórnfúst starf í þágu heyrnarusra. Hún hefur annast allar kirkjulegar athafnir í lífi heyrnarusra og verið sálu-

sorgari á erfiðum stundum. Eg hef átt því láni að fagna að fá að taka þátt í táknmálskór heyrnarusra og kynnast Miyako í leik og starfi.

Samantekt: Hervör Guðjónsdóttir. Fulltrúi í stjórn kirkju heyrnarusra



Táknmálskór sem skipaður er heyrnarusum flytur sálma á táknmáli.

Táknmálsfréttir í 27 ár

Eftir Kristinn Jón Bjarnason

Frá því að ríkissjónvarpið hóf útsendingar árið 1966 hafa heymarlausir barist fyrir betra aðgengi að þessum upplýsingamiðli. Í byrjun bauð tækni sjónvarpsins ekki upp á marga möguleika en eftir því sem tímar liðu breyttist það og því var lögð meiri áhersla á baráttu félagsins að bættu aðgengi heymarlausra að sjónvarpinu. Góð hjálp barst frá Esperantistafélaginu en á fundi Esperantistafélagsins Auroro, sem var haldinn 14. desember 1979, var samþykkt greinargerð þar sem Ríkisútvarp - sjónvarp var hvatt til þess að finna leiðir til þess að bæta aðgang heymarlausra og heymarskertra að þessum ríkismiðli. Esperantistafélagið kom með þrjár hugmyndir svo unnt væri að koma til móts við heymarlausu og voru þær á þá leið að hægt væri í upphafi hvers fréttatíma að sýna textayfirlit á skjánum, flytja á táknmáli fréttayfirlit í sjónvarpinu og að lokum að setja texta á allt íslenskt sjónvarpsefni og þá sérstaklega fræðsluþætti. Þessi greinargerð var svo kynnt félaginu og að lokum kynnt útvarpsstjóra og útvarpsráði.

Í greinargerð sinni höfðaði Esperantistafélagið til 19. greinar mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna en í henni stendur að: „Hver maður skal vera frjáls skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur slíkt frjálsræði í sér réttindi til þess að leita, taka við og dreifa vitneskju og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra“. Útvarpsráð samþykkti greinargerðina og það varð ofan á að textaður úrdráttur skyldi fylgja fréttunum. Þær útsendingar hófust síðan tæpu ári eftir að fundur Esperantista fór fram eða 1. október 1980. Fljótlega eftir að þessar útsendingar hófust var gerð könnun meðal heymarlausra hvort að textinn kæmu þeim að góða notum. Könnun leiddi í ljós að svo var ekki, textinn var of erfiður að skilja og fáir gátu því nýtt sér

hann. Félagið hóf því athugun á því hvaða aðrar leiðir voru í stöðunni til þess að mæta aðgengi heymarlausra að sjónvarpinu og átti fund með fulltrúum sjónvarpsins. Það fyrsta sem var athugað var hvort möguleikar væru á því að setja inn mynd af túlki sem myndi túlka fréttina samtímis eins og gert var í nágrannalöndunum á þessum tíma. Sjónvarpið taldi að það væri óframkvæmanlegt þar sem sjónvarpsefnið bærst oft ekki fyrir en nokkrum mínútum fyrir útsendingar og því of lítt til undirbúnings. Niðurstaðan varð því sú að fréttagrip á táknmáli þótti besti kosturinn.

Fyrsta fréttagrip á táknmáli var flutt í sjónvarpinu þann 1. nóvember 1981 og var það Vilhjálmur G. Vilhjálmsson sem byrjaði á því að bjóða gott kvöld og segja frá stjórnkosningum í Alþýðuflokknum og vegaskemmdum fyrir austan. Þar með var fyrsta skrefið tekið í átt í að veita heymarlausum betri aðgang að Ríkissjónvarpinu, sjónvarpi allra landsmanna. Í upphafi voru táknmálsfréttir fluttar kl. 19:45, en færðust síðan fram til kl. 18:50 og síðast kl. 17:50 og vara í níu mínútur á hverjum degi.

Fimm táknmálsfréttapulir eru starfandi hjá Sjónvarpinu í dag og eru þeir allir heymarlausir. Þetta eru þau Elsa G. Björnsdóttir, Guðmundur Ingason, Haukur Vilhjálmsson, Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og Trausti Jóhannesson. Þulirnir hafa unnið í táknmálsfréttum í mörg ár. Táknmálsfréttir heyrast undir Fréttastofu Sjónvarpsins. Hefðbundinn dagur táknmálsfréttapula hefst með því að mæta um einum og hálfum tíma fyrir útsendingu. Fyrst eru þulir farðaðir og því næst er farið í útsendingarstjórn og farið yfir fréttir og fréttagripnið undirbúið. Síðan flytur táknmálsfréttapulur fréttir kvöldins á táknmáli í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Þannig fá margir heymarlausir fréttir á táknmáli daglega sem skiptir þá sköpum þó ekki sé nema í 9 mínútur.



Trausti Jóhannesson í táknmálsfréttum.

Táknsmiðjan

Við sérhæfum okkur í þýðingum úr íslensku yfir á táknmál fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.

Hvort sem þú þarft að láta þýða upplýsingaefni, fræðsluefni eða barnasögur á DVD eða vefsíðu, þá erum við ávallt reiðubúin að koma til móts við þarfir þínar.

Við sjáum um grafíska hönnun.

Hafðu samband við okkur:
taknsmidjan@taknsmidjan.is

Sambýlið Lækjarási 8: Reynum að auka samfélagsþátttöku íbúa

Eftir Kristjönu Mjöll Sigurðardóttur

Sambýlið Lækjarási 8, Reykjavík, er ein af starfsstöðvum SSR. Íbúar eru alls fimm á aldrinum 33 - 53 ára, fjórir karlmenn og ein kona. Þetta er rúmlega níu ára gamalt sambýli fyrir fatlaða sem veitir einstaklingsmiðaða þjónustu. Markmið þess er m.a. að veita íbúum þann stuðning sem þeir þurfa við allar athafnir daglegs lífs. Einnig hefur verið lögð mikil áhersla á það að auka samfélagsþátttöku þeirra.

Markmið sambýlisins eru fjölbreytileg og leiðir að þeim í sífelldri endurskoðun. Það sem einkum getur haft áhrif á markmið og leiðir eru: Nýjar stefnur og straumar í málefnum fatlaðra, aldur (öldrun) íbúa, fjármagn til rekstursins, starfsmannafjöldi og hæfni starfsmanna, samfélagsleg viðhorf og tækifæri íbúa til félagslegrar þátttöku. Allir íbúarnir eru heyrnalausir og með einhverfu auk þess sem einn íbúi er líka blindur. Skerðing þeirra er fágæt og veldur mikilli einangrun. Þekking og sérhæfni starfsmanna er því mikilvægur liður í að gera íbúunum kleift að eiga sem eðlilegast líf. Heyrnaleysið veldur því að fólk getur ekki nýtt sér talmál til daglegra samskipta. Einhverfan hefur áhrif á málþroska og samskipti við annað fólk. Fólk með einhverfu á líka erfitt með að tjá hugsanir sínar og tilfinningar og það sér frekar smáatriði en heildina.

Á uppvaxtarárum sínum áttu íbúar sambýlisins hvorki kost á daglegri skólagöngu né sérhæfðum úrræðum vegna einhverfu og heyrnaleysis. Táknmál var ekki talað í daglegu umhverfi þeirra. Það gerði þau mállaus og hefti þau í því að tjá vilja sinn og langanir. Við stofnun sambýlisins var rík áhersla lögð á að fá táknmálstalandi starfsfólk til starfa og skapa þannig táknmálsskilyrði til þess að auka táknmálsskilning og táknmálssnotkun íbúa.

Þeir sem eru bestir í táknmáli eru að sjálfsögðu Döff sjálfir. Á þessum tíma var nokkuð um atvinnuleysi á meðal Döff og var opnun sambýlisins einnig liður í að draga úr atvinnuleysi þeirra. Fjölmargin Döff sóttu um vinnu og voru margir ráðnir. Döff hafa alltaf verið í meirihluta starfsmanna sambýlisins. Alls hafa um og yfir 20 Döff einstaklingar unnið á sambýlinu um lengri eða skemmri tíma.

Það er gaman að segja frá því að það hefur haft afar jákvæð áhrif á líf íbúa að hafa táknmálstalandi starfsmenn hvort sem þeir eru heyrandi eða Döff. Að sumu leyti var það ákveðin bylting fyrir Döff að vinna á vinnustað þar sem Döff voru í meirihluta og yfirmaðurinn talaði táknmál. Það er visst frelsi fólgið í því fyrir Döff eins og alla aðra að geta haft samskipti á jafnréttisgrunni á vinnustað. Það er ekki nóg að kunna bara táknmál og vera góður við ömmu sína, eins og einn starfs- umsækjandi taldi vera sitt aðalsmerki, til þess að vinna á sambýlinu. Það þarf vissulega að hafa ýmislegt annað til brunns að bera, en auðvitað eiga allir að vera góðir við ömmur sínar! Þrátt fyrir áhersluna sem lögð er á táknmál heyrnalausra á sambýlinu þá eru allar leiðir til samskipta nýttar eins og t.d. snertitákn, ljósmyndir og ýmsar samskiptamyndir. Skilaboð til íbúa þurfa að vera skýr og afdráttarlaus til þess að öllum líði vel.

Sambýlið er heimili nokkurra einstaklinga og vinnustaður annarra. Þetta er flókin samsetning og mikilvægt er að friðhelgi einkalífs íbúa og fagleg vinnubrögð séu í hávegum höfð. Mikilvægt er að þarfir heimilismanna og starfsmanna

fari saman. Vinnustaðamennin og hugur starfsmanna getur haft sterk mótandi áhrif á allt innra starf og daglegt líf íbúanna. Starf á sambýlinu er í senn krefjandi og gefandi. Starfsmenn eru með íbúum í gleði og sorg á nóttu sem nýttum degi. Það kemur í þeirra hlut að vera með íbúum í aðstæðum þar sem aðrir þjóffélagsþegnar eru með fjölskyldu, vinum eða samstarfsmönnum. Þegar íbúar geta ekki tjáð sig um eigin líðan og þarfir þá skipta næmni og þekking starfsmanna sköpum fyrir einstaklinginn. Starfsmenn þurfa að geta sett sig í spor annarra og geta sýnt ríka samkennd með náunganum. Mikilvægt er að takast á við starfið fordómalaust og með opnum huga. Af þessu má vera ljóst að það er heilmikil ábyrgð fólgin í því að vinna á sambýli þó svo að það sé viðtekin skoðun í okkar þjóf- félagi að einungis þeir sem ráði yfir miklu fjármagni gegni ábyrgðarstörfum.

Í öllum samfélögum eru jaðarhópar (fatlaðir, fólk af öðrum kynþætti, fólk með önnur trúarbrögð, samkynhneigðir o.s.frv.). Bein og óbein skilaboð samfélagsins eru þau að ekki sé æskilegt að tilheyra jaðarhópum. Það getur verið flókið og erfitt hlutskipti að vera ekki í



Kristjana Mjöll Sigurðardóttir forstöðumaður sambýlisins.

„norminu“ þó svo að „normið“ sem slíkt hafi kannski aldrei verið skilgreint, fyrirfinnst ekki og sé einber sértekning. Íbúar sambýlisins í Lækjarási 8 eru jaðarhópur innan fatlaðra sem er í raun margflókin staða. Sem slíkt hafa þau fundið fyrir því að passa ekki sem skyldi inn í þær aðstæður sem þau eru

sett í. Á stundum sem slíkum reynir hvað mest á starfsmenn. Þegar á heildina er litið hafa árin níu í Lækjarási 8 gengið vel. Heyrandi og Döff hafa sýnt það og sannað að þeir geti unnið saman á jafnréttisgrunni að góðu málefni þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og menningu.



Íbúar og starfsfólk sambýlisins að Lækjarási.

Heyrnarhjálp – félag heyrnarskertra á Íslandi: Texti á íslenskt sjónvarpsefni – sameiginlegt hagsmunamál!

Eftir Málfríði Gunnarsdóttur

Félagið Heyrnarhjálp var stofnað 14. nóvember 1937 og er því 70 ára. Markmið félagsins var þá að flytja inn og selja heymartæki, en á þeim tíma voru heymartæki ekki til á Íslandi. Að félaginu stóðu læknar og aðrir sigldir menn, sem höfðu kynnst því í útlöndum að heymarskert fólk fengi hjálp með notkun þessara tækja. Tækin voru stór og mögnuðu öll hljóð jafnt og þau voru tæknilega mjög ófullkomin miðað við það sem við þekkjum í dag. Eigi að síður var þetta mikil bylting fyrir heymarskert fólk.

Starfsemin vatt upp á sig og í hartnær 30 ár var Félagið Heyrnarhjálp eitt um að veita þjónustu til heymarskertra hér á landi. Frá upphafi og allt til dagsins í dag hefur Heyrnarhjálp rekið þjónustuskrifstofu í Reykjavík. Félagsmenn og aðrir, sem þjónusta okkar nýtist, geta komið til okkar og fengið aðstoð og ráðleggingar um heymarskerðingu og önnur skyld mál. Heyrnarhjálp lagði grunninn að þeirri starfsemi sem síðar fluttist yfir á Heyrnar- og talmeinastöð. Við náðum samningum við sjúkratryggingar um niðurgreiðslur á heymar- og hjálpartækjum að norrænni fyrirynd og við sinntum landsbyggðinni með reglubundnum ferðum út á land.

Lög um Heyrnar- og talmeinastöð voru samþykkt 1978 og samkvæmt þeim lögum var engum öðrum en HTÍ heimilt að sjá um mælingar, úthlutun eða sölu á heymartækjum fyrir heymarskerta og heymarlaustra. Þannig var það þangað til 2001 en það ár opnaði fyrsta einkarekna fyrirtækið heymarstöð í Reykjavík, samkvæmt heimild í nýjum lögum. Nú eru einkarekin fyrirtæki sem sinna heymarskertum þrjú talsins. Við breytinguna 1978 lagði Heyrnarhjálp niður alla sölu á heymartækjum, en hélt áfram með minni hjálpartæki, einkum þau sem ekki voru niðurgreidd af hinu opinbera. Á seinni árum hefur hjálpartækjum á niðurgreiðslulistu HTÍ sem betur fer fjölgað og hefur Heyrnarhjálp lagt meiri áherslu á að kynna þau hjálpartæki sem til eru en að selja þau og höfum við einstaka sýnishorn sem fólk getur prófað til að átta sig betur á hvernig tækin virka. Við erum

með afsláttarsamninga við nokkra seljendur. Við seljum enn tæki sem notuð eru til að mæta þörfum heymarskertra utan einkaheimila, eins og tónmóskva í sali og kirkjur o.fl. Heyrnarhjálp er hagsmuna- og baráttufélag, sem er opið öllum sem hafa áhuga á velgengni og réttindamálum heymarskertra. Innan félagsins starfa bæði þeir sem fæddir eru heymarskertir og þeir sem hafa misst heyrn seinna á ævinni, að hluta eða alveg, svo og foreldrar og venslamenn. Innan okkar vébanda er einnig fólk sem er með eyrnasuð, sem sífellt fleiri þjást af hér sem og annars staðar. Önnur vandamál er snerta heymarlíffærin eins og Méniéres sjúkdómurinn kemur líka inn á okkar borð og er þess skemmst að minnast að við ásamt HTÍ buðum upp á áhugaverðan fyrirlestur um sjúkdóminn í júní s.l. Við eigum svo kallað Meniett tæki, sem dregur að nokkru úr einkennum sjúkdómsins og er það lánað út í samvinnu við háls-, nef- og eyrnalækna. Í Heyrnarhjálp eru um 550 félagsmenn í dag. Þeim fjölgaði mikið um og upp úr árinu 2000, en auðvitað þurfa félagsmenn að verða miklu fleiri. Starfsmenn eru tveir og báðir í hlutastarfi. Við förum út í það stóra verkefni á afmælisári að skipta um húsnæði. Við höfum nú komið okkur vel fyrir á Langholtsveginum, en húsnæðið var hannað til að gefa möguleika á fjölbreyttari starfsemi, hag-

kvæmari rekstri og samnýtingu með öðrum. Nú leitum við að góðum samstarfsaðilum til að vera með okkur í þessu glæsilega og bjarta húsnæði. Húsnæðið er á 1. hæð, næg bílastæði og aðgengi til fyrirmyndar. Við væntum góðs af breyttum aðstæðum, en hin síðari ár höfum við lagt aukna áherslu á fræðslu og upplýsingaþjónustu. Fréttabréfið og heimasíðan eru burðarásar í því starfi og auk þess höldum við fræðslufundi og ráðstefnur af og til. Baráttumálin eru að sjálfsögðu mörg og eru aðgengismálin þeirra veigamest. Við viljum að túlkunarmál heymarskertra og heymarlaustra verði endurskoðuð, reglur samræmdar og túlkunarmála gerð notendavænni. Hver einstaklingur á að geta valið á milli túlkunarforma eftir því hvað viðkomandi telur henta sér í hverju tilfalli, en það þykir sjálfsögð réttur heymarskertra/laustra á Norðurlöndum og víðar. Textun sjónvarpsefnis er stórt hagsmunamál sem hefur þokast rétta leið á undanförunum árum. Mjög brýnt er að fá úrlausn fyrir eyrnasuðspolendur. Heyrnarhjálp tekur þátt í norrænu samstarfi. Þemadagur NHS (norræn samtök heymarskertra) var haldinn á Íslandi á síðasta ári. Fjallað var um skólamál heymarskertra og buðum við íslenskum frammámönnum í skólamálum heymarskertra til þemadagsins. Eins erum við aðilar að NAS (Nor-



Málfríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri félags Heyrnarhjalpar.

disk audiologísk selskab). Í júní 2008 verður næsta NAS ráðstefna haldin í Reykjavík. Áhugaverð ráðstefna með íslenskum og erlendum fyrirlesurum og viðamikilli tækjasýningu sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Við vinnum innan ÖBÍ og eins höfum við átt gott samstarf við Landlækniseimbættið, Heyrnar- og talmeinastöð, Félag heymarlaustra, foreldrafélagið, eldri borgara o.fl. um ýmis málefni. Félag heymarlaustra og Heyrnarhjálp eru tvö hagsmunafélög sem bæði sinna fólki með heymarfötlun. Sá grundvallarmunur er á, að annar hópurinn hefur að jafnaði íslensku að móðurmáli en hinn táknmál.

Þrátt fyrir þennan mun er enginn sem segir að við getum ekki unnið vel saman og stutt hvert annað. Það sem við verðum að vera sammála um er, að virða rétt einstaklinganna allra og mismunandi þarfir þeirra. Vissulega höfum við tekið höndum saman um ýmis mál. Textunarmálin eru gott dæmi um það. Höldum áfram á þessari braut, því samtaka náum við betri árangri og vinnum þar með betur fyrir alla þá sem lifa með heymarfötlun. Velliðan, lífsgæði og þjóðfélagsþátttaka byggir á góðu aðgengi allra að samfélaginu.

Málfríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Heyrnarhjalpar



Boðið upp á veitingar að loknum aðalfundi. Fremst á myndinni er fráfarandi formaður Guðjón I. Stefánsson og nýkosinn formaður Halla B. Þorkelsson.

Leiklistarnám í Danmörku sumarið 2007



Hópurinn í náminu.

Norðurlöndin hafa öll átt við sama vanda að etja í mörg ár, hvernig hefur verið boðið upp á B.A. nám í leiklist fyrir heymarlausa, þrátt fyrir að atvinnuleikhús séu til staðar í Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi auk áhugaleikhúsa í Danmörku og Noregi. Heymarlausir leikarar hafa því átt erfitt uppdráttar og þurft að mennta sig smátt og smátt í starfinu sjálfu, farið á námskeið, reynt að lesa sér til og fengið leiðsögn frá öðrum atvinnuleikurum sem hafa unnið með heymarlausum að uppsetningum á sýningum á Norðurlöndunum í gegnum tíðina. Þessi sameiginlegi vandi varð til þess að stofnaður var sérstakur skóli fyrir heymarlausa norðurlandabúa í leiklist, og við vorum því ansi glöð þegar þetta varð loks að veruleika og boðið var upp á nám sem gefur einingar upp í B.A.

Við fórum tvær frá Íslandi til Danmerkur í Odsherred theaterschool sem er upp í sveit í um tveggja tíma akstri frá Kaupmannahöfn. Dvölin þar var í alla staði frábær. Stunda-



Elsa G. Björnsdóttir og Kolbrún Völkudóttir.

taflan var yfirdrifuð, við byrjuðum klukkan 7 á morgnanna og vorum á fullu til klukkan 9 á kvöldin. Við sóttum tíma í líkamsleik, látbragðsleik, leiklist, dans, tónlist, öndun og slökun, lærðum rythma og hlustuðum á fyrirlestra, auk þess sem við lærðum að vinna með táknmál á sviði, lásam Shakespeare og settum upp sýningar í lokin, sumir sýndu í hóp og aðrir einir. Alla vikuna gengum við fyrir orku sem verður ekki útskýrð öðruvísi en að allir voru mjög námsþyrstir og því meira sem við lærðum því meiri lærdóm þyrsti okkur í. Þörfin er greinileg og vonandi mun þessi skóli halda áfram að fá fjármagn svo þessi hópur klári B.A. Það mun taka langan tíma því fjármagn hefur ekki verið auðvelt að fá og ómögulegt að segja til um hvenær næsta námskeið verður haldið. Vonandi þó sem allra fyrst, því allir ættu að geta menntað sig í því starfi sem þau sinna.

Elsa G. Björnsdóttir og Kolbrún Völkudóttir

Tinna táknmálsálfur kennsluefni fyrir fyrstu bekki grunnskóla

Eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur og
Brynju Hrönn Jónsdóttur

Tinna táknmálsálfur er hugsuð sem grunnefni í táknmáls-kennslu. Markmið kennslunnar er að börn læri tákn fingrastaf-rófsins á sama tíma og þau læra íslenska stafrófið í skólan-um. Nú í haust hófst tilrauna-verkefni í grunnskóla í Reykjavík með Tinna táknmálsálf og lofar það góðu. Gaman er að sjá hvað börnin eru áhugasöm og fús að vinna verkefni.

Hugmyndin að Tinna kviknaði fyrir löngu. Okkur fannst sárt að sjá að í mörgum leikskólum er verið að kenna börnum tákn með tali og þau læra ekki réttu táknin. Það er synd að vera að eyða tíma í eitthvað sem er ekki rétt. Okkur langaði því að koma táknmálinu að hjá börnunum og kynna þeim fyrir fallegu máli.

Tinna táknmálsálfur hefur verið í vinnslu í töluverðan tíma. Nokkur tími fór í að hugsa hvernig best væri að koma námsefninu til skila. Á endan-um var ákveðið að hafa þetta litabók, þar sem börnin sjálf myndu lita myndirnar sem fylgja táknunum.

Á hverri opnu er mynd af álfi og handform stafsins ásamt tveimur myndum sem fylgja tákninu, samanber J - jarðarber og jólatré. Börnin læra þá að segja J og þessi tvö tákn. Einnig fá þau blað þar sem allt fingrastafrófið er og þurfa þau að klippa út viðeigandi staf í hvert skipti og líma í þar til gerðan reit. Einnig verður börnunum sýnt hvernig eitt handform getur breyst í




mörg mismunandi tákn með því einu að breyta um stöðu hand-arinnar eða handleggisins. Í fyrstu kennslustundinni er sagan af Tinna táknmálsálf lesin fyrir börnin og þetta gert að svolitlu ævintýri. Tinna mun síðan fylgja börnunum í gegnum námið með skemmtilegum hætti, t.d. með bréfum sem berast frá henni til barnanna.

Með bókinni fylgir kennarabók og DVD diskur þar sem heyrnarlaus kona gerir stafinn og táknin tvö fyrir hvern staf. Það á að vera hægt að nota diskinn sem upprifun fyrir börnin.

Höfundar Tinna táknmálsálfs eru Laila Margrét Arnþórsdóttir, ráðgjafi hjá Félagi heyrnarlausra og Brynja Hrönn Jónsdóttir, BA. Í táknmálsfræði og táknmáls-túlkur. Allar myndirnar eru í höndum Silviu V. Björgvinsdóttur myndlistarkonu og kennara. Handformin voru fengin hjá Félagi heyrnarlausra.

Gaman verður að fylgjast með Tinna táknmálsálfi þróast í framtíðinni. Nú þegar hafa kviknað fleiri hugmyndir þar sem Tinna táknmálsálfur kennir börnunum frekara táknmál.



Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra



Héðinn Schindler lyftur hf,
Lyngási 8
Kjarnavörur hf, Miðhrauni 16
Loftorka Reykjavík hf, verktafi,
Miðhrauni 10
Rafal ehf, Miðhrauni 22
Raftækniþjónusta Trausta ehf,
Lyngási 14
Sportís ehf, Austurhrauni 3
Uppfylling ehf, Hofslundi 1
Val- Ás ehf, Suðurhrauni 2
Verkhönnun - Tæknisalan ehf,
Kirkjulundi 13
Verslunin 10 - 11, Lyngási 17
Vistor hf, Hörgatúni 2

Hafnarfjörður

Ás, fasteignasala ehf,
Fjarðargötu 17
Batterið ehf, Trönuhrauni 1
Bergsteinn hf, Skútuhrauni 2a
Bilaverk ehf, Kaplahrauni 10
Byggingafélagið Kambur ehf,
Hólshrauni 2
Byggingafélagið Sandfell ehf,
Reykjavíkurvegi 66
Dalakofinn sf, Fjarðargötu 13-15
Dverghamrar ehf, Lækjarbergi 46
E.S. vinnuvélar ehf, Ölduslóð 32
Englasteinar ehf, Helluhrauni 10
Fiskverkunin Björg ehf,
Eyrartröð 18
Fínþússning ehf, Rauðhelli 13
Gaflarar ehf Rafverktakar,
Lónsbraut 2
Haglinn hf, Reykjavíkurvegi 66
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Heiðar Jónsson, járnsmíði,
Skútuhrauni 9
Hella ehf, málmsteypa,
Kaplahauni 5
Hempill ehf, Lækjargata 32
Hlaðbær-Colas hf, malbikunar-
stöð, Hringhelli 6
Hrafnistuheimilin
Ísrör ehf, Hringhelli 12
Jón I. Garðarsson ehf,
Klausturhvarmur 13
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir,
Bæjarhrauni 2
Klæðning ehf, Reykjavíkurvegi 68
Lyng ehf, Strandgötu 43
Nýsir hf, Reykjavíkurvegi 74
Pappír hf, Kaplahrauni 13
Rafgeymasalan ehf, verkstæði,
Dalshrauni 17
Rafholt ehf, Blómvöllum 6
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Snittvélin ehf, Brekkutröð 3
Stálskip ehf, Trönuhrauni 6
Steypastál ehf, Drangahrauni 4
Sýningarljós síf, Klettagötu 12
Tannlæknastofa Ágúst J. Gunn-
arssonar sf, Reykjavíkurvegi 66
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar,
Strandgötu 32
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64
Viðhald og nýsmíði ehf,
Helluhrauni 2
Viðhaldsvirkni ehf, Fossháls 23
www.gardyrkjan.is, Helluhrauni 4

Bessastaðahreppur

Garðasteinn ehf, Blikastíg 10
Verslunarfélagið Emerald ehf,
Norðurtún

Reykjanesbær

Bílahornið hjá Sissa,
Brekustíg 38
Bílaeiga J & S, Bolafótur 9
DMM Lausnir ehf, lðavöllum 9b
Efnalaug Suðurnesja - BK-hreins-
un ehf, lðavöllum 11b
Eignamiðlun Suðurnesja,
Hafnargötu 17
Fagtré ehf, Suðurgarði 5
Gæfusmiðurinn ehf, Heiðarvegi 6
Hitaveita Suðurnesja,
Brekustíg 36
Íslenska félagið ehf, lðavelli 7a
Málverk sf, Skólavegi 36
Reiknistofa fiskmarkaða hf,
lðavöllum 7
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samkaup hf, Hafnargötu 62
Skipting ehf, Grófinni 19
Slakki ehf, Stekkjargötu 51
Sparisjóðurinn í Keflavík,
Tjarnargötu 12-14
Toyota Reykjanesbæ,
Njarðarbraut 19
Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis,
Hafnargötu 80
Verkfræðistofa Njarðvíkur,
Brekustíg 39
Verkfræðistofa Suðurnesja hf,
Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja,
Vatnsnesvegi 14
www.ork.is, Frístundar og heils-
árshús

Grindavík

Eldhamar ehf, Suðurrhópi 10
Smíðshöggvið ehf, Túngötu 16
Vísir hf, Hafnargötu 16
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Sandgerði

Gróðrarstöðin Glitbrá ehf Sand-
gerði, Norðurtún 5
Kvenfélagið Hvöt
Nonni GK-129, Glaumbær
Verk- og tölvuþjónustan ehf,
Holtsgötu 24

Garður

Sveitarfélagið Garður,
Sunnubraut 4

Mosfellsbær

Ás pípulagnir ehf, Reykjabyggð 8
Byggingarfélagið Baula ehf,
Arkarholti 19
Global - tæki ehf, Flugumýri 28
Guðmundur S. Borgarsson ehf,
Skeljatanga 4
Hellur og Gras ehf, Hulduhlíð 10
Kjósahreppur www.kjos.is
Kvenfélag Kjósahrepps
Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20

Akranes

Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarson-
ar, Dalbraut 6
Borgdal ehf, Kjalardal
Byggðasafn Akraness, Görðum
Byr AK-120
GT Tækni ehf, Grundartanga
Pípulagningabjónustan ehf,
Kalmansvöllum 4a
Runólfur Hallfreðsson ehf,
Krókatúni 9
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar,
Kirkjubraut 28

Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra



Smurstöð Akraness sf,
Smíðjuvöllum 2
Stafna á milli ehf, Kirkjubraut 56
Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24
Verslunin Bjarg ehf, Stilholti 14
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar
ehf, Smíðjuvöllum 10
Viðskiptaþjónusta Akraness ehf,
Stilholti 23
Vignir G. Jónsson hf,
Smíðjuvöllum 4

Borgarnes

Borgarverk hf, vinnuvélar,
Sólbakka 17-19
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf,
Böðvarsgötu 11
Dvalarheimili aldraðra Borgar-
nesi, Borgarbraut 65
Efnalaugín Múlakot,
Borgarbraut 49
Félagsbúið Mófellsstöðum sf,
Mófellsstöðum
Golfklúbbur Borgarness, Hamri
Hreðavatnsskáli
Jörvi hf, vinnuvélar, Hvanneyri
Loftorka Borgarnesi ehf,
Engjaási 1
Skorradalshreppur, Grund
Sparisjóður Mýrasýslu,
Digranesgötu 2
Stafholtsprestakall, Stafholti
Vélabær hf bíla- og búvélaverk-
stæði, Andakílhreppi
Vélaverkstæði Kristjáns ehf,
Brákarbraut 20
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf,
Húsafelli 3

Stykkishólmur

Sæferðir ehf, Smíðjustíg 3

Grundarfjörður

Hrannarbúðin sf, Hrannarstíg 5
Höskuldur Reynir ehf,
Borgarbraut 2

Ólafsvík

Sverrisútgerðin ehf,
Túnbrekku 16
TS Vélaleiga, Stekkjarholti 11
Þorgrímur Benjamínsson, Hjalla-
brekku 5

Snæfellsbær

Búðakirkja, Kálfárvöllum

Hellissandur

Nónvarða ehf, Bárðarási 6
Þorgeir Ámason ehf, Háarifi 27

Reykholahreppur

Reykholahreppur, Reykhólmur

Ísafjörður

Bæjar- og héraðsbókasafnið,
Eyratúni
Gamla bakaríð ehf,
Aðalstræti 24
Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar,
Sindragötu 14
Ís 47 ehf, Fagraholti 3
Kjölnur ehf, Urðarveg 37
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24
Myndás, ljósmyndastofa,
Aðalstræti 33
Tréver sf, Hafraholti 34

Þróstur Marsellíusson ehf,
Hnífsdalsveg 27

Bolungarvík

Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5

Súðavík

Súðavíkurhreppur,
Grundarstræti 3

Patreksfjörður

Albína, Aðalstræti 89
Vesturbyggð, Aðalstræti 63

Tálknafjörður

Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37
Miðvík ehf, Túngötu 44

Þingeyri

Brautin sf, Vallargöru 8

Staður

Bæjarhreppur, Bæ II

Hólmavík

Kaupfélag Steingrímsfjarðar,
Höfðagötu 3

Kjörvogur

Hótel Djúpavík ehf, Árneshreppi

Hvammstangi

Egill Gunnlaugsson, dýralæknir,
Hvammstangabraut 26
Heilbrigðisstofnunin Hvamms-
tanga, Spítalastíg 1

Blönduós

Húnavatnshreppur, Húnavöllum
Krákur ehf, Melabraut 21
Vélsmiðja Alla ehf, Efstabraut 2

Skagaströnd

Kvenfélagið Hekla
Trésmiðja Helga Gunnarssonar
ehf, Mánabraut 2

Sauðárkrókur

Bókhaldsþjónusta KOM ehf,
Víðihlíð 10
Fisk - Seafood hf, Eyrarveg 18
Kaufélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Steypustöð Skagafjarðar,
Skarðseyri 2
Sveitarfélagið Skagafjörður,
Faxatorgi 1
Verslun Haraldar Júlíussonar,
Aðalgötu 22

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
Álftagerðisbræður ehf, Álftagerði
Lambeyri ehf, Lambeyri

Siglufjörður

Dúfan SI 130
Egilssíld ehf, Gránugötu 27
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði,
Hvanneyrarbraut 37-39
Jóhannes Egilsson,
Lækjargötu 13

Akureyri

Akureyrarkirkja, Eyrarlandsvegi
Alþjóðahúsið á Akureyri,
Skólastíg 2
Arnarfell ehf, Sjafnarnesi 2-4
Ásbyrgi - Flóra ehf, Frotagötu 2a

Baugsbót sf, bifreiðaverkstæði,
Frostagötu 1b

Blindraíðn KT, Oddeyrargötu 4b
Búsetudeild Akureyrarbæjar,
Geislögötu 9

Fasteignasalan Holt,
Strandgötu 13

Félag málmíðnaðarmanna Akur-
eyri, Skipagötu 14

Félagsbúið Hallgilsstöðum,
Hallgilsstöðum

Fjórdungssjúkrahúsið á Akureyri,
Eyrarlandsvegi

Girðingarpjónustan Litluhlíð ehf,
Litluhlíð

Ísgát ehf, Lónsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b

Lögmannshlíð lögfræðipj. ehf,
Glerárgötu 36

Miðstöð ehf, Draupnigötu 3g
Norðurorka hf, Rangárvöllum

Parið sf, tískuverzlun,
Brekugötu 3

Passion ehf, Hafnarstræti 88

Raf & Tækni ehf, Kaldbaksgötu 4

Raflampar ehf, Óseyri 4

Raftákn ehf, Glerárgötu 34

SJBald ehf, Grýtubakka 1

Sjógmannablaðið Víkingur,
Bygðarvegur 101 b

Tannlæknastofa Árna Páls
Halldórssonar, Mýrarvegi

Tölvís sf, Kaupangi við Mýrarvegi

Verkval ehf, Miðhúsavegi 4

Vélsmiðjan Ásverk ehf,
Grímseyjargötu

Virgni ehf, Lyngholti 28

Ösp sf, trésmiðja, Furulundi 15f

Grenivík

Jói ehf, Melgötu 8

Grimsey

Sigurbjörn ehf, útgerð, Öldutúni 4
Sæbjörg ehf, Efri Sandvík

Dalvík

Dalvíkurbyggð, Ráðhúsinu v/
Garðabraut
Gistihús Ytri-Vík, Ytri Vík, Ár-
skógsströnd
S.Ó.skálinn ehf, Hafnarbraut 24
Tréverk ehf, Dalvík,
Grundargötu 8-10

Ólafsfjörður

Freymundur ÓF-006

Hrísey

Eyfar ehf, Austurvegi 3

Húsavík

Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðars-
braut 66
Fatahreinsum Húsavíkur sf,
Túngötu 1
Lindi ehf, Ketilsbraut 13
Sigurjón Benediktsson, tannlækn-
ir, Auðbrekku 4

Laugar

Norðarpóll ehf, Laugabrekku
Reykjadal

Mývatn

Jón Ámi Sigfússon, Víkurnesi
Kvenfélag Mývatnssveitar
Vogar, ferðaþjónusta, Vogum

Kópasker

Borgartangi ehf, Boðagerði 13

Raufarhöfn

Önundur ehf, Aðalbraut 41a

Egilsstaðir

Bílamálun Egilsstöðum ehf,
Fagradsalsbraut 21-23
Dagskráin Austurlandi,
Miðvangi 1
Egilsstaðakirkja, Laugavöllum 19
Héraðsskjalasafn Austfirðinga,
Laufskógum 1
Hraðbúð ESSO www.khb.is,
Kaupvangi 6
Malavinnslan hf, steinefnaidnað-
ur, Miðási 11
Sentrum ehf, Kaupvangi 3a
Verkfræðistofa Austurlands ehf,
Kaupvangi 5

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður,
Hafnargata 44
Seyðisfjarðarkirkja, Bjölfsgötu 10

Reyðarfjörður

Hólmar, húsgagnaverslun ehf,
Austurvegi 29

Eskifjörður

Eskja hf, Strandgötu 39
Tanni ferðaþjónusta ehf,
Strandgötu 14

Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10
Tölvusmiðjan ehf, Nesgötu 7

Fáskrúðsfjörður

Fáskrúðsfjarðarkirkja
Loðnuvinnslan hf, Skólavegi 59

Breiðdalsvík

Héraðsdýralæknir Austurlands-
dæmis syðra, Ásvegi 31

Höfn í Hornafirði

Jökulsárlón ehf, Kirkjubraut 7
Sambýlið Hólabrekka, Hólabrekku
Skinney - Þinganes hf, Krossey
Þratarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss

Bílasala Suðurlands ehf,
Fossnesi 14
Búnaðarfélag Grafningshrepss,
Villingavatni
Bústaðasmíðjan ehf, Syðri-Brú
Byggingarfélagið Árborg ehf,
Bankavegi 5
Fossvélar ehf, Hrísmýri 4
Hólmar Bragi Pálsson, Minni-Borg
Hrauneyjar - Hótel Háland
Icecool á Íslandi ehf, Lóurima 12
Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
Línusamlökur, Gagnheiði 67
Nátthagi, garðplöntustöð, Ólfusi
Nesey ehf, Suðurbraut 7
Gnúpverjareppi
Pípulagnir Helga ehf,
Baugstjörn 17
Plastiðjan ehf, Gagnheiði 17
Ræktunarsamband Flóa og
Skeiða, Gagnheiði 35
Set ehf, plaströversmiðja,
Eyravegi 41

Skeiðahreppur og Gnúpverja-
hreppur, Ánesi
Stokkar og steinar sf, Árbæ 1
TAP ehf, Eyrarveg 55
Veitingastaðurinn Menam,
Eyrarveg 8
Verkfræðistofa Guðjóns,
Austurvegi 44
Verkfræðistofa Suðurlands ehf,
Austurvegi 3-5

Hveragerði

Eldhestar ehf, Völlum
Hamrar ehf, plastiðnaður,
Austurmörk 11
Hveragerðiskirkja, Bröttuhlíð 5
Tölvutak ehf, Sunnumörk 2

Þorlákshöfn

Fagus ehf, Unubakka 18-20
Fölvir ehf, Óseyrarbraut
Grunnskólinn í Þorlákshöfn,
Egilsbraut 35
Sveitarfélagið Ölflus,
Hafnarbergi 1
ÖJ- Arnarson ehf www.trukkur.is,
Eyjaraun 6

Eyrbakkí

Héraðssjóður Árneshreppsdæm-
is, Túngötu 20
Stálverk ehf, Álfsstétt 5

Stokkseyri

Kvenfélag Stokkseyrar

Laugarvatn

Ásvélar ehf, Hrísholti 11

Hella

Kvenfélagið Sigurvon
Vörfell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Búaðföng, Stórolfsvelli
Félag íslenskra bifreiðaeiganda,
Stóragerði 3
Holtsprestakall, Holti
Ingibjörg Marmundsdóttir,
Norðurgarði 8
Krappi ehf, byggingaverktakar,
Ormsvöllum 5

Vík

Mýrdalshreppur, Austurvegi 17

Kirkjubæjarklaustur

Landbúnaðar og byggingarvörur,
löjuvöllum 3

Vestmannaeyjar

Eyjabúð, Strandvegi 60
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Grunnskóli Vestmannaeyja,
Skólavegi 38-40
Ísfélag Vestmannaeyja hf,
Strandvegi 28
Karl Kristmanns, umboðs- og
heildverslun,
Ofanleitisvegi 15-19
Sjómannafélagið Jötunn,
Skólavegi 21b
Skattstofa Vestmannaeyja,
Heiðarvegi 15
Skýlið, Friðarhöfn
Vélaverkstæðið Þór ehf,
Norðursundi 9

intrum  justitia

ÍSLENSK  ERFÐAGREINING

Logaland
Lækningatæki

 **GLERBORG**
Dalshrauni 5 220 Hafnarfirði Sími 565 0000

 **HAPPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings

 **brimborg**
Öruggur staður til að vera á

 **Málningarpjónustan**
ALHLIÐA MÁLNINGARÞJÓNUSTA
Tilboð - Tímavinna - Greiðslukjör
892 9109

 **Marel**


PERLAN

 **SPARISJÓÐURINN**


TOYOTA

75 ára |  **spron**

ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

 **VÉLFANG**


Húsanés
HN


BÓNUS


LÝSING


Iceland Travel


ÁRDEGI


B&L


ÍSFUGL
Sími: 566 6103 www.isflugl.is



Dagskrá

Laugardagur 22. september

Kl. 11.00 Gengið frá Hlemm niður á Ingólfstorg

Askja – náttúrufræðihús Háskóla Íslands, fyrirlestrarsalur N 132, Vatnsmýravegi

Kl. 12.30 Salurinn opnar

Kl. 13.00 Fundarstjóri opnar dagskrá með ræðu

Kl. 13.10 Mannréttindarsáttmáli Sameinuðu þjóðanna og athygli vakin á menntun heyrnarlausra á öllum aldri

Kl. 13.30 Nokkrir einstaklingar segja frá þeirri menntun sem þau hlutu.

Kl. 14.00 Hlé

Kl. 14.20 Stutt samantekt um menntunarsögu heyrnarlausra áður fyrr og möguleika heyrnarlausra í framtíðinni

Kl. 14.40 Kynning á SignOn verkefninu

Kl. 15.10 Umræður og spurningar

Kl. 15.40 Kaffi

Minni salur fyrir börn og unglunga:

Kl. 13.00 Kynning – leikurinn Ísbrjótur

Leiklistarworkshop

Frjálst, t.d. teiknihorn, spjallhorn, vídeóhorn

Allir eru velkomnir

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar

